GUNNLAUGUR BRAGI BJÖRNSSON

*Naut gestrisni fátækrar fjölskyldu*

• ferðir

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS




BADDI Í JEFF WHO?

*Flott kynningarpartí fyrir íslenska tónlist*

Leikari úr Grey's Anatomy meðal gesta í LA

FÓLK 30









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

29. apríl 2009 — 101. tölublað — 9. árgangur | MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI | Sími: 512 5000


## MIÐVIKUDAGUR

### Friður og vinátta



Alþjóðlegi dansdagurinn er haldinn hátíðlegur um allan heim í dag.

TÍMAMÓT 18

### Sköllóttum fjölgar



Tryggvi Þór Herbertsson einn þriggja sköllóttra nýliða á Alþingi.

FÓLK 30

### Vinnur að sólóplötu

Hallvarður Þórsson er dauðvona en ætlar að ljúka við fyrstu plötu sína áður en hann kveður.

FÓLK 30

### Markalaust í Barcelona



Chelsea og Barcelona skildu jöfn í fyrri leik liðanna í undanúrslitum Meistaradeildarinnar.

ÍÞRÓTTIR 26

## VEÐRIÐ Í DAG




**HLÝTT** Í dag verður stíf suðaustan átt 8-15 m/s hvassast suðvestan til. Rigning suðaustanlands, hætt við vætu sunnan og vestan til annars þurrt og léttskýjað fyrir norðan. Hiti allt að 17 stigum hlýjast nyrðra.

VEÐUR 4

# Íslenskt forrit gegn flensunni

**Sameinuðu þjóðirnar fá í dag íslenskan hugbúnað til að samræma starf þeirra sem stýra aðgerðum gegn svínaflensunni í Mexíkó. Tveir Íslendingar bíða læknisskoðunar. Landlæknir varar við ferðum til Mexíkó.**

**HEILBRIGÐISMÁL** „Við erum á fullu að vinna í því að setja gáttina upp og fara að vinna gegn svínaflensunni í Mexíkó,“ segir Magnús Ingi Stefánsson, verkefnastjóri hjá TM Software, dótturfélagi Nýherja.

Magnús fer fyrir teymi sem vinnur að þróun og hönnun upplýsinga- og samskiptagáttar fyrir Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) sem notuð verður til að samræma starf björgunarsveita og lækna á hamfarasvæðum víða um heim.

Að sögn Magnúsar Inga var ákveðið á símafundi með ráðuneytisstjóra heilbrigðisráðuneytis Mexíkós síðdegis í gær að búnaðinum yrði skilað í dag, miðvikudag. „Þetta gengur mjög vel og er nú gert ráð fyrir að þeir sem stýra aðgerðum úti taki búnaðinn í notkun á fimmtudag [morgun],“ segir hann.

Alþjóðaheilbrigðisstofnunin telur að svínainflúensan sé orðin heimsfaraldur. Tveir íslenskir einstaklingar, nýkomnir frá Bandaríkjunum þar sem flensan hefur greinst, höfðu sýnt einkenni hennar í gær, þótt ólíklegt þætti að þeir væru smitaðir. Viðbúnaðarstig hér á landi var fært upp í gær og flokkast nú undir hættustig. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hækkað hættustig úr 3. stigi í 4. stig, sem þýðir aðgerðir gegn hópsýkingum.

> Hins vegar ráðleggjum við fólki að fara ekki til Mexíkó nema brýna nauðsyn beri til.
>
> **HARALDUR BRIEM**
> SÓTTVARNALÆKNIR

„Við leggjum til að ferðamenn sem eru að koma frá Bandaríkjum Norður-Ameríku eða Mexíkó hingað til lands verði upplýstir um að hafa samband við lækni finni þeir fyrir einhverjum flensueinkennum,“ segir Haraldur Briem sóttvarnalæknir sem kveður landinu ekki verða lokað. „Hins vegar ráðleggjum við fólki að fara ekki til Mexíkó nema brýna nauðsyn beri til.“

Svínainflúensan hafði í gær borist til Bandaríkjanna, Kanada, Skotlands, Nýja-Sjálands, Spánar og Ísraels, svo staðfest sé, auk Mexíkós, þar sem upptökin virðast vera. Auk þess lék grunur á smiti í Frakklandi, Svíþjóð, Danmörku og Noregi.

Síðdegis í gær höfðu rúmlega 150 manns látist í Mexíkó af völdum lungnabólgu. Grunur leikur á að þar hafi svínaflensan verið að verki í öllum tilvikum, en staðfesting hafði þó aðeins fengist á 20 þeirra.

- jab, jss, gb / sjá síðu 4 og Markaðinn



**Í GÆSLUVARÐHALD** Mennirnir tveir sem réðust inn á eldri hjón á Arnarnesinu á laugardagskvöld voru leiddir fyrir dómara í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 19. maí. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Menn sem rændu eldri hjón á Arnarnesi úrskurðaðir í þriggja vikna varðhald:

# Barnabarnið beið í bílnum

**LÖGREGLUMÁL** Talið er að þrjár konur hafi beðið í bíl fyrir utan hús eldri hjóna á Arnarnesinu á laugardagskvöld á meðan tveir karlmenn fóru inn og rændu fólkið með vopnavaldi. Ein kvennanna er barnabarn fólksins, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Hún hefur verið í óreglu.

„Við höfum það alveg þokkalegt miðað við aðstæður,“ segir Ásgerður Helgadóttir. Hún segir erfitt til þess að hugsa sé það rétt að barnabarn hennar tengist málinu.

Annar ræningjanna sló Ásgerði í höfuðið, en hún segist öll að koma til. Það sé léttir að árásarmennirnir sitji bak við lás og slá eftir snör viðbrögð lögreglu.

Mennirnir, sem voru grímuklæddir og vopnaðir hnífum, hótuðu fólkinu lífláti. Þeir voru úrskurðaðir í gæsluvarðhald til 19. maí í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Lögregla fór fram á varðhaldið vegna almannahagsmuna, segir Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn rannsóknardeildar hjá Lögreglu höfuðborgarsvæðisins.

Tveir karlar og tvær konur voru handtekin vegna málsins á mánudag. Karlarnir og önnur konan játuðu þátt sinn í málinu. Þá var kona handtekin í gær, og játaði hún einnig að tengjast málinu. Konunum var sleppt úr haldi í gær.

Málið er nú talið upplýst að mestu, en eftir er að hnýta lausa enda, segir Friðrik Smári. - bj, jss



ÁGÚST GUÐMUNDSSON



LÝÐUR GUÐMUNDSSON

Bakkavararbræður um Exista:

# Segjast ekki stefna á yfirtöku

**VIÐSKIPTI** **Lýður og Ágúst Guðmundssynir, Bakkavararbræður, segja það ekki vera markmið sitt að komast yfir hlut annarra hluthafa í Exista. Þetta kemur fram í grein sem þeir skrifa í Fréttablaðið í dag.**

**Nýlega sendu Lýður og Ágúst þúsundum hluthafa í Exista gögn vegna yfirtökutilboðs. Þeir segja það eingöngu tilkomið vegna lagalegra kvaða um að bjóða öðrum hluthöfum að velja hvort þeir selji hlutabréf sín eða kjósi að vera áfram hluthafar. Þeir hvorki letji né hvetji hluthafa til að selja hlut sinn.**

Sjá síðu 16










## SPURNING DAGSINS



*Árni, ætlarðu að halda þínu striki?*

„Heldur betur og býð öllum þeim sem strikuðu mig út að leita til mín."

Árni Johnsen alþingismaður færðist niður um eitt sæti vegna útstrikana á lista Sjálfstæðisflokksins í Suðurkjördæmi.

Ríkisstjórnarflokkarnir ræddu áfram um framhald samstarfsins á Alþingi í gær:

# Samið um hvern málaflokk fyrir sig

**STJÓRNMÁL** „Við erum að ná samkomulagi innan hvers málaflokks fyrir sig," sagði Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, eftir fund síðdegis með Jóhönnu Sigurðardóttur, formanni Samfylkingarinnar.

Fundinn, sem fram fór í Alþingishúsinu, sátu einnig varaformenn flokkanna og aðstoðarmenn formannanna.

Jóhanna sagði að fyrst og fremst þyrfti að ná niðurstöðu varðandi Evrópusambandið. Ríkisstjórnarflokkarnir hefðu þó tímann fyrir sér enda með meirihluta Alþingis á bak við sig.

Aðspurður um mismunandi áherslur flokkanna á Evrópumál annars vegar og umhverfismál hins vegar sagðist Steingrímur það vitað. „Við þurfum einhvers staðar að mætast í þessum málum.

Það er bara augljóst og það er bara unnið í samræmi við það," svaraði Steingrímur.

„Hér er það svo að við leggjum líka áherslu á umhverfismálin. Þú mátt ekki gleyma því," minnti Jóhanna þá fréttamann á og Steingrímur hló við.

Auk þess sem viðræðuhópur flokkanna tveggja um Evrópumál var skipaður á mánudag tilnefndu flokkarnir í gær tvo fulltrúa hvor í nefnd sem ræða á stjórnkerfisbreytingar. **-gar**



**STJÓRNARMYNDUN Í ALÞINGISHÚSINU** Formenn Samfylkingar og Vinstri grænna höfðu bæði varaformenn sína og aðstoðarmenn með sér í áframhaldandi viðræður um nýja ríkisstjórn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Ungir jafnaðarmenn:

# Ekki í stjórn án ESB-viðræðna

**STJÓRNMÁL Samfylkingunni ber skylda til að tryggja að Ísland sæki um aðild að Evrópusambandinu (ESB) sem fyrst og leggi samninginn í dóm þjóðarinnar. Náist ekki samkomulag um þetta á flokkurinn ekki að fara í ríkisstjórn.**

**Þetta kemur fram í ályktun sem Ungir jafnaðarmenn sendu fjölmiðlum í gærkvöldi vegna stjórnarmyndunarviðræðna Samfylkingar og Vinstri grænna.**

**Þar segir að flokkarnir verði að sammælast um að leyfa þjóðinni að ákveða hvort hún vilji upptöku evru og aðild að ESB.** **- bj**

Sendiherra svikinn um orðu:

# Forsetinn baðst afsökunar

**BESSASTAÐIR** Forseti Íslands varð að biðja Carol van Voorst, fráfarandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, afsökunar eftir að henni var fyrir mistök tilkynnt að sæma ætti hana fálkaorðunni. Þetta kom fram í Kastljósi Ríkissjónvarpsins í gær.



**CAROL VAN VOORST**

Sendiherranum var tilkynnt að til stæði að sæma hana orðunni 8. apríl. Hún fékk í kjölfarið leyfi frá Bandarískum stjórnvöldum til að þiggja orðuna. Þegar van Voorst var á leið til Bessastaða síðastliðinn föstudag fékk hún þær fréttir að um misskilning hefði verið að ræða. Í Kastljósinu kom fram að hún hefði verið afar ósátt. **- bj**

Utanríkisráðherra Svíþjóðar:

# Ekki velkominn til Sri Lanka

**SVÍÞJÓÐ, AP „Þetta er furðulegt," sagði Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, um afstöðu stjórnvalda á Sri Lanka, sem neituðu að hleypa honum inn í landið.**



**CARL BILDT**

**Bildt hugðist fara þangað í för með utanríkisráðherrum Bretlands og Frakklands, þeim David Miliband og Bernard Kouchner, til þess að þrýsta á að samið verði um vopnahlé í stríði stjórnarhers eyjunnar við uppreisnarsveitir tamíla.**

**Sendiherra Sri Lanka í Svíþjóð segir ástæðuna vera þá, að öfugt við Miliband og Kouchner hafi Bildt ekki skipulagt ferð sína fyrirfram.** **- gb**

# Biðlaunakostnaður nemur 88 milljónum

**Nítján sem létu af þingmennsku á laugardag fá greidd biðlaun í sex mánuði. Átta fá biðlaun í þrjá mánuði. Fyrrverandi ráðherrar fá einnig biðlaun sem slíkir. Fjórir fyrrverandi ráðherrar sem enn sitja á þingi fá biðlaun auk þingkaups.**

**STJÓRNMÁL** Biðlaunakostnaður Alþingis í kjölfar þingkosninganna á laugardag nemur tæpum 72 milljónum króna. Biðlaunin eru þau sömu og slétt og fellt þingfararkaup; um 520 þúsund krónur á mánuði.

Samtals nýtur 31 stjórnmálamaður biðlauna frá Alþingi og stjórnarráðinu.

Nítján fyrrverandi þingmenn fá greidd biðlaun í sex mánuði og átta fá biðlaun í þrjá mánuði. Helgast það af þingsetulengd viðkomandi. Hafi þingmaður setið eitt kjörtímabil fær hann biðlaun í þrjá mánuði en hafi hann setið í tvö kjörtímabil eða lengur fær hann biðlaun í sex mánuði.

Biðlaunakostnaður stjórnarráðsins vegna stjórnarskiptanna í febrúar nemur rúmlega 16,5 milljónum króna.

Þeir sem þá létu af ráðherradómi fá greidd ráðherrabiðlaun – 335 þúsund krónur á mánuði – í sex mánuði. Biðlaunaréttur forsætisráðherra er ríflegri og fær Geir H. Haarde 415 þúsund krónur á mánuði. Björgvin G. Sigurðsson afsalaði sér biðlaunum.

Þrír fyrrverandi ráðherrar og þingmenn; Árni M. Mathiesen, Björn Bjarnason og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fá því 885 þúsund krónur á mánuði næstu mánuði en Geir fær 935 þúsund.

Fjórir sitja á þingi og njóta biðlaunaréttar vegna setu í síðustu ríkisstjórn. Það á við um Guðlaug Þór Þórðarson, Einar K. Guðfinnsson, Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur og Þórunni Sveinbjarnardóttur. Leggjast 335 þúsund krónur ofan á laun þeirra fyrir þingsetu. Ráðherrar eiga rétt á biðlaunum í sex mánuði, hafi þeir gegnt embætti samfellt í eitt ár en í þrjá mánuði hafi þeir setið skemur.

Fyrrverandi þingmenn njóta fullra biðlaunaréttinda svo fremi sem þeir ráði sig ekki til nýrra starfa. Geri þeir það dragast starfslaun þeirra frá biðlaununum og mismunurinn er greiddur út. Séu launin jafn há eða hærri fellur biðlaunarétturinn niður.

bjorn@frettabladid.is



**FRÁ ALÞINGI** Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, Björn Bjarnason og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eru í hópi 31 stjórnmálamanns sem njóta biðlauna. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

### BIÐLAUNARÉTTUR

| Á biðlaunum í sex mánuði: | |
|---|---|
| Arnbjörg Sveinsdóttir | Lúðvík Bergvinsson |
| Ágúst Ólafur Ágústsson | Magnús Stefánsson |
| Ásta Möller | Sigurður Kári Kristjánsson |
| Árni M. Mathiesen | Sturla Böðvarsson |
| Björn Bjarnason | Valgerður Sverrisdóttir |
| Einar Már Sigurðarson | **Á biðlaunum í þrjá mánuði:** |
| Ellert B. Schram | Ármann Kr. Ólafsson |
| Geir H. Haarde | Björk Guðjónsdóttir |
| Guðjón A. Kristjánsson | Grétar Mar Jónsson |
| Ingibjörg Sólrún Gísladóttir | Guðfinna S. Bjarnadóttir |
| Karl V. Matthíasson | Gunnar Svavarsson |
| Kjartan Ólafsson | Helga Sigrún Harðardóttir |
| Kolbrún Halldórsdóttir | Herdís Þórðardóttir |
| Kristinn H. Gunnarsson | Jón Magnússon |



**NÝIR BÍLAR** Margir þurfa fyrirgreiðslu til að standa í skilum með bílalán.

Lögmaður Lýsingar:

# Tökum færri bíla en talið er

**FJÁRMÁL „Það er ekki jafn mikið um að fólk sé að missa bílana eins og almennt er kannski talið," segir Jóhann Sigurðsson, lögmaður hjá Lýsingu. Hann kveðst þó ekki vita nákvæmlega hversu marga bíla fyrirtækið hafi leyst til sín í kreppunni. „Það kom holskefla en það róaðist mjög fljótlega eftir hrunið enda erum við með úrræði fyrir fólk. Þetta eru skuldbreytingar, frystingar og aðrar aðgerðir sem hjálpa skuldurum," útskýrir Jóhann sem veit hins vegar ekki hvað framtíðin ber í skauti sér. „En það er ekki ólíklegt að einhverjir missi bílana í kreppunni."** **- gar**

## VIÐSKIPTI

### Gengi Decode sveiflast

Eftir mikla uppsveiflu á gengi hlutabréfa deCode í síðustu viku hefur gengið lækkað talsvert aftur í þessari viku. Það er þó enn 41 sent á hlut sem er tvöfalt hærra en það hafði verið um talsverða hríð.




Íslendingum fjölgar í Félagi múslima hér á landi:

# Íslenskir múslimar gefnir saman

**SAMFÉLAGSMÁL** Tímamót urðu hjá samfélagi múslima á Íslandi þegar fyrsta íslenska parið var gefið saman í mosku Félags múslíma á Íslandi um síðustu helgi. Það var Salmann Tamimi, formaður félagsins, sem gaf þau Hjalta Björn Valþórsson og Gunnhildi Ævarsdóttur saman.

„Það eru vissulega til Íslendingar sem hafa tekið trú og gifst öðrum sem er okkar trúar en þetta er fyrsta alíslenska hjónabandið hjá okkur," segir Salmann. Hann segir enn fremur að íslenskum múslimum fari ört fjölgandi nú síðustu tvö árin. „Fyrir tveimur til þremur árum voru þeir teljandi á fingrum annarrar handar en nú eru þeir milli 30 og 40. Enda er margt að snúast á sveif með múslimum bæði hér og annars staðar í heiminum í dag. Nú þegar fólk er að endurmeta gildin þykir mörgum gæfulegt hjá okkur að setja ekki allt okkar traust á vexti en þeir eru bannaðir samkvæmt okkar trú. Og er ekki allt að verða vitlaust í heiminum vegna sýkingar í svínum núna. Eins og allir vita borðum við þau ekki svo aftur er gæfan með okkur þar."

Hann segir að flestir sem gerist múslimar hér á landi séu ungt fólk. „Og það er gríðarlegur áhugi í gangi, það eru fjölmargir að fá upplýsingar hjá okkur um trúna og velta þessu fyrir sér." **- jse**



**SALMANN TAMIMI** Formaður félagsins gaf fyrsta alíslenska parið saman í mosku félagsins í Ármúla þar sem þessi mynd var tekin. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




Stærsti skemmtistaður í heimi!

NOVA

# Gætirðu hugsað þér netsamband?

3G internet er nettenging sem hentar fyrir alla almenna netnotkun. Þú stingur pungnum í fartölvuna og ert komin(n) í samband. Fartölvan er því loksins orðin alvöru far-tölva.




**1.990 kr./mán.**

**3G internet og pungur**

**Allt að 5 Mb/s hraði og 5 GB netnotkun innifalin á mánuði.**

**Litir: Hvítur og svartur**

Afborgun 1.990 kr. á mánuði í 12 mánuði
+ 250 kr. greiðslugjald, greitt með kreditkorti.

Verslanir Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Glerártorgi Akureyri og MM Selfossi | Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is

## GENGIÐ 28.04.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 130,79 | 131,41 |
| Sterlingspund | 190,81 | 191,73 |
| Evra | 170,06 | 171,02 |
| Dönsk króna | 22,828 | 22,962 |
| Norsk króna | 19,363 | 19,477 |
| Sænsk króna | 15,838 | 15,930 |
| Japanskt jen | 1,3591 | 1,3671 |
| SDR | 194,55 | 195,71 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 209,9799

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Fjölmargar útstrikanir í Reykjavíkurkjördæmi norður, en breyta engu:

# Steinunn Valdís heldur sætinu

**STJÓRNMÁL** Mest var strikað yfir nafn Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur, fjórða frambjóðanda Samfylkingar í Reykjavíkurkjördæmi norður, í kosningunum á laugardaginn.

Alls strikuðu 1.443 hana út eða færðu hana niður fyrir áttunda sæti, en það eru ekki nógu margir til að færa hana niður listann. Ekki fengust upplýsingar hjá yfirkjörstjórn um hve margar útstrikanir hefði þurft til þess. Enginn frambjóðandi í kjördæminu færist raunar til á lista vegna útstrikana.

Kjósendur Samfylkingar í kjördæminu breyttu kjörseðlinum mest, eða um nítján prósent þeirra. Strikað var næstmest yfir nafn Helga Hjörvar í öðru sæti, 657 sinnum, en 656 sinnum yfir Mörð Árnason í því fimmta.

Þá strikuðu 403 kjósendur Sjálfstæðisflokks yfir nafn Sigurðar Kára Kristjánssonar í þriðja sæti en þrjúhundruð yfir nafn Þráins Bertelssonar, sem leiddi lista Borgarahreyfingar.

Yfir nafn Álfheiðar Ingadóttur, í þriðja sæti fyrir VG, strikuðu 296 manns, og 244 yfir nafn Árna Þórs Sigurðssonar. Einungis 21 strikaði út Sigmund Davíð Gunnlaugsson, í fyrsta sæti Framsóknar.

Tölur um útstrikanir úr Reykjavíkurkjördæmi suður ættu að vera tilbúnar í dag. Sagt er að ríflega fjórðungur kjósenda Sjálfstæðisflokks hafi átt við nafn Guðlaugs Þórs Þórðarsonar. Hann á því á hættu að falla úr efsta sætinu í annað sæti. **- kóþ**



**STEINUNN VALDÍS ÓSKARSDÓTTIR** Á fimmtánda hundrað kjósenda strikuðu yfir eða færðu hana niður fyrir áttunda sætið. Hún heldur þó því fjórða.

Slasaðist á óskráðu vélhjóli:

# Var próflaus á göngustígnum

**LÖGREGLUMÁL** Maður fótbrotnaði og hlaut áverka á baki þegar hann datt af vélhjóli á göngustíg neðan við Skarðshlíð á Akureyri á sjötta tímanum í gær.

Maðurinn, sem er 35 ára, var ekki með próf á vélhjólið. Það var auk þess mótorkross hjól og ekki skráð til notkunar utan sérstakra æfingasvæða, samkvæmt upplýsingum frá lögreglunni á Akureyri.

Maðurinn var hvorki með hjálm né annan hlífðarbúnað, og átti ekki vélhjólið. Ekki fengust upplýsingar um það í gærkvöldi hvort hann fær sekt fyrir brot sitt. **- bj**

Stjórn Samtaka atvinnulífsins:

# Stjórnmálalegri óvissu verði eytt

**STJÓRNMÁL Eyða verður stjórnmálalegri óvissu sem fyrst og móta stefnu landsins til framtíðar, að mati nýrrar stjórnar Samtaka atvinnulífsins (SA).**

**Stjórnin leggur áherslu á að verulegur niðurskurður ríkisútgjalda sé forsenda þess að Ísland komist hratt upp úr öldudalnum. Vinna verði að samstöðu um víðtækan þríhliða stöðugleikasáttmála milli aðila vinnumarkaðarins og stjórnvalda. - bj**

Samgönguráðuneytið:

# Sparnaður raski ekki fluginu

**STJÓRNMÁL** Samgönguráðuneytið segir að leitast verði við að nauðsynlegar sparnaðaraðgerðir í kjölfar efnahagsþrenginganna komi eins lítið og hægt er niður á þjónustu og hafi ekki áhrif á flug til Ísafjarðar. Þetta kemur fram í svari ráðuneytisins til Halldórs Halldórssonar, bæjarstjóra á Ísafirði að því er kemur fram á fréttavefnum bb.is. Halldór hefur mótmælt breyttum þjónustusamningi við Ísafjarðarflugvöll og Þingeyrarflugvöll enda telur bæjarráðið breytinguna skerða þjónustuna. **- gar**



**HALLDÓR HALLDÓRSSON**

## ÁRÉTTING

Í frétt blaðsins í gær um að heiðurslaun Þráins Bertelssonar væru umdeild innan Borgarahreyfingarinnar var ónákvæmt orðalag sem er til þess fallið að ala á misskilningi um hversu há launin eru: „... hátt í 200 þúsund krónur á mánuði“ sagði en launin eru, samkvæmt tillögu meirihluta fjárlaganefndar við vinnslu fjárlaga, 150 þúsund krónur á mánuði.

# Heimsfaraldur svínaflensu og varað við Mexíkóferðum

**Svínainflúensan er orðin heimsfaraldur að mati Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar. Tveir Íslendingar, nýkomnir frá Bandaríkjunum, hafa sýnt einkenni hennar. Viðbragðsstig hér á landi hefur verið hækkað.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Alþjóðaheilbrigðisstofnunin, WHO, telur að svínainflúensan sé orðin heimsfaraldur.

Þetta kom fram í máli Haraldar Briem sóttvarnalæknis, á fundi með fréttamönnum í gær. Fundinn sátu einnig Víðir Reynisson, deildarstjóri almannavarna ríkislögreglustjóra, og Halldór Runólfsson, yfirdýralæknir.

Tveir Íslendingar, nýkomnir frá Bandaríkjunum þar sem flensan hefur greinst, höfðu sýnt einkenni hennar í gær. Þeim var ráðlagt að fara í læknisskoðun.

Viðbúnaðarstig hér á landi var fært upp í gær og flokkast nú undir hættustig. Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin hefur hækkað hættustig úr 3. stigi í 4. stig, sem þýðir aðgerðir gegn hópsýkingum.

„Við leggjum til að ferðamenn sem eru að koma frá Bandaríkjum Norður-Ameríku eða Mexíkó hingað til lands verði upplýstir um að hafa samband við lækni finni þeir fyrir einhverjum flensueinkennum,“ segir sóttvarnalæknir. Hann segir ekki í bígerð að loka landinu, einkum vegna þess að enn sé ekki vitað um alvarleika faraldursins. Betri upplýsingar vanti frá Mexíkó.

„Hins vegar ráðleggjum við fólki að fara ekki til Mexíkó nema brýna nauðsyn beri til,“ segir sóttvarnalæknir. Hann segir þessi tilmæli ekki eiga við ferðalög til Bandaríkjanna.

Heilsugæslan í landinu hefur verið upplýst um hvað beri að gera greinist svínaflensan hér á landi. Þá verður viðbúnaður á Keflavíkurflugvelli aukinn, þannig að þeir sem eru að koma erlendis frá og finna til einkenna hafi greiðan aðgang að heilbrigðisþjónustu þar. Lyfjadreifing verður skipulögð.

Í máli yfirdýralæknis kom fram að inflúensa í svínum hafi aldrei greinst hér á landi. Skimað hafi verið fyrir henni í nokkur ár en hún aldrei fundist.

Almannavarnadeild ríkislögreglustjóra leggur áherslu á að upplýsa sína tengiliði og samhæfa viðbrögð samkvæmt fyrirliggjandi áætlun.

Svínainflúensan sem nú geisar í Bandaríkjunum og Mexíkó er næm fyrir veirulyfjunum Tamiflu og Relenza. Á Íslandi eru til birgðir af þessum lyfjum fyrir þriðjung þjóðarinnar.

Íslensk heilbrigðisyfirvöld eru í náinni samvinu við Alþjóðaheilbrigðisstofnunina og sóttvarnastofnanirnar í Bandaríkjunum og Evrópu. **jss@frettabladid.is**



**ÆTTINGJAR EINS HINNA LÁTNU** Í Mexíkóborg ganga margir um með klúta fyrir vitum sér, þar á meðal þessir ættingjar Juana Garcia sem lést á sjúkrahúsi af völdum svínaflensu, að því er talið er. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## EINKENNI SJÚKDÓMSINS

Ferðamenn sem koma frá sýktum svæðum skulu gæta að heilsufari sínu, samkvæmt tilmælum sóttvarnalæknis. Ef eftirfarandi einkenni koma fram innan sjö daga frá því að svæðið var yfirgefið skal hafa samband við lækni án tafar:

- Hiti
- Öndunarfærasýking, svo sem hósti og nefrennsli
- Hálssærindi
- Vöðvaverkir
- Höfuðverkur
- Hrollur
- Þreyta

Uppköst eða niðurgangur eru ekki venjuleg einkenni inflúensu en hafa komið fyrir í nýlegum tilfellum af svínainflúensu.

## TVÖ ÞÚSUND SMITAÐIR Í MEXÍKÓ

Svínainflúensan hafði í gær borist til Bandaríkjanna, Kanada, Skotlands, Nýja-Sjálands, Spánar og Ísraels, svo staðfest sé, auk Mexíkós, þar sem upptökin virðast vera. Auk þess lék grunur á smiti í Frakklandi, Svíþjóð, Danmörku og Noregi. Síðdegis í gær höfðu rúmlega 150 manns látist í Mexíkó af völdum lungnabólgu. Grunur leikur á að þar hafi svínaflensan verið að verki í öllum tilvikum, en staðfesting hafði þó aðeins fengist á 20 þeirra. Í Mexíkó er talið að um 2.000 manns hafi smitast, þótt staðfestingu vanti. Viðbúnaður var aukinn í landamærum víða um heim, þótt WHO telji ekki ástæðu til að takmarka ferðalög annarra en þeirra, sem þegar eru orðnir veikir.






## VEÐURSPÁ



**Sigurður Þ. Ragnarsson** veðurfræðingur

**HLÝTT Á NORÐURLANDI**

Spáin fyrir norðanvert landið er með eindæmum góð. Reynadr mun blása nokkuð af suðri eða suðaustri, 5-10 m/s en horfur eru á bjartviðri mjög víða og hitinn víða 15-17 stig, hlýjast líklega í Ásbyrgi og á svæðum þar í kring. Milt verður reyndar víða en áberandi flottast verður þetta fyrir norðan.




**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 23° |
| Amsterdam | 13° |
| Basel | 13° |
| Berlín | 23° |
| Billund | 17° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 19° |
| Friedrichshafen | 19° |
| Gautaborg | 19° |
| Kaupmannahöfn | 20° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 20° |
| New York | 21° |
| Orlando | 19° |
| Osló | 17° |
| París | 21° |
| Róm | 19° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.



100 + 1000
1. vinningur
ÍSLENSKI
BÓNUS
VINNINGURINN
22
MILLJÓNIR
1100
MILLJÓNIR
Á að skella sér á skrilljónir?
Potturinn í Víkingalottóinu stefnir í 100 milljónir, Ofurpotturinn stefnir í 1000 milljónir og íslenski bónuspotturinn stefnir í 22 milljónir.
Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða á næsta sölustað eða á lotto.is
Fáðu þér miða fyrir kl. 16 í dag eða taktu séns á að missa af þessu!
VÍKINGA
LOTTÓ
Alltaf á miðvikudögum!
ENNEMM / SIA / NM37741

## KJÖRKASSINN



*Er þú sátt(ur) við úrslit alþingiskosninganna?*

| | |
|---|---|
| Já | 59,4% |
| Nei | 40,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Óttast þú að svínaflensan berist til Íslands?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Samkomulag í kjaradeilu lögreglumanna á höfuðborgarsvæðinu eftir félagsfund:

# Breytingum frestað til hausts

**LÖGREGLUMÁL** Samkomulag hefur náðst í kjaradeilu lögreglumanna og Lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Fyrirhuguðum breytingum á vinnufyrirkomulagi lögreglumanna á vöktum hefur að mestu verið frestað til hausts.

„Við munum leggja mikla vinnu í að ná sátt í málinu og sú vinna mun hefjast strax í fyrramálið," segir Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur. Fjölmennur félagsfundur var haldinn vegna málsins seinnipart dags í gær.

Lausn málsins byggir á málamiðlunartillögu lögreglufélagsins. Henni hafði áður verið hafnað af yfirstjórn lögreglunnar. „Þetta er hið besta mál, ég vona að þetta lægi öldurnar," segir Geir Jón Þórisson, yfirlögregluþjónn hjá Lögreglu höfuðborgarsvæðisins. Hann segir að nú verði unnið hörðum höndum að því að ná samkomulagi fyrir júníbyrjun um valkvæðan vinnutíma lögreglumanna frá og með 1. september.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær snýst deilan um breytingar á vinnufyrirkomulagi.

Forsvarsmenn lögreglufélagsins töldu að verið væri að bæta við þremur vinnudögum í mánuði án þess að auknar greiðslur kæmu á móti. **- bj**



**FUNDAÐ** Talsverður fjöldi lögreglumanna ræddi vinnufyrirkomulag á fundi í gær. Fremstur er Arinbjörn Snorrason, formaður Lögreglufélags Reykjavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Biskup Íslands á prestastefnu:

# Mikið álag á hjálparstarfið

**TRÚMÁL** Álag á Hjálparstarf kirkjunnar hefur aldrei verið meira en nú, og hjálparbeiðnum fjölgar stöðugt eftir því sem fleiri missa vinnuna, sagði Karl Sigurbjörnsson, biskup Íslands, í ræðu sinni á prestastefnu í gær.

Þegar skoðaðar eru tölur frá hjálparstarfinu kemur fram að fjölgun þeirra sem sækjast eftir aðstoð er mest í yngsta aldurshópnum, sagði Karl.

Framlög sókna og ýmissa félagasamtaka og fyrirtækja hafa verið með mesta móti í vetur, og fleiri sjálfboðaliðar komið til aðstoðar, sagði biskup. **- bj**

Söðlar um í öldungadeildinni:

# Demókrötum fjölgar um einn

**WASHINGTON, AP** Bandaríski öldungardeildarþingmaðurinn Arlen Specter tilkynnti í gær að hann hafi gengið til liðs við Demókrataflokkinn, en hann hefur verið þingmaður Repúblíkanaflokksins fyrir Pennsilvaníuríki frá árinu 1981.



**ARLEN SPECTER**

Specter gagnrýndi stefnu Repúblíkanaflokksins og sagði flokkinn hafa færst of mikið til hægri. Hann telji sig þess vegna eiga meiri samleið með demókrötum.

Demókratar réðu áður yfir 58 þingsætum af 100 í öldungadeildinni, en hafa nú aukið meirihluta sinn um einn mann.

Þeir buðu Specter í gær velkominn. **- bj**

Þota forsetans olli ótta:

# Hringsólaði við frelsisstyttuna

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti fyrirskipaði í gær rannsókn á tildrögum þess að þota forsetaembættisins flaug lágflug nærri Frelsisstyttunni í New York-borg í gær. Talið er að rannsóknin muni taka eina viku.

Lágflug forsetaþotunnar og orrustuþotu sem fylgdi henni olli fjölmörgum borgarbúum ótta, enda árásir á tvíburaturnana 11. september 2001 borgarbúum enn í fersku minni.

Tilgangurinn var að ná myndum af þotunni með frelsistyttuna í bakgrunni.

Talsmaður Obama sagði í gær að forsetinn væri „æfur" yfir þessum mistökum. **- bj**

# Stolnir breskir kirkjugluggar í guðshúsum og íbúðarhúsi

**Steinda glugga úr breskri dómkirkju er að finna í tveimur íslenskum kirkjum og einu íbúðarhúsi hér á landi. Formaður sóknarnefndar Akureyrarkirkju segir að vilji Bretarnir fá rúðurnar verði líklega orðið við því.**

**MENNING** Svo gæti farið að steinda glugganum í kórglugga Akureyrarkirkju yrði skilað til Bretlands, fari kirkjustjórnin í Coventry fram á það.

Glugginn er upphaflega úr dómkirkju heilags Mikjáls í Coventry, og er einn af þeim gluggum sem talið er að hafi verið stolið áður en þeir komust í eigu íslensks kaupanda á stríðsárunum. Þær voru teknar úr dómkirkjunni árið 1939 áður en Þjóðverjar gerðu loft-árásir á borgina. Fimm þeirra eru nú í Áskirkju, ein í íbúðarhúsi að Dyngjuvegi 4 í Reykjavík og ein í Akureyrarkirkju sem fyrr segir.

Dr. David Porter, dómprófastur frá Coventry, mun halda til Akureyrar og ræða um friðar- og sáttastarf sem unnið hefur verið frá því að dómkirkjan varð fyrir eyðileggingunni. Með honum verður dr. Kanyon Wright prestur, en hann reyndi að koma á sambandi milli Akureyrarkirkju og dómkirkjunnar í Coventry eftir að dagblað þar í borg greindi frá því að einn af gluggunum væri að finna á Akureyri.

Hjálmtýr Heiðdal vinnur nú að heimildarmynd um þessa sögu og segir hann að David Porter sé í raun ekki líklegur til að bera fram kröfur um að rúðunum verði skilað. Bæði vegna þess að hann sé sáttfús maður og eins gæti reynst afar flókið að sýna fram á það lagalega að dómkirkjan í Coventry væri réttmætur eigandi. „En ef þeir myndu sækja það fast að fá rúðurnar þá tel ég að sóknarnefndin myndi ekki vilja standa í vegi fyrir því," segir Rafn Sveinsson, formaður sóknarnefndar Akureyrarkirkju. Birgir Arnar, kollegi hans í Áskirkju, er hins vegar ekki þeirrar skoðunar. „Eftir því sem við best vitum þá voru þessir gluggar fengnir með löglegum hætti og síðan gefnir kirkjunni af góðum hug þannig að það var ekki neitt ólöglegt í kringum það," segir hann. „Og ef allir hlutir eiga að fara á sína upprunalegu staði þá yrði tómlegt á söfnunum hjá Bretum svo þetta yrði óheppileg krafa hjá þeim." Hjálmtýr segir að vísbendingar um að þessa glugga sé víðar að finna hér á landi en vill þó ekki láta meira uppi um það. **jse@frettabladid.is**



**Á DYNGJUVEGINUM** Steindi glugginn úr dómkirkjunni í Coventry vekur eiganda hússinn meiri lotningu eftir að hún komst að uppruna hans. Innfelda myndin er nærmynd af glugganum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## LÍTUR Á GLUGGANN MEÐ MEIRI LOTNINGU EN ÁÐUR

„Ég vissi ekkert um þessa sögu þar til um síðustu helgi, þetta var bara fínn gluggi í mínum huga," segir Björn Fróðason sem býr í húsinu að Dyngjuvegi 4. Síðasta laugardag fékk síðan Karl Smári Hreinsson að taka kvikmynd í húsinu fyrir heimildarmyndina sem hann er að gera með Hjálmtý Heiðdal og þá fékk Björn alla sólarsöguna. „Maður lítur á gluggann með mun meiri lotningu núna," bætir hann við.

Írene Liberopoulos, eigandi hússins, er hálfgrísk og segir það nokkuð undarlega tilhugsun að vera með eitthvað í húsinu sem Bretar kunni að gera tilkall til. eir eru nú með ótal fornmuni frá Grikklandi og jafnvel búnir að skemma hluta af þeim, rúðan er hins vegar vel geymd," segir hún kankvís.

## MYNDARÚÐURNAR FRÁ COVENTRY

**1939** Gluggarnir teknir úr dómkirkjunni og komið fyrir á „öruggum" stað. Flestir þeirra höfðu verið settir í kirkjuna á árunum 1853 til 1871 einhverjir voru þó frá 15. öld.

**1940** Þjóðverjar gera loftárásir á ensku borgina Coventry.

**1942/3** Helgi H. og Kristján Zöega kaupa rúðurnar í fornmuna- og listaverkaverslun í London. Þær upplýsingar fylgja þeim að þær hafi verið það eina sem ekki eyðilagðist í dómkirkju heilags Mikjáls í Coventry.

Jakob Frímannsson, kaupfélagsstjóri á Akureyri, kaupir eina af þessum rúðum sem passar í kórgluggann á Akureyrarkirkju. Hann gefur kirkjunni gluggann.

**1960** Gerðar eru eftirmyndir af henni, þær eru í gluggum sitthvoru megin við kórgluggann.

**1984** Unnur Ólafsdóttir listakona og maður hennar Óli M. Ísaksson, höfðu keypt aðrar myndarúður sem hingað komu frá dómkirkjunni í Coventry. Unnur lést árið 1983 og ári síðar gaf Óli, sem lengi var kenndur við bílaumboðið Heklu, Áskirkju rúðurnar nema eina sem hann heldur eftir á heimili sínu að Dyngjuvegi 4 í Reykjavík. Hún er þar enn.

**1981** Grein birtist í dagblaði frá Coventry sem segir frá því að rúðurnar úr dómkirkjunni séu í kirkju á Íslandi; Akureyrarkirkju. Kirkjustjórnin í Coventry óskar þess að koma á sambandi milli kirknanna tveggja. Því er vel tekið en málið lognast svo útaf. Sú krafa heyrist í Bretlandi að þeir fái rúðurnar aftur.

**2009** Dr. David Porter dómprófastur frá Coventry og dr. Kanyon Wright, sem vildi koma á sambandi kirknanna árið 1981, munu fara til Akureyrar 9. maí.



**KRISTUR Í ÁSKIRKJU** Fimm steinda glugga úr dómkirkjunni í Coventry er nú að finna í Áskirkju í Reykjavík.

Heimildir meðal annars fengnar úr grein Karls Smára Hreinssonar í Lesbók Morgunblaðsins, 23. apríl 2005.

NÝLAGAÐUR PLOKKFISKUR

GLÆNÝR ÞORSKUR ÚR BREIÐAFIRÐI

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755

# THULE SWEDEN Ferða- og skíðabox




# THULE SWEDEN Hjólafestingar





PHILIPS

# Quarts

## bílaperur

allt að **80**% meira ljós



TRICO®

# Rúðuþurrkur

## NeoForm

Ný þurrkublöð frá Trico



Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

## VEISTU SVARIÐ?




**1.** *Hversu margir eru áskrifendur að Eve-online tölvuleiknum?*

**2.** *Hvaða íslenska stuttmynd verður á Cannes-hátíðinni í ár?*

**3.** *Hversu mörg fyrirtæki urðu gjaldþrota fyrstu þrjá mánuði ársins?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Umboðsmaður Alþingis um réttarstöðu transgenderfólks:

# Stjórnarskárvarinn réttur til nafns

**STJÓRNSÝSLA** Umboðsmaður Alþingis vekur athygli á því í áliti sínu, sem birt var í gær, að nauðsynlegt gæti verið að tryggja réttarstöðu transgenderfólks.

Vísar hann því til dóms- og kirkjumálaráðherra og Alþingis að nauðsyn sé að taka afstöðu til þess hvort þörf sé á að setja skýrari og fyllri reglur um rétt þessara einstaklinga til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og eftir atvikum kyns í Þjóðskrá. Vísar umboðsmaður sérstaklega til þess að réttur einstaklings til auðkennis, sjálfsímyndar og nafns sé varinn af ákvæði stjórnarskrár um friðhelgi einkalífs.


RÓBERT SPANÓ

Þá vill hann vekja athygli heilbrigðisráðherra, dóms- og kirkjumálaráðherra og Alþingis á nauðsyn þess að mæla skýrar fyrir í lögum um þær reglur sem eigi að gilda um möguleika einstaklinga á kynskiptiaðgerð.

Þar vísar hann sérstaklega til þess að ekki er fyrir hendi kærumeðferð fyrir þá sem er hafnað slíkri meðferð.

Upphaf málsins var það að einstaklingur, sem fæddur var karlmaður, en hafði lifað félagslega sem kona í 12 ár, kærði það til umboðsmanns að fá ekki að breyta nafni sínu í Þjóðskrá til samræmis við það nafn sem hún gekk dagsdaglega undir.

Eftir að umboðsmaður hóf athugun sína komust stjórnvöld að þeirri niðurstöðu að ekki væri nauðsynlegt að krefjast þess að kynskiptiaðgerð væri lokið til að karlmannsnafni væri breytt yfir í kvenmannsnafn, heldur væri nægjanlegt að viðkomandi hefði lokið hormónameðferð í eitt ár. **- ss**

Bankastjóri Glitnis í Noregi:

# Fær háar starfslokagreiðslur

**NOREGUR** Morten Bjørnsen, fyrrverandi bankastjóri BNbank sem áður hét Glitnir í Noregi, fékk 14,3 milljónir norskra króna í starfslokasamning þegar hann lét af störfum í janúar síðastliðnum, þrátt fyrir að bankinn hafi fáeinum mánuðum fyrr fengið neyðarlán frá norska ríkinu til að komast hjá gjaldþroti.

Norska dagblaðið Dagens Næringsliv skýrir frá þessu. Starfslokasamningurinn nemur um 280 milljónum íslenskra króna.

Kjell Førdal, sem situr í bankastjórn BNbank segir upphæðina alltof háa og vonast til þess að slíkt komi ekki fyrir aftur. **- gb**






# Langir loforðalistar stjórnarflokkanna

**Samfylkingin og VG kynntu ítarlega verkefnalista fyrir nýja ríkisstjórn í kosningabaráttunni. Starfi flokkarnir áfram saman blasa við margvíslegar breytingar í samfélaginu, til dæmis á kvótakerfinu, skattkerfinu og verðtryggingunni.**

**STJÓRNMÁL** Ríkisstjórnarflokkarnir, sem nú vinna að endurnýjun samstarfs síns, lögðu fram margorða stefnuyfirlýsingar í aðdraganda nýafstaðinna kosninga.

Viku þeir að flestum sviðum samfélagsins og útlistuðu hvaða umbætur þeir vildu ráðast í.

Báðir flokkar boðuðu breytingar á skattheimtu, breytt fiskveiðistjórnunarkerfi, afnám verðtryggingar, margvísleg úrræði fyrir heimili og fyrirtæki í fjárhagsvanda og umfangsmiklar aðgerðir til að stuðla að stórkostlegri fjölgun starfa.

Rík áhersla var lögð á að efnahagslegur stöðugleiki verði endurheimtur með lægri verðbólgu og vaxtalækkunum í framhaldinu.

Lýðræðisumbætur voru ofarlega á dagskrá; stjórnarskrárbreytingar og stjórnlagaþing.

Þá fjölluðu þeir ítarlega um áform sín í velferðarmálum og hétu alls kyns úrræðum á því sviði.

Að öllu samanteknu blasir við að verði af áframhaldandi stjórnarsamstarfi Samfylkingarinnar og VG mun mörgu verða breytt á kjörtímabilinu. Í það minnsta ef marka má loforðalistana, sem svo eru nefndir. **bjorn@frettabladid.is**


**MÁLIN RÆDD** Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon eiga ærið verk fyrir höndum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## ÚR KOSNINGAPLÖGGUM SAMFYLKINGARINNAR OG VG

- Sækja á um aðild að ESB (S)
- Skapa á fleiri en 20 þúsund störf (S)
- Aðgerðaáætlun til langs tíma um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda er forgangsmál (S)
- Friða á Þjórsárver (S)
- Endurreisa á Þjóðhagsstofnun (S)
- Hækka á vaxtabætur (S)
- Lengja á í lánum (S)
- Frysta á lán (S)
- Bæta á skattaeftirlit (S)
- Draga á úr jaðarskattaáhrifum vegna tekjutengdra bóta (S)
- Laun ríkisstarfsmanna og starfsmanna fyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins eiga ekki að vera hærri en laun forsætisráðherra (S)
- Takmarka á bankaleyndina (S)
- Setja á reglur um dreifða eignaraðild fyrirtækja (S)
- Auka á hlutverk sveitarfélaga í velferðarþjónustu við börn, fatlað fólk, aldraða og fjölskyldur (S)
- Minnka á greiðsluþátttöku almennings í heilbrigðisþjónustunni, svo sem vegna lyfja og þjálfunar (S)
- Skólamáltíðir í grunnskólum eiga að vera gjaldfrjálsar (S)
- Innkalla á allar aflaheimildir eins fljótt og auðið er og að hámarki á 20 árum (S)
- Stefna á að því að allur fiskur verði seldur á markaði (S)
- Vinna á gegn staðalímyndum kynjanna (S)
- Stuðla á að auknum hlut kvenna í stjórnum og ráðum á almennum vinnumarkaði (S)

- Taka ber upp tímabundna kynjakvóta (V)
- Færa á lagasmíð í auknum mæli úr ráðuneytum inn í þingið (V)
- Tryggja á að eignarhald fyrirtækja sé gagnsætt (V)
- Tryggja á faglegar ráðningar í stjórnsýslunni (V)
- Styrkja á þátttöku minnihlutahópa í samfélaginu (V)
- Íbúðalánasjóður á að veita tekjulægra fólki viðbótarlán (V)
- Hækka á vaxtabætur (V)
- Frysta á hluta hækkunar höfuðstóls verðtryggðra fasteignalána (V)
- Skólamáltíðir í grunnskólum eiga að vera gjaldfrjálsar (V)
- Hækka á atvinnuleysisbætur hjá fjölskyldu- og barnafólki (V)
- Jafna á kjör (V)
- Innkalla á aflaheimildir (V)
- Tekjuskattskerfið á að vera þrepaskipt með álagi á laun yfir 600 þúsund krónum (V)
- Auka á tekjur ríkissjóðs með breytingum á fjármagnstekjuskatti (V)
- Koma á í veg fyrir undanskot í skattaskjól (V)
- Skera á niður alla hernaðartengda starfsemi og leggja niður Varnarmálastofnun (V)
- Kyrrsetja á tímabundið eignir fyrrverandi stjórnenda, eigenda og tengdra aðila þeirra fjármálastofnana sem ríkið hefur yfirtekið (V)






Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir þremur mönnum:

# Reyna ítrekað að brjótast inn

**LÖGREGLUMÁL** Þrír menn hafa reynt að brjótast inn víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu um tveggja vikna skeið. Talsverðar skemmdir hafa orðið vegna þessara tilrauna þeirra, en þeim hefur ekki orðið ágengt enn sem komið er. Lögreglan leitar þessara manna sem bæði hafa reynt að brjótast inn í hraðbanka og verslanir í Reykjavík, Kópavogi og Grafarvogi.

„Við viljum hafa upp á þeim áður en þeim tekst að komast einhvers staðar inn,“ segir Ómar Smári Ármannsson yfirmaður fjármunabrotadeildar.

Að því er fram kemur í tilkynningu frá lögreglunni eru mennirnir taldir vera um þrítugt og eru „útlendingslegir“ á að líta. Meðfylgjandi myndir hafa náðst af þeim úr eftirlitsmyndavélum. Þeir sem telja sig þekkja mennina eða búa yfir upplýsingum um málið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444 1100. **- jss**


**EFTIRLÝSTIR** Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu lýsir eftir þessum þremur mönnum vegna síendurtekinna tilrauna þeirra til innbrota.


VELUR ÞÚ FAGMANN EÐA FÚSKARA?
Það kemur ekki til greina að velja ófaglærða fúskara til sumra verka. Ætti það ekki að eiga við í öllum tilfellum?
Innan raða Samtaka iðnaðarins eru starfandi meistarafélög sem hafa á að skipa löggiltum fagmönnum í öllum iðngreinum. Það er ótvíræð trygging fyrir gæðum og réttum vinnubrögðum að skipta við meistara og fagmenn sem hafa tilskilin réttindi og þekkingu.
SI
Samtök iðnaðarins - www.si.is
HVÍTA HÚSIÐ/SÍA – 09-0618



**VATNIÐ KÆLIR** Krakkarnir í Katmandu í Nepal leika sér að því að stökkva út í tjörn í sumarhitanum, bæði til þess að kæla sig og skemmta sér. NORDICPHOTOS/AFP

Norræn tillaga um að Finnar og Svíar taki þátt í lofthelgiseftirliti yfir Íslandi:

# Ólíklegt að Finnar verði með

**VARNARMÁL** Ólíklegt er að finnskar orrustuþotur muni taka þátt í að sinna loftrýmiseftirliti yfir Íslandi. Að því er finnska dagblaðið Helsingin Sanomat hefur eftir heimildarmönnum í finnska stjórnarráðinu eru efnahagslegar, pólitískar og lagalegar hindranir fyrir slíkri þátttöku. Upp á henni var stungið í tillögum sem Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkisráðherra Noregs, vann fyrir Norrænu ráðherranefndina og kynntar voru í febrúar.

„Þetta verkefni væri einum of langt gengið. Jafnvel þótt nægar fjárveitingar væru fyrir hendi væru pólitísk atriði í veginum," hefur blaðið eftir einum heimildarmanninum.

Í Stoltenberg-skýrslunni er nefnt að meðal þess sem Norðurlöndin gætu gert til að efla samstarf sitt og samheldni á sviði öryggis- og varnarmála væri að Norðurlöndin fjögur sem reka flugheri tækju öll þátt í loftrýmiseftirliti yfir Íslandi, sem annars er skipulagt af Atlantshafsbandalaginu. Að Svíar og Finnar, sem eiga ekki aðild að NATO, tækju þátt í því væri enn einn áfanginn að því að binda báðar þjóðir nánari böndum við bandalagið.

Ekki er vænst formlegrar niðurstöðu í málinu fyrir hönd finnskra stjórnvalda fyrr en í lok maí. - aa



**LOFTRÝMISEFTIRLIT** Dönsk orrustuþota á eftirlitsflugi. Rætt er um að finnskar og sænskar taki líka þátt. NORDICPHOTOS/AFP

Gestur á Litla-Hrauni:

# Með eiturlyf í leggöngunum

**DÓMSMÁL Kona hefur verið dæmd í sjötíu og fimm daga fangelsi fyrir að reyna að smygla eiturlyfjum inn í fangelsið á Litla-Hrauni í leggöngum sínum. Þessa tilraun gerði konan í desember á síðasta ári. Henni varð þó ekki ágengt því fíkniefnahundur þefaði þau uppi í fangelsinu.**

**Efnin sem konan hafði komið fyrir innvortis voru amfetamín, kókaín og óþekktar lyfjatöflur. Efnin fundust við líkamsleit.**

**Konan var jafnframt svipt ökuréttindum ævilangt, því lögregla hafði tekið hana undir stýri undir áhrifum amfetamíns.** - jss

Guðjón Arnar Kristjánsson:

# Flokkurinn er ekki að deyja

**STJÓRNMÁL** „Frjálslyndi flokkurinn er ekki að deyja," segir Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, sem tapaði öllum sínum þingsætum á laugardag. „Ég held áfram að vinna fyrir minn flokk ef fólk vill það."

Raddir eru uppi innan flokksins um að Guðjón og forystan öll segi af sér og boðað verði til landsfundar. Guðjón Arnar minnir hins vegar á að stutt sé liðið frá síðasta landsfundi, þar sem hann hafi hlotið afdráttarlausa kosningu í formannsembættið. „Það er hins vegar ekki mitt að ákveða hvort boðað verði til landsfundar heldur miðstjórnar flokksins. Hún hittist á morgun."

Guðjón segist ekki eiga von á öðru en að flokkurinn bjóði fram í sveitarstjórnarkosningum að ári. - bs

Þráinn Bertelsson hyggst ekki afsala sér heiðurslaunum og hafnar því að gefa peningana til líknarmála:

# Þarf ekki að kaupa siðferðilega aflausn

**STJÓRNMÁL** Þráinn Bertelsson, nýkjörinn alþingismaður Borgarahreyfingarinnar, hyggst ekki afsala sér heiðurslaunum listamanna sem Alþingi hefur um árabil samþykkt honum til handa.

„Góðviljaðir aðilar hafa ráðlagt mér að kaupa mig undan þessari athygli með því að gefa andvirði heiðurslauna til einhvers líknarfélags en þeirri lausn hafna ég, enda þarf ég ekki að kaupa mér siðferðilega aflausn hafandi ekkert af mér brotið - annað en þiggja án umsóknar æðstu viðurkenningu sem íslenska þjóðin kann að veita listamönnum sínum," segir Þráinn í yfirlýsingu.

„Það er illt til þess að vita að heiðurslaun mín sem nema eitthundrað og fimmtíu þúsund krónum á mánuði fyrir skatta - og hafa ekkert með starfslaun listamanna að gera - skuli hafa valdið svona mikilli fjölmiðlaathygli og vandlætingu," bætir Þráinn við og segir mörg fordæmi fyrir því að alþingismenn þiggi önnur laun en þingfararkaup. „Jafnframt er það regla fremur en undantekning að heiðurslaunaþegar þiggi laun eða eftirlaun fyrir önnur störf, enda væru heiðurslaun ekki annað en fátæktargildra ef ekki væri heimilt að afla tekna umfram þau."

Í tillögu sem stjórn Borgarahreyfingarinnar samþykkti og sendi þingmönnum sínum í gær kemur fram að stjórnin telji starf þingmanns vera fullt starf og að þingmenn eigi ekki að taka laun frá Alþingi fyrir önnur störf ótengd þingstörfum meðan á þingsetu stendur. Slíkum launum eigi annað hvort að afsala eða láta renna til góðgerðarmála.

„Í tilfelli Þráins Bertelssonar þá telur stjórnin að hafa beri í huga að heiðurslaun til listamanna eru verðlaun fyrir áður unnin störf og fyrir framúrskarandi árangur á sviði lista, en ekki hefðbundin laun í skilningi þess orðs, þótt verðlaunin séu greidd út reglulega og yfir langt tímabil. Því er það á hans færi að ákveða með hvaða hætti hann nýtir þau laun," segir stjórn Borgarahreyfingarinnar. - gar



**ÞRÁINN BERTELSSON** „Það sem miður góðviljaðir aðilar hafa rætt og ritað um þetta sýnir aðeins þeirra innræti en ekki mitt og er þar af leiðandi þeirra vandamál en ekki mitt," segir á bloggsíðu nýkjörins alþingismanns vegna umræðu um heiðurslaun hans. FRÉTTABLAÐIÐ/GVAG




Í ÖRUGGA HÖFN

FYRIRTÆKJA-RÁÐGJÖF

Fyrirtækjaráðgjöf Saga Capital veitir fyrirtækjum, eignarhaldsfélögum og öðrum fjárfestum óháða og faglega ráðgjöf.

- Fjárhagsleg endurskipulagning
- Kaup, sala og sameining
- Vöktun kaup- og sölutækifæra
- Stöðumat og verðmat
- Samningaviðræður og samningsgerð
- Umsjón með áreiðanleikakönnunum

Starfsmenn Fyrirtækjaráðgjafar Saga Capital hafa sjálfir umfangsmikla reynslu af stjórnun fyrirtækja og þekkingu á viðskiptum með fyrirtæki.

Saga Capital

FYRIRTÆKJARÁÐGJÖF SAGA CAPITAL | SKÓGARHLÍÐ 22 | 105 REYKJAVÍK | SÍMI 545 2600 | SAGACAPITAL.IS

# MYRKÁ KOMIN Í KILJU

**ERLENDAR-SERÍAN** heldur áfram




*„Mjög sannfærandi flétta og óvæntur endir.“*
PÁLL BALDVIN BALDVINSSON, KILJAN

*„... einn af þéttustu krimmum Arnaldar.“*
★★★★
ÞRÖSTUR HELGASON, MORGUNBLAÐIÐ

*„Ég mæli hiklaust með henni.“*
KATRÍN JAKOBSDÓTTIR, MANNAMÁL

*„Glæpasagnahöfundur í heimsklassa.“*
THE SUNDAY TIMES

*„Arnaldur Indriðason er fremstur norrænna sakamálahöfunda.“*
THE TIMES



Í snyrtilegri íbúð í Reykjavík finnst fáklæddur ungur maður liggjandi í blóði sínu. Vísbendingar leiða lögregluna fljótlega á slóð dulins ofbeldis og hrottalegra sálarmorða sem aldrei verður hefnt til fulls.

**Mögnuð og nístandi saga eftir meistarann Arnald Indriðason.**

VAKA-HELGAFELL

www.forlagid.is

BÓKIN ER PRENTUÐ Á ÍSLANDI



**STÍFLUÐ STÍFLA** Sjálfboðaliðar unnu hörðum höndum við að hreinsa rusl í ómældu magni úr stíflulóni skammt frá bænum Krichim í Búlgaríu.
NORDICPHOTOS/AFP

Atli Gíslason vill að fram fari lýðræðisleg og upplýst umræða um ESB-aðild:

# Sakar ekki að sjá hvað er í boði

**STJÓRNMÁL** „Þingflokkurinn samþykkti einróma að mynda félagshyggju- og velferðarstjórn með Samfylkingu og það eru viðræður í gangi milli flokkanna um lausn í þessu ESB-máli og ég bíð hennar,“ segir Atli Gíslason, þingmaður VG. Hann var spurður hvort rétt væri að hann styddi ekki ríkisstjórn sem hafi ESB-aðildarviðræður að markmiði, en Atli hefur sagt að réttast væri fyrir Samfylkingu að leita samstarfs við aðra flokka um slíkar viðræður.

Atli neitar því að hann sé ósammála ályktun landsfundar VG um að ESB-aðild skuli leidd til lykta í þjóðaratkvæðagreiðslu. Hann hafi ávallt talað fyrir því að fram fari lýðræðisleg og upplýst umræða um ESB og þjóðaratkvæðagreiðsla um aðildina. „Ég held að allir séu á því, það er bara spurning um hvenær hún verður, á hvaða stigi málsins,“ segir Atli.

Spurður hvort ekki sé vit í því að athuga hvað sé í boði hjá ESB, áður en aðild er hafnað, segir Atli að hann telji að „við vitum 95 prósent hvað við fáum“. En sakar að ganga úr skugga um það? „Nei, nei. Það er líka inni í umræðunni að skoða það betur,“ segir hann.

En hvaða leið telur Atli betri, til dæmis í gjaldeyrismálum, en ESB-aðild? „Það eru ýmsar aðrar leiðir. Tenging við annan gjaldmiðil, dollarann eða norsku krónuna,“ segir hann.



ATLI GÍSLASON

Forsætisráðherra Noregs hefur hafnað myntsamstarfi ríkjanna tveggja, en Atli minnir á að ekki hafi verið látið reyna á þetta í samningaviðræðum. Eins komi til greina að taka upp evru án þess að ganga í ESB. Hann hefur þó ekki skoðað þessar leiðir sjálfur. **- kóp**

Ríkissaksóknari áfrýjar máli:

# Telur ofbeldi að hjóla á mann

**DÓMSMÁL Ríkissaksóknari telur að sú túlkun héraðsdóms, að það að hjóla á mann vísvitandi teljist ekki endilega líkamsárás, sé í andstöðu við viðurkennd sjónarmið. Hann áfrýjar því sýknudómi um þetta til Hæstaréttar.**

**Málið fjallar um mann sem hjólaði á lögreglukonu, en hún var við skyldustörf. Hafði komið fram að maðurinn hefði aukið hraðann á hjólinu þegar hann nálgaðist konuna, og honum hafði verið bent á að stöðva hjólið.**

**Maðurinn var sýknaður af ofbeldisbroti gegn valdstjórninni, en ríkissaksóknari vill fá því hnekkt. - kóp**

Trjáræktarklúbburinn:

# Plantað í Trjásafn eftir eitt ár

**REYKJAVÍK** Unnið er að því að stofna viðamikið Trjásafn í hlíðum Esjunnar, rétt fyrir ofan Mógilsá. Trjáræktarklúbburinn hefur að markmiði að auka fræðslu um trjágróður og náttúrufar.

Sveinn Þorgrímsson, formaður klúbbsins, segir að besta leiðin til þess að ná markmiðinu sé að koma upp sýnilegu safni þannig að menn geti séð mismunandi trjátegundir. Trjáklúbburinn hafi lengi safnað fræjum til að leggja inn í Trjásafnið. **- ghs**

Kosningar og ESB-umræða rætt í Noregi:

# Áhrifin umdeilanleg

**NOREGUR** ESB-umræða Íslendinga hefur vakið athygli í Noregi eftir alþingiskosningarnar, sérstaklega sú staðreynd að Samfylkingin getur myndað ríkisstjórn og gengið til aðildarviðræðna við Evrópusambandið, ESB, þannig að Íslendingar verði komnir með evruna innan nokkurra ára. Norðmenn velta fyrir sér hvort og þá hvaða áhrif þetta hafi á norsk stjórnmál og EES-samninginn.

Heming Olausssen, forsprakki hreyfingarinnar Nei við ESB, sagði í viðtali við NRK að niðurstaða kosninganna hefði engin áhrif á afstöðu Norðmanna til ESB-aðildar. Það væri í hæsta máta ólíklegt að Ísland yrði aðili að ESB. Íslendingar ættu eftir að sækja um og fara í aðildarviðræður og síðan ætti eftir að fara fram þjóðaratkvæðagreiðsla.

Dagfinn Høybråten, leiðtogi kristilegra, telur að langt sé þangað til Íslendingar fái aðild að ESB. Afstaða Íslendinga sé ekkert skýrari en áður. EES-samningurinn sé fyrst og fremst samningur milli Norðmanna og ESB. **- ghs**



**SPRENGJUMENNIRNIR FJÓRIR** Mynd náðist af þeim að morgni 7. júlí 2005 áður en þeir sprengdu sig í loft upp. Sakborningarnir þrír reyndust ekki vitorðsmenn þeirra.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þrír sýknaðir af ákærum fyrir aðild að hryðjuverkum:

# Niðurstaðan áfall fyrir ákæruvaldið

**BRETLAND, AP** Þrír menn, sem grunaðir voru um aðild að sprengjuárásunum í London 7. júlí 2005, voru í gær sýknaðir af ákærum.

Kviðdómur komst að þeirri niðurstöðu að þeir Waheed Ali, Sadeer Saleem og Mohammed Shakil, sem taldir voru hafa aðstoðað árásarmennina, hafi ekkert haft með málið að gera.

Þessi niðurstaða þykir áfall fyrir ákæruvaldið í Bretlandi. Litlar vonir þykja nú til þess að nokkurn tímann komist upp um vitorðsmenn árásarmannanna, hafi þeir nokkrir verið.

Árásarmennirnir voru fjórir, með jafnmargar sprengjur sem sprungu í neðanjarðarlestum eða strætisvögnum á fjórum stöðum í London. Árásirnar kostuðu 52 manns lífið, en fjöldi manns særðist að auki.

Jacqui Putnam, einn þeirra sem særðust, sagðist vonsvikinn vegna þess hve illa hefur gengið að draga nokkurn til ábyrgðar vegna árásanna.

„Það hefur verið sársaukafullt að fylgjast með réttarhöldunum, og það er jafn sársaukafullt að vera hér, nærri fjórum árum eftir árásirnar 7. júlí, þegar svo mörgum spurningum er enn ósvarað,“ sagði hann í yfirlýsingu.

Í síðustu viku voru látnir lausir í Bretlandi tólf menn, sem handteknir voru fyrr í mánuðinum vegna gruns um hryðjuverkastarfsemi. **- gb**






Börnum og starfsfólki leikskólanna fjölgar:

# Leikskólabörnin hafa aldrei verið fleiri

**MENNTUN** Leikskólabörn hafa aldrei verið fleiri hér á landi, en í desember 2008 voru þau 18.278. Þá hafði þeim fjölgað um 4,1 prósent á einu ári, eða um 717. Fjölgunin skýrist annars vegar af stærri árgöngum á leikskólaaldri og hins vegar af hlutfalli þeirra sem sækja um leikskólapláss fyrir börn sín. Það á sérstaklega við um yngstu börnin.

Að sama skapi hefur starfsfólk leikskóla aldrei verið fleira, en í desember störfuðu 5.568 starfsmenn í 4.761 stöðugildi á leikskólum landsins. Þeim hafði fjölgað um 7,9 prósent á einu ári, eða um 409. Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hagstofu Íslands. **- kóp**



**LEIKSKÓLABÖRN** Aldrei hafa fleiri börn verið á leikskóla hér á landi.
E. ÓL.

Utanríkisráðherra Georgíu:

## Litlar áhyggjur af Rússum

**SVÍÞJÓÐ Atlantshafsbandalagið verður með heræfingu í Georgíu í maí. Rússar hafa gagnrýnt þetta harðlega. Gregory Vashadze, utanríkisráðherra Georgíu, gefur ekki mikið fyrir gagnrýni Rússa og óttast ekki innrás þeirra.**

**Rússar halda því fram að heræfingin komi til með að auka spennuna í Georgíu. Georgíski utanríkisráðherrann segir að Rússar eigi að draga hersveitir sínar til baka í samræmi við samninga. Georgía hafi sem sjálfstæð þjóð rétt til að hafa þær heræfingar sem hún vilji og í samstarfi við þá sem hún vilji.**

- ghs

Spágildi skoðanakannana fyrir úrslit nýafstaðinna alþingiskosninga:

# Fréttablaðið nær réttum þingmannafjölda

**SKOÐANAKÖNNUN** Síðasta könnun Capacent Gallup var nær úrslitum kosninga en síðasta könnun Fréttablaðsins ef litið er til kjörfylgis. Könnun Fréttablaðsins var hins vegar nær réttum þingmannafjölda hvers flokks.

Að meðaltali var frávik könnunar Capacent Gallup, sem gerð var 21. til 23. apríl, 1,3 prósentustig frá úrslitum kosninga. Mestu frávikin voru frá kjörfylgi Vinstri grænna og Framsóknarflokks. Capacent Gallup ofmat fylgi Vinstri grænna um 4,6 prósentustig og vanmat fylgi Framsóknarflokksins um 2,8 prósentustig. Frávik frá kjörfylgi annarra flokka var innan við eitt prósentustig.

Fréttablaðið var að meðaltalið 1,5 prósentustigum frá úrslitum kosninga. Mestu frávikin voru frá kjörfylgi Framsóknarflokksins, sem Fréttablaðið vanmat um 3,5 prósentustig, þá vanmat blaðið fylgi Sjálfstæðisflokks um 1,8 prósentustig. Fylgi Samfylkingar var ofmetið um 2,0 prósentustig og fylgi Vinstri grænna var ofmetið um 2,4 prósentustig.

Bæði Fréttablaðið og Capacent vanmátu þingmannafjölda Framsóknarflokks um tvo menn og þingmannafjölda Sjálfstæðisflokks um einn mann. Þá vanmat Capacent þingmannafjölda Samfylkingar um einn, en Fréttablaðið ofmat samfylkingarþingmenn um einn. Þá ofmat Fréttablaðið fjölda þingmanna Vinstri grænna um tvo, en Capacent Gallup ofmat fjölda þingmanna Vinstri grænna um fjóra. Fréttablaðið var því með sex þingmenn ranga, en Capacent Gallup átta.

- ss

### FYLGI OG KJÖRFYLGI STJÓRNMÁLAFLOKKANNA




Innri endurskoðun Reykjavíkur:

## Rannsakar ekki Guðlaug Þór

**STJÓRNMÁL** Innri endurskoðun Reykjavíkurborgar telur ekki tilefni til að taka út sérstaklega og skoða störf Guðlaugs Þórs Þórðarsonar, núverandi þingmanns, þegar hann var stjórnarformaður Orkuveitu Reykjavíkur.


GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON

Í svari til hans segir að nú þegar hafi ítarlega verið fjallað um málefni Orkuveitu og REI, til dæmis hjá stýrihópi borgarráðs um málefni REI.

Guðlaugur hafði farið fram á úttektina, en í svari til hans er minnt á að umboðsmaður Alþingis hafi beðið um upplýsingar frá Orkuveitunni, sem kynnu að varpa ljósi á meðferð valds og eftirlits í málinu. Umboðsmaður muni enn vera að skoða það mál.

- kóþ

Engin áform um Austurstræti:

## Kaldur bjór bætist í búðir

**VERSLUN Engin áform eru enn uppi um að setja upp kæli í verslun ÁTVR í Austurstræti, ólíkt fjölda verslana ÁTVR á höfuðborgarsvæðinu.**

**Sigrún Ósk Sigurðardóttir, aðstoðarforstjóri ÁTVR, segir kalda bjórinn vinna á hægt og bítandi. Kælar séu nú komnir í verslunina Heiðrúnu, í Reykjanesbæ, Dalvegi, Skeifunni, Borgartúni og í Skútuvogi. Einnig í Kringlu og Smáralind.**

**Í ágúst 2007 stöðvaði þáverandi borgarstjóri sölu kælds bjórs í versluninni í Austurstræti. Sigrún segir kælingu þar ekki vera á dagskránni í bili. „Við höfum aðallega verið að horfa á þetta inn í nýju búðirnar," segir hún, en aftekur að stefnan sé sú að hafa þessa þjónustu ekki þar sem eftirspurnin sé hvað mest, það er í miðbæ Reykjavíkur.**

- kóþ

KÝPUR

### Flóttamaður á réttinn

Evrópudómstóllinn kvað upp þann úrskurð að bresk hjón verði að víkja af landareign sem þau keyptu á norðurhluta eyjunnar Kýpur. Landareignin tilheyrir Kýpur-Grikkja, þrátt fyrir að hann hafi flúið frá norðurhluta eyjunnar þegar Tyrkir lögðu hann undir sig árið 1974.

SAMGÖNGUR

### Eignarnám heimilt í Miðfelli

Samgönguráðuneytið segir það hafa verið lögmæta ákvörðun hjá Vegagerðinni að taka eignarnámi land undir veg og jarðefni til vegagerðar úr landi Miðfells við Þingvallavatn og hafnar kröfu um að ógilda ákvörðunina. Kærandi telur að vegaframkvæmdirnar muni spilla vatni og valda tjóni á ómetanlegu landi.




BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
79
FRISSI FRÍSKI 1 LTR 79 kr.
98
SVALI SYKURLAUS 3 FERNUR 98 kr.
79
EUROSHOPPER
MAISKORN 340G 79 kr.
NÝ BAKAÐ
198
198
198
BÓNUS NÝBAKAÐ KORNKUBBAR 4 STK 198 kr.
BÓNUS NÝBAKAÐ MJÚKAR KRINGLUR 4 STK 198 kr.
BÓNUS NÝBAKAÐ KLEINUHRINGIR 2 STK 198 kr. KARAMELLU OG SÚKKULAÐI.
ÍSLENSK FRAMLEIÐSLA
219
BÓNUS SNAKK 160G 219 kr.
AÐEINS 20-25g AF FITU. ENGIN HERT FITA
INNIHALD NAUTA/GRÍSAKJÖT
398
FERSKIR GRILLBORGARAR 4 STK MEÐ BRAUÐI
398 kr.
179
MYLLU HEIMILISBRAUÐ 770G 179 kr.
198
BÓNUS GRILLSÓSUR KALDAR 270 ml 198 kr.
PIPAR OG HVÍTLAUKS
498
BÓNUS WC PAPPÍR 18 RÚLLUR 498 kr.
BÓNUS ELDHÚSRÚLLUR 6 RÚLLUR 498 kr.
298
BÓNUS FORSOÐNAR ÍSLENSKAR KARTÖLFUR
900G 298 kr.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00-18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
20 ára BÓNUS 1989 - 2009
1359
KS HRYGGUR Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1798
KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.
698
FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 698 kr./kg.
1359
KS LÆRI Í SNEIÐUM 1359 kr./kg.
1498
KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLKLINGABRINGUR 1498 kr./kg.
498
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL 498 kr./kg.
1198
HOLLENSKAR FROSNAR GRÍSALUNDIR
1198 kr./kg.
298
KS FROSIN LAMBASVIÐ 298 kr./kg.
98
BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK
98 kr. 20 KR BRAUÐIÐ.
489
BÓNUS PYLSUR 10 STK
489 kr./kg. CA 25 KR PYLSAN
98
COKE 1 LTR.
98
COKE LIGHT
1 LTR.
1. MAI
ALLAR VERSLANIR
BÓNUS VERÐA LOKAÐAR
FÖSTUDAGINN 1.MAI
Á FRÍDEGI VERKAFÓLKS
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: MIÐVIKUDAGUR 12.00-18.30

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Marka Samfylking og Vinstri græn tímamót?

## 1978 eða 1994?

**JÓN KALDAL SKRIFAR**

Ein stærsta spurningin sem úrslit kosninganna skilja eftir sig, er hvort þáttaskil hafi orðið í stjórnmálalífi landsins eða hvort allt fari í sömu hjólför og áður fyrr en varir.

Sá magnaði þýski fótboltamaður Lothar Matthaus lýsti einu sinni íþrótt sinni á þessa leið: „Fótbolti er einfaldur leikur. Tuttugu og tveir menn hlaupa um í 90 mínútur og svo vinna Þjóðverjar.“

Þessa lýsingu þýska harðjaxlsins hefur hingað til verið auðvelt að heimfæra upp á íslenska pólitík: Stjórnmálaflokkarnir heyja kosningabaráttu og svo vinnur Sjálfstæðisflokkurinn.

Þetta breyttist hins vegar um helgina. Í fyrsta skipti frá því Sjálfstæðisflokkurinn var stofnaður, er hann ekki stærsti stjórnmálaflokkur landsins. Í því sæti situr nú Samfylkingin.

Stærsti sigur flokka vinstra megin við miðju, fram til þessa, var árið 1978, þegar Alþýðuflokkur og Alþýðubandalagið fengu um 45 prósent atkvæða. Í kjölfarið mynduðu þeir ríkisstjórn undir forystu Framsóknarflokks. Sú stjórn lifði rétt rúmlega tólf gæfulausa mánuði.

Ýmsir hafa viljað nota þá sögu sem forspá um afdrif þeirrar ríkisstjórnar sem er nú í smíðum í Norræna húsinu, að hún muni liðast í sundur innan skamms, komist hún á annað borð á koppinn. Leiðin verði þá greið fyrir endurkomu Sjálfstæðisflokksins og regla komist á tilveruna á nýjan leik. Allt fari í sama far og áður.

Þetta er vissulega möguleiki. Vinstri stjórnir hafa ekki orðið langlífar á Íslandi. Það er að segja við landsstjórnina. Allt annað gildir í sveitarstjórnarmálunum. Þar er auðvitað R-listinn nærtækasta dæmið. Það samstarf miðju- og vinstriflokka hélt í höfuðborginni í tólf farsæl ár, og lauk fremur vegna innbyrðis þreytu en óánægju kjósenda.

Samfylking og Vinstri græn standa nú frammi fyrir þeim möguleika að marka álíka þáttaskil í stjórnmálasögunni og sigur R-listans 1994.

Erfitt er að gera sér í hugarlund að Sjálfstæðisflokkurinn nái aftur sömu yfirburðastöðu í Reykjavík og hann hafði lengst af fyrir þau tímamót. Sérstaklega eftir að Sjálfstæðisflokkurinn sýndi í borgarstjórn haustið 2007 að engin ástæða er til að treysta frekar á að fulltrúar í einum stórum flokki gangi í takt, en fulltrúar í samstarfi nokkurra flokka. Þegar meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks sprakk það haust, var glundroðakenning hægrimanna lögð til grafar í eitt skipti fyrir öll.

Til að sigur Samfylkingar og Vinstri grænna um helgina marki spor fyrir alvöru, þarf að verða til ríkisstjórn sem er starfi sínu vaxin. Það flækir auðvitað verulega málin að framundan er mesti niðurskurður á útgjöldum ríkisins, sem nokkur stjórn hefur þurft að ráðast í. Það mun þurfa sterk bein í þá vinnu.

En eins og Jón Steinsson hagfræðingur benti á í afbragðs grein, sem birtist í Morgunblaðinu á mánudag og fékk ekki verðskuldaða athygli, er líka mikið svigrúm fyrir næstu stjórn til að setja jákvætt mark sitt á íslenskt samfélag: Það þarf að gera siðbót í stjórnmála- og fjármálalífinu, nýta styrkleika markaðarins, en ekki hlaða undir fjármagnið, auka jöfnuð meðal manna og treysta á sköpunarkraft þjóðarinnar frekar en ríkisdrifnar stóriðjuframkvæmdir þegar eitthvað bjátar á. Næstu ríkisstjórnar bíða sem sagt ekki aðeins leiðinleg og óvinsæl verkefni. Sóknarfærin eru líka mörg.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.

**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hver yrðu markmiðin?

Samfylkingin og Vinstri græn reyna að koma sér saman um myndun ríkisstjórnar en þar eru Evrópumálin helsti ásteytingarsteinninn. Gefum okkur að flokkarnir nái að leggja sína velferðarbrú yfir gjána sem skilur þá að og komist að þeirri málamiðlun að sækja um aðild að ESB og bera samninginn undir þjóðaratkvæði. Næsta skref væri væntanlega að ákveða samningsmarkmiðin. Þá vandast hins vegar málið. Vinstri græn hafa ekki farið dult með þá skoðun að þau telja hagsmunum Íslands betur borgið utan ESB. Hvaða markmið leggur flokkur sem er á móti aðild upp með í aðildarviðræður?



### Skakkaföll

Greint hefur verið frá því að sökum fylgistaps lækki fjárframlög ríkisins til Sjálfstæðisflokksins um 56 milljónir króna. Það er á pari við styrkina frá FL-Group og Landsbankanum, sem formaður flokksins hefur sagt að verði endurgreiddir. Alls nema búsifjar Sjálfstæðisflokksins upp á síðkastið því upp á rúmlega 110 milljónir króna. Miðað við yfirlýsingar sjálfstæðismanna um að þeim einum sé treystandi til að koma efnahagslífinu aftur á réttan kjöl, ætti flokknum ekki að verða skotaskuld úr því að greiða fljótt og vel úr eigin fjárhagsvanda.

### Fylgdist ekkert með

Í athugasemd við eigin bloggfærslu játar sjónvarpsmaðurinn Egill Helgason að hafa brugðist fyrir kosningarnar á laugardaginn. „Mér fannst þær alveg sérlega óáhugaverðar. Ég sá ekki einn einasta framboðsþátt og fylgdist nákvæmlega ekkert með þessu,“ skrifar Egill og bætir við að sér hafi þótt kosningarnar ótímabærar. Það er vitaskuld fullgild ástæða fyrir fjölmiðlamenn að fallast hendur og leggja árar í bát þegar atburðarásin er ekki eftir þeirra hentugleika. En var það þá ekki ábyrgðarhluti hjá RÚV að fela einhverjum öðrum að stjórna umræðum um kosningarnar en áhugalausum sjónvarpsmanni sem fylgdist ekkert með?



bergsteinn@frettabladid.is

# Vegna tilboðs til hluthafa Exista



**LÝÐUR GUÐMUNDSSON OG ÁGÚST GUÐMUNDSSON**

**Í DAG** | Viðskipti

Nýlega sendum við bræður þúsundum hluthafa í Exista gögn vegna yfirtökutilboðs. Í ljósi skrifa og ummæla, sem fallið hafa í kjölfarið, viljum við að skýrt komi fram að það er ekki markmið okkar að komast yfir hluti annarra hluthafa í Exista. Yfirtökutilboð eignarhaldsfélags okkar, BBR ehf., er til komið vegna lagalegra kvaða um að bjóða öðrum hluthöfum að velja hvort þeir selji hlutabréf sín eða kjósi að vera áfram hluthafar í Exista. Hér er ekki um innlausn að ræða og við munum hvorki hvetja né letja aðra hluthafa til þess að taka tilboðinu.

Í lögum um verðbréfaviðskipti er kveðið á um að hluthafi, sem eignast a.m.k. 40% atkvæða í félagi, beri að „gera öðrum hluthöfum félagsins yfirtökutilboð, þ.e. tilboð um að kaupa hluti þeirra í félaginu“. Í kjölfar þess að BBR fór yfir þessi mörk uppfylltum við þessa lagaskyldu með því að senda tugþúsundum hluthafa Exista tilboðsgögn, enda kveða lögin á um að öllum hluthöfum, stórum sem smáum, skuli gert slíkt tilboð. Það skal tekið skýrt fram að bæði yfirtökutilboðið sjálft og allur kostnaður sem því tengist er greiddur af okkur með eigin fé BBR.

Verðið í yfirtökutilboðinu samsvarar því verði sem BBR greiddi fyrir hlutabréfin í Exista í desember síðastliðnum. Tilboðsverðið var samþykkt af Fjármálaeftirlitinu eftir að óháðir sérfræðingar á þess vegum höfðu verðmetið félagið. Að sjálfsögðu endurspeglast í verði hlutabréfanna sú staðreynd að fall Kaupþings var Exista þungbært og að við efnahagslegt áfall eru það lánveitendur sem njóta forgangs fram yfir hluthafa. Við viljum leggja áherslu á að okkur þykir miður að eignir hluthafa Exista hafi rýrnað og okkur er síður en svo léttbært að leggja þetta tilboð nú fyrir hluthafa eins og okkur ber skylda til.

Exista varð fyrir meira fjárhagslegu tjóni en nokkurt annað íslenskt fyrirtæki í bankahruninu í október þegar eign félagsins í Kaupþingi þurrkaðist út. Þrátt fyrir það hefur Exista tekist að halda sjó, sem er síður en svo sjálfgefið við slíkar aðstæður. Fyrir því liggja ákveðnar ástæður og viljum við benda á þrjár þeirra:

■ Í fyrsta lagi hefði ekkert fyrirtæki getað staðist áföll af þessu tagi án sterkrar fjárhagslegrar undirstöðu og ábyrgrar fjármálastjórnunar. Exista hefur staðið vörð um rekstur dótturfélaga sinna, m.a. VÍS, Lýsingar og Símans, enda er staða þessara fyrirtækja traust þrátt fyrir efnahagshrunið.

■ Í öðru lagi sýndu stjórnendur Exista snör og öguð vinnubrögð við afar erfiðar aðstæður þegar áföllin riðu yfir. Erlendar eignir félagsins voru seldar samstundis og hafa starfsmenn Exista unnið sleitulaust að framtíðarlausnum fyrir félagið til að standa við skuldbindingar þess.

■ Í þriðja lagi skipti það sköpum að Exista fékk aukið reiðufé frá okkur bræðrum í gegnum BBR eftir bankahrunið, nánar tiltekið við hlutafjáraukningu í desember. Laust fé hefur gefið félaginu svigrúm til þess að vinna að endurskipulagningu í kjölfar áfallsins. Við hlutafjáraukninguna fór hlutur BBR yfir fyrrgreind 40% mörk sem er ástæða þess að okkur er skylt að gera öðrum hluthöfum yfirtökutilboð.

Strax eftir bankahrunið í október boðuðum við til hluthafafundar í Exista til að fara yfir stöðu mála með hluthöfum félagsins. Þar lýstum við bræður því yfir að við myndum gera allt sem í okkar valdi stæði til þess að bjarga félaginu. Því höfum við fylgt eftir með fjármunum og vinnu. Það er svo ákvörðun hvers og eins hluthafa í Exista hvort hann vilji vera áfram í hluthafahópnum í von um að verðmæti eignar hans muni aukast í framtíðinni.

*Höfundar eru Bakkavararbræður.*

# Fortíðarvandi nýju bankanna

**UMRÆÐAN**

Gunnar Tómasson skrifar um endurreisn bankakerfisins og skuldir sj-ávarútvegs



**GUNNAR TÓMASSON**

Mestur hluti útlána íslenzku bankanna í lok september 2008 var fjármagnaður með erlendum lánum. Bankarnir voru því milliliðir erlendra fagfjárfesta og lántakenda innanlands. Í september lok voru almenn innlán í krónum um 1.300 milljarðar eða um 8,4% af 14.000 milljarða heildarskuldum bankanna. Þar af voru innlendar skuldir liðlega 3500 milljarðar og erlendar skuldir rúmir 10.300 milljarðar.

Áætlanir um endurreisn bankakerfisins hafa frá upphafi byggt á þeirri hugmynd að nýir bankar tækju yfir hluta af eignum og skuldum gömlu bankanna. Nýju bankarnir myndu síðan veita atvinnulífi og heimilum landsins almenna bankaþjónustu en láta skilanefndum gömlu bankanna eftir uppgjör þrotabúa þeirra. Eins og Jón Gunnar Jónsson bankamaður hefur nýlega bent á er mikilvægt að aðferðafræðin við uppstokkun bankakerfisins miði fyrst og fremst að því að nýju bankarnir verðskuldi fullt traust markaðsaðila innanlands og utan í kjölfar endurreisnarinnar. Það verður bezt tryggt með því að 1.300 milljarða innlánin verði yfirtekin af nýju bönkunum ásamt samsvarandi hluta (vafasamra) eigna gömlu bankanna á niðurfærðu verði sem samið yrði um við kröfuhafa gömlu bankanna. Í þessu sambandi hefur komið fram að matsfyrirtækin Deloitte og Oliver Wyman hafa verðmetið eignasafn gömlu bankanna á forsendum sem taka ekki mið af breyttum horfum í efnahagsmálum heims frá sl. hausti. Það er hins vegar áríðandi fyrir trúverðugleika nýju bankanna á komandi tíð að umsamið verð á yfirteknum eignum gömlu bankanna sé ekki umfram raunhæft markaðsvirði þeirra.

Áreiðanlegar upplýsingar vantar um skuldir sjávarútvegsfyrirtækja við gömlu bankana, sem fjármálaráðherra sagði á Alþingi 5. marz sl. að væru þrefaldar eða fjórfaldar árstekjur sjávarútvegs. Vaxtakostnaður einn og sér jafngildir því stórum hluta ársteknanna. Það væru því alvarleg mistök sem myndu flækja endurreisn bankakerfisins ef fortíðarvandi/skuldir sjávarútvegs væru fluttar í nýju bankana. Samkvæmt íslenzkum lögum er úthlutaður kvóti ekki varanleg eign einstakra kvótahafa. Þeir erlendu kröfuhafar sem lánað hafa íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum fjármagn gegn veðum í slíkum kvóta taka með því áhættu sem er á þeirra eigin ábyrgð.

*Höfundur er hagfræðingur.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*


ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Græna prentsmiðjan
UMHVERFISMERKIÐ SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 29. apríl 2009 – 17. tölublað – 5. árgangur
Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 vísir

Tyrkneskt vatn á flöskum
Einkennilegur innflutningur? 2

Fréttaskýringin
Er Ísland gjaldþrota? 4

Guðmundur Arnar Guðmundsson
Netið og markaðsstjórar 6









SKÚLI MOGENSEN

## Skúli í Oz enn í símanum

Skúli Mogensen, fyrrverandi forstjóri hugbúnaðarfyrirtækisins Oz, hefur tekið sæti í stjórn kanadíska tæknifyrirtækisins Airborne Technology Ventures ásamt því að fjárfesta í því fyrir hálfa milljón Bandaríkjadala, jafnvirði rúmra 65 milljóna króna að núvirði.

Oz vann lengi vel að þróun ýmissa tæknilausna fyrir farsíma og var staðsett í Kanada þegar finnski farsímarisinn Nokia keypti fyrirtækið í fyrrahaust.

Fyrirtækið er móðurfyrirtæki Airborne Mobile, sem var stofnað fyrir áratug og gerir farsímanotendum kleift að nálgast ýmis konar afþreyingarefni í símum sínum. Skrifstofur þess eru í Montreal í Kanada og eru starfsmenn 52.

Haft er eftir Skúla í tilkynningu frá fyrirtækinu að hann telji fyrirtækið afar spennandi fjárfestingarkost í þeirri tæknibylgju sem sé framundan í farsímageiranum.

Ekki náðist í Skúla þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir í gær og fyrradag. - jab

### HELST Í ÚTLÖNDUM

**Veikir markaðir** | Helstu hlutabréfavísitölur lækkuðu á alþjóðlegum hlutabréfamörkuðum í gær vegna svínaflensunnar, sem talin er hafa dregið rúmlega hundrað manns til dauða í Mexíkó. Fyrirtæki í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu urðu verst úti í niðursveiflunni.



**Pontiac lagt** | Bandaríski bílaframleiðandinn General Motors tilkynnti á mánudag að framleiðslu á bílum af gerðinni Pontiac verði hætt fyrir lok næsta árs. Fyrirtækið hefur um nokkurra ára skeið glímt við gríðarlega erfiðleika í rekstri og fengið neyðarlán hjá bandarískum stjórnvöldum.

**Samdráttur í útgáfu** | Upplag dagblaða dróst saman um sjö prósent að meðaltali í Bandaríkjunum í mars, samkvæmt nýbirtum tölum. Forráðamenn í bandarískri blaðaútgáfu segja niðurstöðuna sýna að dagblaðalestur á netinu og öðrum miðlum sé að aukast á kostnað prentútgáfunnar.

**Gjaldþrota frændur** | Talið er að nærri því 140 þúsund danskar fjölskyldur séu tæknilega gjaldþrota vegna lækkunar á fasteignaverði. Fjölskyldurnar keyptu húsnæði sitt á árunum 2006 til 2007 þegar fasteignaverð stóð í hæstu hæðum.

# Fyrirtæki skila uppgjörum seint og illa

**Stjórnendur fyrirtækja hér eru trassar í samanburði við erlenda kollega þeirra þegar kemur að skilum ársreikninga. Tíu til fimmtán prósent skila reikningum á réttum tíma.**

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson
skrifar

„Íslensk fyrirtæki hafa komist upp með það í mörg herrans ár að skila ársreikningum seint og illa. Það er til skammar,“ segir Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi.

Creditinfo og Viðskiptaráð hafa lengi kallað eftir því að fyrirtæki taki sig á og skili ársreikningum fyrr en seinna. Kostirnir séu margir. Bæði megi fá skýra mynd af stöðu fyrirtækja eftir hrunið í haust auk þess sem það geti hjálpað til við endurreisn þeirra.

„Við vitum ekki hvernig fyrirtækjum reiddi af sem skila ekki ársreikningum,“ segir Rakel og leggur áherslu á að mikilvægt sé að byggja á eins nýlegum upplýsingum og völ er á. Því er æskilegt að fyrirtæki hraði skilum sínum svo hægt verði að fá sem skýrasta mynd af áhrifum hrunsins á íslenskt atvinnulíf.

Hún útilokar ekki að gamlar, jafnvel úreltar upplýsingar hafi komið fyrirtækjum illa fyrir hrunið. Stjórnendur hafi lagt fram allt að tveggja ára gamlar upplýsingar þegar lán voru tekin og það hafi komið þeim illa. „Ef við byggjum ekki ákvarðanir á nýjum upplýsingum þá eru auknar líkur á að þær séu ekki réttar,“ segir hún.

Rúmlega 90 prósent fyrirtækja erlendis skila ársreikningum sínum á tilsettum tíma. Hér hefur skilafresturinn um margra ára skeið runnið út í ágústlok ár hvert. Rakel segir einungis um tíu til fimmtán prósent fyrirtækja vera búin að skila reikningum sínum þegar sá tími rennur upp. Þau gefi hins vegar í þegar skilafrestur er að baki og sé mesta álagið fyrstu vikurnar á eftir. Sem dæmi hafi tæplega sautján prósent fyrirtækja verið búin að skila uppgjörum sínum í september í fyrra.

Í byrjun þessa mánaðar áttu enn 75 prósent skilaskyldra fyrirtækja eftir að skila inn ársreikningi fyrir þarsíðasta ár og fimmtungur fyrir árið á undan.

Rakel segir ótrúlegt hversu mjög fyrirtæki dragi það að skila ársreikningi. Dæmi eru um fyrirtæki hafi ekki skilað ársreikningi í fimm ár.

Ekki eru þó öll fyrirtæki í trassahópnum því ríflega þúsund fyrirtæki hafa þegar skilað ársreikningi fyrir síðasta ár.

Í fyrrasumar tóku gildi nýjar reglur sem fela í sér að fyrirtæki geta átt yfir höfði sér sekt upp á kvartmilljón vanræki þau skil á árs- eða samstæðureikningi á tilsettum tíma. Tefjist skilin tvö ár í röð nemur sektin hálfri milljón fyrir hvert ár.

Reiknað er með að heildarsektir gætu numið allt að hálfum milljarði króna vegna vanskilanna frá 2006. Rakel hefur efasemdir um gildi sekta enda kvartmilljón ekki þungur baggi fyrir mörg fyrirtæki og virðist sem stjórnendum finnist ekki tiltökumál þótt ítrekanir safni ryki. Hún segir nauðsynlegt að beita öðrum ráðum til að bæta heimtur, jafnvel álíka harkalegum og erlendis. Þar eru fyrirtæki afskráð skili þau ekki reikningi á tilsettum tíma. Þetta er hörð refsing, en virðist duga, að sögn framkvæmdastjóra Creditinfo.



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Eitt uppgjör – betri yfirsýn

Nýttu kosti þess að hafa allt á einum stað.
**Hafðu samband við okkur í síma 560 1600**
eða tilbod@borgun.is og við gerum þér tilboð
í færsluhirðingu fyrir öll greiðslukortaviðskipti.

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

MasterCard Maestro VISA VISA ELECTRON JCB Diners Club International American Express

Ármúla 30 • 108 Reykjavík
Sími 560 1600 • www.borgun.is

**GENGISÞRÓUN**

| | Vika | Frá áramótum |
|---|---|---|
| Alfesca | 0,0% | -21,4% |
| Bakkavör | 2,7% | -53,8% |
| Eimskipafélagið | 0,0% | -20,0% |
| Föroya Bank | 0,0% | -0,8% |
| Icelandair | 0,0% | -62,4% |
| Marel | -12,2% | -42,2% |
| Össur | -0,8% | -9,7% |

**Miðað við lokagengi í Kauphöll í gær.*
*Úrvalsvísitalan OMXI15 218*
*Úrvalsvísitalan OMXI6 635*

**Miðað við gengi í Kauphöll á mánudaginn*

# Pólland bíður eftir evrunum

Ríkisstjórn Póllands hefur samþykkt varaáætlun í evruvæðingu landsins.

Samkvæmt áætluninni er gert ráð fyrir því að landið uppfylli ekki grundvallarskilyrði til þátttöku í gjaldmiðilssamstarfinu ERM-2 sem er nauðsynlegt fyrir upptökuna.

Fyrri áætlun frá í fyrrahaust fól í sér að zloty-inu yrði skipt út fyrir nýjan gjaldmiðil eftir þrjú ár.

Reuters-fréttastofan bendir á að þrátt fyrir þetta hafi ríkisstjórn Donald Tusk forsætisráðherra lýst yfir vilja til að gera sitt besta og ná fyrsta skrefi í átt að gjaldmiðlasamstarfi á fyrri helmingi ársins þótt flestir hagfræðinga telji það afar ólíklegt. - jab




**FORSÆTISRÁÐHERRANN** Afar ólíklegt þykir að Donald Tusk takist að ganga í myntbandalag Evrópu og skipta út zloty-inu fyrir evrur innan þriggja ára. MARKAÐURINN/AFP

# Stoðir skila í sumar

Stoðir (áður FL Group) mun ekki skila uppgjöri síðasta árs í lok mánaðar eins og stefnt var að.

Í tilkynningu segir að á grundvelli laga um verðbréfaviðskipti sé félögum sem eingöngu hafa skráð skuldabréf heimilt að birta ekki uppgjör í kauphöll að því gefnu að lágmarksfjárhæð hvers skuldabréfs sé að minnsta kosti 50 þúsund evru á útgáfudegi bréfanna.

Talsmaður Stoða, segir í samtali við Vísi að þótt ársreikningurinn verði ekki birtur muni hann verða lagður fram að lokum. - jab

# Íslendingar vinna gegn svínaflensunni

## TM Software hefur þróað samskiptagátt sem samhæfir björgunarstarf á hamfarasvæðum fyrir SÞ.

„Við erum á fullu að vinna í því að setja gáttina upp og fara að vinna gegn svínaflensunni í Mexíkó,“ segir Magnús Ingi Stefánsson, verkefnastjóri hjá TM Software, dótturfélagi Nýherja.

Magnús fer fyrir teymi sem vinnur að þróun og hönnun upplýsinga- og samskiptagáttar fyrir Sameinuðu þjóðirnar (SÞ) sem notuð verður til að samræma starf björgunarsveita og lækna á hamfarasvæðum víða um heim.

Þetta er nýjung í starfi SÞ, sem hefur aldrei haft yfir viðlíka tóli að ráða.

Upphaflega var stefnt á að keyra búnaðinn upp um miðjan næsta mánuð. Þegar svínaflensan kom upp í Mexíkó um helgina var ákveðið að setja allt á fullt og koma búnaðinum í gagnið ytra sem fyrst.

Eins og staðan var um hádegisbil í gær átti TM Software að skila af sér öllu efni fyrir klukkan tíu um kvöldið. Tveir menn frá Microsoft ytra unnu að sleitulaust alla fyrrinótt að uppsetningu á vélbúnaði í Mexíkó til að taka samskiptagáttina í notkun. „Ef allt gengur vel ætti þetta að vera komið upp í fyrramálið [í dag],“ sagði Magnús í gær.

Grunnur var lagður að gáttinni í kjölfar björgunarstarfa í Myanmar í maí í fyrra og þróaði TM Software búnaðinn áfram í fyrrahaust.



**GÁTTIN BYGGÐ UPP** Ef allt gengur að óskum hafa Sameinuðu þjóðirnar nú tekið í gagnið samskiptagátt TM Software gegn útbreiðslu svínaflensunnar í Mexíkó. MARKAÐURINN/VILHELM

TM Software vinnur af málinu í samstarfi við Microsoft í Bandaríkjunum og SÞ en hún byggir á Microsoft-lausninni Sharepoint, sem heldur utan um skjöl, verkefni, ferla og ýmis konar upplýsingar.

Magnús segir Gísla Ólafsson, sem hefur unnið hjá Microsoft um árabil, eiga mestu þakkir skildar vegna aðkomu Íslendinga að málinu. Hann vinnur hjá alþjóðadeild Microsoft og aðstoðar alþjóðastofnanir á borð við SÞ, Rauða krossinn, og Alþjóðabankann við að nýta tölvutækni betur í viðbrögðum við náttúruhamförum. - jab

# Tyrkneskt vatn flutt inn í plastflöskum

## Kaupás flytur inn vatn á flöskum frá Tyrklandi. Stutt er í síðasta söludag og vatnið selt með helmings afslætti.

**Guðrún Helga Sigurðardóttir skrifar**
skrifar

„Þetta vakti forvitni mína því að ég hef aldrei skilið hvers vegna Íslendingar ættu að flytja inn vatn en mér finnst eiginlega liggja miklu beinna við að flytja það út,“ segir Stefán Gíslason, umhverfisfræðingur í Borgarnesi. Hann keypti nýlega hálfs lítra vatnsflösku undir merkjum Pinar frá Tyrklandi í Krónunni í Mosfellsbæ.

Flaskan, sem er með venjulegu lindarvatni og flutt inn frá Danmörku, var seld með 55 prósenta afslætti, eða á 29 krónur stykkið, enda síðasti söludagur skammt undan. Tappinn var settur á flöskuna í aprillok 2008.

„Mér fannst merkilegt að við flyttum inn vatn frá Danmörku á sama tíma og Kaupmannahafnarbúar sjá fram á varanlegan vatnsskort. En ég var samt miklu meira hissa þegar ég sá að þetta sjálfsagt ágæta vatn hefði verið flutt til Danmerkur frá Tyrklandi,“ segir hann.

Kristinn Skúlason, rekstrarstjóri hjá Kaupási, segir að fjórutíu feta gámur, eða um fimmtíu bretti, af tyrknesku vatni hafi verið fluttur til landsins og vatnið selt í tilraunaskyni í öllum stóru Krónubúðunum.

„Við gerðum prufu til að sjá hvernig þetta kæmi út. Það er mjög mikil sala á vatni, bæði hreinu og blönduðu með til dæmis sítrónu eða ávöxtum, og það var gott verð á þessu vatni.“

Móttökurnar hafa verið góðar en Kristinn telur að vatnið komi ekki aftur. „Við erum alltaf að kanna hvað markaðurinn vill. Fólk er hrifnara af íslensku vatni, Kristal og Toppi, en erlendu vatni.“




**VATN FRÁ TYRKLANDI** Stefán Gíslason umhverfisfræðingur keypti hálfslítra flösku með nafninu Pinar í Krónunni um daginn. Flaskan kostaði 29 krónur með 55 prósenta afslætti og er vatnið frá Tyrklandi. Stefán segist samt ekki skilja hvers vegna vatn sé flutt inn þegar Íslendingar eigi miklu betra og ódýrara kranavatn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN GÍSLASON

Stefán bendir á að kranavatn sé miklu ódýrara og betra en innflutt vatn. „Mikil orka fer í að framleiða umbúðir og flytja vatnið þannig að þetta er fáránlegt. Það er líka fáránlegt að Íslendingar kaupi vatn í flösku úti í búð þótt það sé framleitt innanlands vegna þess að vatnsframleiðslan kostar meira, þarf meiri orku og vatnið er verra hvað gæðin varðar.“

Stefán sagði frá vatnskaupunum á bloggsíðu sinni og fékk meðal annars viðbrögðin: „Getur það verið að við séum að eyða dýrmætum gjaldeyri í að kaupa þetta af Dönum?“ Kristinn segir að vatnið hafi verið keypt og flutt inn fyrir bankahrun.


SKJÁVARPAR FRÁ NÝHERJA



**Sony VPL-CW125** (wide screen)
Upplausn: WXGA 1280x800
Nettengjanlegur
Birta: 3000 ansi Lumen
Þyngd: 4,1 kg
**Tilboðsverð kr. 299.900 m.vsk**



**Toshiba TLP-X100**
Upplausn: XGA 1024x768
Birta: 2200 ansi lumen
Þyngd: 2,2 kg
**Tilboðsverð kr. 135.000 m.vsk**



**Toshiba TLP-XD3000**
Upplausn: XGA 1024x768
Birta: 3000 ansi lumen
Þyngd: 2,5 kg
**Tilboðsverð kr. 249.900 m.vsk**

SONY TOSHIBA NÝHERJI
Verslun Nýherja, Borgartúni 37 / sími 569 7700 / www.nyherji.is

1989-2009




# Teris og MP Banki hf. - traust samstarf

MP Banki hf. er nýr valkostur í viðskiptabankaþjónustu,s sem hefur valið að nota fjármálalausnir frá Teris til að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu sem byggir á trúverðugleika og fagmennsku.

„Við uppbyggingu viðskiptabankaþjónustu MP Banka gerum við miklar kröfur um gæði, áreiðanleika, öryggi í rekstri kerfa og fagmennsku í skipulagi verkefna. Teris uppfyllir væntingar okkar og hefur samstarfið gengið afar vel. Við mælum heilshugar með þeirri þjónustu sem Teris veitir."
- segir **Gísli Heimisson, framkvæmdastjóri Rekstrarsviðs MP Banka**

Starfsemi Teris byggir á þjónustu, þekkingu og öryggi

20 ára Teris

Microsoft GOLD CERTIFIED Partner

# Segir skuldir bankanna

## vera þjóðinni ofviða

„Hver er staða þjóðarbúsins? Er Ísland gjaldþrota?“ var yfirskrift hádegisverðarfundar félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem fram fór á Grand Hóteli í gær. **Kjartan Guðmundsson** fylgdist með umræðunum.

„Eins og stjórnvöld hafa verið að nálgast viðræður við erlenda kröfuhafa, þá óttast ég að það sé verið að kalla yfir okkur ábyrgð sem við höfum ekki efni á að borga. Skuldir bankanna eru okkur ofviða,“ sagði Haraldur H. Haraldsson, hagfræðingur og framkvæmdastjóri Nýsis, í erindi sínu á hádegisverðarfundi Félags viðskiptafræðinga og hagfræðinga sem haldinn var á Grand Hóteli í gær. Fundurinn var haldinn undir yfirskriftinni „Hver er staða þjóðarbúsins? Er Ísland gjaldþrota?“.

Haraldur hóf erindi sitt á að furða sig á þeirri umræðu að skortur sé á tölulegum upplýsingum um skuldir þjóðarbúsins. Flestar upplýsingar hans væru aðgengilegar á vef Seðlabankans, þar sem þær væru uppfærðar ársfjórðungslega. Haraldur segir þessar upplýsingar leiða í ljós að erlendar skuldir landsins hafi frá 2004 og fram í árslok 2008 hækkað úr 1.663 milljörðum króna í 12.887 milljarða, sem jafngildir 675 prósenta aukningu. Til samanburðar bendir hann á að verg landsframleiðsla hafi á sama tímabili aukist úr 915 milljörðum króna í 1.514 milljarða, eða um 65,3 prósent. Því sé ekkert samhengi í þessari aukningu. Ennfremur telur Haraldur að strax í árslok 2007 hefði mátt ljóst vera að íslenskt þjóðfélag gæti ekki staðið undir þessum miklu skuldbindingum.

Um heildarskuldir þjóðarbúsins varar Haraldur við að reikna eignir á móti skuldum og fá þannig út nettó tölu, eins og oft er gert í umræðum um þessi mál. Vill Haraldur meina að sú aðferð sé notuð til eins konar réttlætingar fyrir því að almenningur taki á sig hinar miklu skuldir, eða tæplega 3.000 milljarða króna í lok síðasta árs. „Slík uppsetning minnir dálítið á bankana sem hrundu. Þeir settu eignir á móti skuldum, en þessar eignir voru að hluta til háðar huglægu mati, og þeir djörfustu bættu viðskiptavild inn í efnahagsreikninginn. Þannig fengu þeir út jákvætt eigið fé sem þýddi að þeir gátu tekið fleiri lán. Ég vara eindregið við slíkri uppsetningu,“ sagði Haraldur.

Haraldur segir einnig að erlendar skuldir ríkissjóðs og annarra aðila en bankanna, til viðbótar við lántöku vegna halla á ríkissjóði, Seðlabanka Íslands og nýju bankanna, nemi tæpum 2.650 milljörðum króna. Vaxtakostnaður af þeirri upphæð væri 132,5 milljarðar, miðað við 5 prósenta vexti. Kostnaður af vöxtum væri því nánast sá sami og fjárlög þessa árs áætli að ríkið hafi í tekjur af virðisaukaskatti.

„Ég tel að við eigum að endurskoða aðkomu okkar að þessum málum. Við eigum að fara í formlegar viðræður við þessar þjóðir sem bankarnir störfuðu í og leggja allar upplýsingar á borðið. Ég trúi ekki öðru en menn hafi skilning þar á,“ sagði Haraldur.

„Þetta hljómar svo svart hjá Haraldi að ég veit ekki hvort ég legg í þetta,“ sagði Tryggvi Þór Herbertsson, hagfræðingur og nýkjörinn þingmaður Sjálfstæðisflokks í Norðausturkjördæmi, sem einnig hélt erindi á hádegisverðarfundinum í gær, „en ég hef ekki tekið undir þá áskorun Haraldar að telja ekki eignir á móti skuldum í þessari umræðu.“

Tryggvi segir erfitt að henda reiður á skuldum þjóðarbúsins vegna þess að uppgjör milli gömlu og nýju bankanna liggi ekki fyrir.

Samkvæmt útreikningum hans nema hreinar innlendar skuldir ríkisins um 280 milljörðum króna. Erlendu skuldirnar, þær sem okkur ber að hafa mestar áhyggjur af, séu um 567 milljónir dollara. Hann segir nettóskuldir vegna Ice-Save nema um 72 milljónum dollara, sem falla á íslenska ríkið. 2.100 milljarða lán frá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum sem fari í gjaldeyrisvarasjóð landsins. Sú upphæð sé því hrein peningaleg eign því ekki sé ætlunin að nota þá peninga í neitt annað en gjaldeyrisvarasjóðinn. Lánalínur utan efnahags nemi 2.900 milljónum dollara. Hins vegar hafi einungis brot af lánum sem reiknuð séu inn í þá upphæð þegar verið tekin. Eignir á móti skuldum séu að megninu til hreinar peningalegar eignir sem liggja inni á reikningi í bandaríska seðlabankanum.

Sé miðað við dollara sem 127 krónur séu hreinar skuldir því 351 milljarður. Hlutfall skulda í erlendum gjaldmiðlum sé 20 prósent og 80 prósent í krónum.

Tryggvi lauk máli sínu á að hvetja stjórnvöld til að einhenda sér í aðgerðir til að berjast gegn vanda fyrirtækja og heimila. Ýmsar leiðir væru færar í því efni. „Ég ætla ekki að gefa ráð. Ég hef gert það áður og ekki hefur verið hlustað á þau hingað til,“ sagði Tryggvi og uppskar hlátur fundargesta að launum.



**VAXTABYRÐI** Haraldur L. Haraldsson telur vaxtakostnað af erlendum skuldum þjóðarbúsins nægan til að sliga efnahaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**HEIMILI OG FYRIRTÆKI** Tryggvi Þór Herbertsson sagði á hádegisverðarfundi viðskipta- og hagfræðinga í gær að staða heimila og fyrirtækja væri mjög slæm en staða ríkissjóðs væri þó viðunandi.



**UMRÆÐUR** Pallborðsumræður fóru fram að fundi loknum.



**FJÖLMENNI** Vel var mætt á fundinn og fylgdust menn af áhuga með erindum þeirra Haraldar og Tryggva.



**FERÐAFÉLAG ÍSLANDS** stendur fyrir örgöngum um nágrenni Grafarholts nokkra miðvikudaga í röð. Í dag, 29. apríl, hefst gangan klukkan 19. Gengið er frá hitaveitugeymunum eftir göngustígnum sunnan byggðarinnar að Sæmundarskóla, með Reynisvatni norðanverðu, um austurhlíðar Reynisvatnsássins og yfir ásinn niður að Reynisvatni austanverðu.




FRÉTTABLAÐIÐ



**Sölufulltrúar** **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Hugi Garðarsson** hugi@365.is 512 5447













„Unga fólkið í Palestínu er bjartsýnt þrátt fyrir að aðstæður séu erfiðar og mikið um atvinnuleysi,“ segir hinn tvítugi Gunnlaugur Bragi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vika á Vesturbakkanum

**Gunnlaugur Bragi Björnsson naut gestrisni fátækrar fjölskyldu í Palestínu, kynntist krökkum sem stefna hátt og komst að því að sálrænn stuðningur sem Rauði krossinn veitir börnum skilar góðum árangri.**

„Fólk var opið og vingjarnlegt og bauð okkur upp á það besta sem það mögulega gat,“ segir hinn tvítugi Gunnlaugur Bragi, sjálfboðaliði hjá Rauða krossinum, eftir vikuferð til Palestínu ásamt Kristínu Helgu Magnúsdóttur. „Við vorum reyndar átta saman á aldrinum 18 ára til tvítugs sem vorum send af landsfélögum Rauða kross Íslands, Danmerkur, Frakklands og Ítalíu og auk þess var fararstjóri frá hverju landi. Erindið var að kynnast aðstæðum ungs fólks í þessu stríðshrjáða landi. Við heimsóttum fjölskyldur sem áttu fjögur til sex börn, fengum að spjalla við þau, heyra þeirra sögur og hvernig hefðbundinn dagur er hjá þeim.“

Gunnlaugur kveðst hafa verið hjá sömu fjölskyldunni obbann af þremur dögum. Móðirin var heimavinnandi en faðirinn hafði vinnu að nafninu til hjá byggingarfyrirtæki. „Þau búa í afar þéttbýlli borg sem heitir Qalqilya og þar er búið að byggja á öllu landsvæði sem til er þannig að lítið er um framkvæmdir. Þar af leiðir að innkoman er lítil. Samt sem áður var okkur boðið upp á afar góðan og mikinn mat. Þótt hver og einn borði yfirleitt með áhöldum af matarfatinu var komið með diska handa okkur gestunum og fyllt vel á þá.“

Heimsókn í skóla sem bjóða upp á sálrænan stuðning við börn eftir venjulegan skóladag var eitt aðalerindi ferðarinnar, að sögn Gunnlaugs Braga. „Kennararnir leiðbeina launalaust og hafa fengið til þess þjálfun palenstínska Rauða hálfmánans með stuðningi Íslands og hinna landanna þriggja sem áttu fulltrúa í ferðinni. Með leikjum og verkefnum er unnið með tilfinningar barnanna og þau eru hvött til að rifja upp erfið atvik sem hafa haft áhrif á þau því ofbeldi er mikið í kringum þau og það smitar út frá sér. En tjáningin hefur orðið til að bæta samskiptin þeirra á milli og auka lífsgleði. Þetta verkefni byrjaði smátt um 2000 en hefur farið vaxandi og er komið í marga skóla á svæðinu. Allir töluðu um að það hefði borið mikinn árangur, kennarar, foreldrar og krakkarnir sjálfir.“

Gunnlaugur Bragi segir krakkana í Palestínu leggja hart að sér í skólum, jafnvel þótt óvissa sé um atvinnu í framhaldinu. „Fólk er almennt ótrúlega jákvætt og bjartsýnt,“ segir hann. „Það trúir því að lífið fari að lagast.“

*gun@frettabladid.is*








**FERÐAFÉLAGIÐ ÚTIVIST** stendur fyrir dagsferð á fjallið Þyril hinn 3. maí. Lagt verður af stað frá BSÍ klukkan 9.30. www.utivist.is










Selarannsóknir verða stundaðar við Selasetur Íslands.

## Rannsóknir í Selasetri Íslands

RANNSÓKNARDEILD SELASETURS ÍSLANDS Á HVAMMSTANGA VAR OPNUÐ SÍÐASTA VETRARDAG.

Samstarfssamningur Selaseturs Íslands, Veiðimálastofnunar og Hólaskóla um nýja rannsóknardeild, var undirrituð síðasta vetrardag. Munu starfsmaður bæði frá Veiðimálastofnun og Hólaskóla hafa aðsetur í setrinu á Hvammstanga.

Starfsmaður Veiðimálastofnunar er Sandra Magdalena Granquist og mun hún stunda selarannsóknir en starfsmaður Hólaskóla er Per Åke Nilsson sem auk kennslu við skólann mun sinna rannsóknum á sviði náttúrutengdrar ferðaþjónustu.

Að formlegri undirskrift lokinni var gestum boðið upp á kynningu á alþjóðlega samstarfsverkefninu The Wild North, sem verkstýrt er frá Selasetrinu en þess má geta að í sumar verða starfsmenn setursins sjö talsins.



Golfvöllurinn í Vestmannaeyjum þykir einstakur en þar fara saman góður golfvöllur og glæsilegt útsýni.

FRÉTTABLAÐIÐ/GOLFSAMBAND ÍSLANDS

# Golfferðir til Íslands

**ÍT-ferðir hafa nú bryddað upp á þeirri nýjung að bjóða upp á golfferðir til Íslands og er Hörður Hilmarsson framkvæmdastjóri um þessar mundir að kynna ferðirnar fyrir áhugasömum í Noregi.**

„Við höfum þrískipt þessum ferðum í borgargolf, sveitagolf og frístundagolf," segir Hörður Hilmarsson, framkvæmdastjóri ÍT-ferða, sem hafa nú bryddað upp á því að markaðssetja golfferðir til Íslands.

„Þegar menn fara í borgargolf (city golf) er gist í Reykjavík í tvær til sjö nætur eða meira og leiknir vellir á höfuðborgarsvæðinu. Sveitagolfið (country golf) er þannig að gist er í tvær til sjö nætur á góðum hótelum á Suður- eða Vesturlandi og leiknir golfvellir sem eru í innan við klukkustundarfjarlægð frá gististað. Frístundagolfið (leisure golf) er síðan hugsað fyrir ferðamenn sem koma til Íslands, til dæmis á fundi, ráðstefnur eða í öðrum tilgangi, og eru ekki með golfsettið með sér. Kylfingar vilja gjarnan spila golf þegar þeir hafa frítíma og veður er gott. Þá geta þeir hringt í okkur og við bókum golftíma, útvegum golfsett til leigu og sjáum um akstur frá hóteli á golfvöll. Þetta er fyrir lágmark tvo kylfinga og til að byrja með er þessi þjónusta einskorðuð við höfuðborgarsvæðið," útskýrir Hörður.



Hörður segir fjölmarga skemmtilega og einstaka golfvelli á Íslandi.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Ferðirnar eru hugsaðar fyrir kylfinga almennt en að sögn Harðar vinna ÍT-ferðir mikið með erlendum ferðaskrifstofum. „Við reynum að fá erlendar ferðaskrifstofur til að selja golfferðir til Íslands. Þetta geta verið ferðaskrifstofur sem eru nú þegar að selja golfferðir og þá reynum við að fá þær til að bæta Íslandi við. Síðan eru aðrar sem selja ferðir til Íslands, en eru ekki með golfferðir, og þá reynum við að fá þær til að bæta þeim ferðum við. En frístundagolfið hentar ýmsum og vilja mörg hótel fá bæklinga um það," segir hann áhugasamur og bætir við: „Ný samtök, Golf Iceland, er samstarf ferðaþjónustunnar og Golfsambands Íslands. Þar eru komnir inn nokkrir golfvellir, bílaleigur, Flugfélag Íslands, Icelandair, hótel og nokkrar ferðaskrifstofur. Verið er að leita allra leiða til að fá ferðafólk til að koma til Íslands þar sem minna er ferðast frá Íslandi um þessar mundir."

Íslenskir golfvellir þykja skemmtilegir og nefnir Hörður sem dæmi golfvöllinn í Vestmannaeyjum. „Sá völlur þykir ævintýralegur og síðan eru nokkrir vellir eins og í Grafarholti í Reykjavík, Keilir í Hafnarfirði, Oddur í Heiðmörk og Kiðjaberg fyrir austan. Þetta þykja einstakir vellir. Óvanalegt er að hafa þetta útsýni á golfvöllum. Ég frétti af þýskum kylfingum í Kiðjabergi sem gleymdu bara að slá þar sem þeir voru svo uppteknir við að dást að útsýninu," segir Hörður og hlær. Upp við Geysi er líka fallegur völlur en erfiður. „Menn geta þar notið einstakrar náttúru, með jökul á eina hlið og sjóinn á hina og engin tré sem trufla útsýnið. Kínverjar hafa auk þess verið mjög áhugasamir um að spila golf í miðnætur-sólinni," segir hann.

Nú þegar hafa ÍT-ferðir bókað hópa frá Noregi og Finnlandi í september. „Við erum að vinna í fleiri bókunum en varðandi norska hópinn í haust þá eru þau að koma í tengslum við landsleik og þykir sniðugt að tengja þetta tvennt saman. Finnski hópurinn ætlar hins vegar að spila fimm golfvelli og fara Gullna hringinn. Einfalt er að tvinna golfið saman við skoðunarferðir en velja má úr fjölmörgum og skemmtilegum golfvöllum og sveitahótelum," segir Hörður bjartsýnn en hann er nú í Noregi að kynna golfferðirnar í samvinnu við Ferðamálastofu og Útflutningsráð. *hrefna@frettabladid.is*









# Flestir fara til Bandaríkjanna

**Helmingi færri fara út sem skiptinemar í ár en í fyrra. Bandaríkin, Ítalía og Dóminíska lýðveldið eru meðal vinsælustu áfangastaðanna.**

Flestir þeirra íslensku unglinga sem fara út sem skiptinemar á vegum AFS vilja fara til Bandaríkjanna. Í sumar fara fjórtán skiptinemar á aldrinum fimmtán til átján ára þangað á vegum samtakanna. Ítalía, Frakkland, Nýja-Sjáland og Dóminíska lýðveldið eru líka vinsælir áfangastaðir. Hingað til lands koma fimmtíu skiptinemar í ágúst.

Enn er opið fyrir umsóknir vegna sumarbrottfara til fjölda landa. Á morgun klukkan sex heldur AFS kynningarfund á skrifstofu samtakanna á Ingólfsstræti 3. Þar munu erlendir skiptinemar segja frá reynslu sinni á Íslandi og kynna sín eigin lönd.



Ítalía er vinsæll áfangastaður íslenskra skiptinema. Ítalir sækja líka hingað og í ár koma tólf nemar til Íslands frá Ítalíu.

Á fundinum verður sjálfboðaliðadvöl einnig kynnt, en það er nýjung hjá AFS sem býðst fólki átján ára og eldri. „Fólk getur þá valið um að vera úti í einn til tólf mánuði sem sjálfboðaliðar, svo sem við að kenna ensku í Taílandi eða í heilsugæslu í Gvatemala," segir Ólöf Daðey Pétursdóttir, deildarstjóri íslenskra nema hjá AFS.

Í fyrra fór metfjöldi skiptinema frá Íslandi, eða 145. Í ár verða þeir á bilinu sjötíu til áttatíu og því greinilegt að efnahagsástandið hefur sín áhrif. Ólöf hvetur þó alla sem eiga þess kost að drífa sig út í skiptinám. „Helsti ávinningurinn af skiptinemadvöl er víðsýnin sem maður öðlast. Maður kynnist nýju fólki og þarf að venjast nýjum siðum. Við það öðlast maður umburðarlyndi gagnvart ólíkum hefðum og menningu, sem er ómetanleg og þroskandi reynsla." *- hhs*








Laufásbærinn er búinn húsmunum og áhöldum frá því um aldamótin 1900.

# Eyfirski safnadagurinn í þriðja sinn

**Margt forvitnilegt er um að vera á Safnadegi Eyjafjarðar sem er á laugardaginn.**

Eyfirski safnadagurinn verður haldinn laugardaginn 2. maí. Alls nítján söfn og sýningar eru í boði og er opið frá klukkan 11 til 17 en aðgangur er ókeypis.

Hægt verður að hoppa upp í rútu og fá þá beint í æð sögulega fræðslu um staðina og fá um leið að kynnast landslaginu og söfnunum við Eyjafjörð. Frítt er í rútuna og einnig er frítt í ferjuna til Hríseyjar. Einnig geta þeir sem vilja fá far á milli safnanna á Akureyri tekið frían strætó sem keyrir sérstaklega á milli safnanna.

Í Hrísey er hægt að skoða hús Öldu nokkurrar Halldórsdóttur. Húsið er merkileg heimild um það hvernig dæmigert heimili alþýðufólks leit út fyrr á tímum.

Á Siglufirði verður hægt að líta inn í Síldarminjasafnið og í Þjóðlagasetur sr. Bjarna Þorsteinssonar. Á Ólafsfirði er það Náttúrugripasafnið sem forvitnilegt er að skoða. Á Minjasafninu á Akureyri ætlar Hörður Geirsson safnvörður að segja frá því hvernig nálgast eigi gamlar ljósmyndir með nýrri tækni.

Laufáshópurinn svokallaði ætlar að sýna áhugasömum hvernig eigi að bera sig að við rósaleppagerð, skógerð og ostagerð. Þá ætla Zonta-konur að vera með leiðsögn um Nonnahús á Akureyri.

Á vefsíðunni www.sofn.is er að finna upplýsingar um hvað verður um að vera þennan dag. Einnig er þar tímatafla um brottfarartíma rúta og strætóa. *- vg*

# Á ferð um Ísland

**Um þriðjungur erlendra ferðamanna notuðu ferðahandbókina Á ferð um Ísland í fyrra.**

Ferðahandbókin Á ferð um Ísland er komin út nítjánda árið í röð. Útgáfufélagið Heimur gefur ferðahandbókina út og er hún á þremur tungumálum, íslensku, ensku og þýsku.

Ritunum er dreift ókeypis í 100.000 eintökum á alla helstu ferðamannastaði landsins, eða um fimm hundruð staði. Í bókinni er umfjöllun um hvern landshluta, þjónustulistar sem eru uppfærðir árlega í samstarfi við heimamenn, ásamt kortum þar sem gististaðir, tjaldsvæði og sundlaugar eru númeraðar á svæðum utan þéttbýlis. Sambærileg kort eru einnig frá helstu þéttbýlisstöðum landsins. Þá er einnig að finna hálendiskafla með hálendiskorti og þjónustulistum í bókinni. Fremst í bókinni er síðan að finna ýmsan fróðleik um land og þjóð, það helsta sem er á döfinni í sumar, afþreyingu og margt fleira.

Í fyrrasumar var gerð könnun meðal erlendra ferðamanna á notkun bókanna og kom í ljós að meira en þriðjungur þeirra notaði bækurnar og 48% þýskumælandi ferðamanna notaði Rund um Island.

Sjá nánari útlistingar á www.heimur.is



Ferðahandbókin Á ferð um Ísland er ókeypis.


Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

...allar stærðir af dekkjum
DEKKJA VERKSTÆÐI
NOTUÐ DEKK
ÓDÝR DEKKJASKIPTI
VAKA
...á verði fyrir þig!
Eldshöfða 6 / Sími 567 6700
hjalp@vakahf.is / www.vakahf.is

Rafstilling ehf
startarar - alternatorar - perur
viðgerðir - sala
hröð og góð þjónusta
Dugguvogi 23 - s: 5814991 / 6634942
rafstilling@rafstilling.is

Allt í húsbílinn...
...í settum fyrir handlagna
Gasmiðstöðvar 1900 - 2800W
Vatnshitarar 13L gas / 220V
Sólarsellusett í úrvali.
rotor
20 ára 1989 - 2009
Rótor ehf býður upp á viðgerðaþjónustu á rafbúnaði húsbíla og vagna ásamt uppsetningu og tengingu á þeim búnaði sem við seljum á einu besta þjónustuverkstæði landsins.
VERSLUN / VERKSTÆÐI
Helluhrauni 4 220 Hafnarfjörður
Sími 555 4900
Húsbílaþjónusta og fylgihlutir í ferðalagið
Viðgerðir | Kæliskápar | Reiðhjólagrindur | Ferðasalerni | Fortjöld
Allar nánari upplýsingar um þjónustu og vörur á www.rotor.is. lang - stærsti húsbílavefurinn

AFS
AFS á Íslandi
KYNNINGARFUNDUR
Enn er hægt að sækja um að fara sem skiptinemi á vegum AFS á Íslandi nú í sumar í árs-, eða hálfsársdvöl.
Bjóðum líka upp á sumardvöl í 4-8 vikur.
Mörg lönd í boði.
Við erum líka byrjuð að taka við umsóknum vegna vetrarbrottfarar 2010.
Á fimmtudaginn 30. apríl verður kynningarfundur á skiptinema- og sjálfboðaliðadvöl erlendis frá kl, 18:00 til 20:00 á skrifstofu AFS að Ingólfsstræti 3, 2 hæð.
Allir velkomnir

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki

## Húsnæði óskast

Lítil eða meðalstór íbúð óskast til leigu fyrir einstakling á Rvk. sv. Fyrirframgr. mögul. Uppl. í s. 847 5545.

Óska eftir 3-4 herb. íbúð á sv. 109 og 111. Reglusemi og skilvísum greiðslum heitið. S. 857 0525.

Geymsla eða herb. óskast til leigu í gamla austurbænum. Uppl. í s. 517 3244 e. hádegi.

25 ára reyklaus kk óskar eftir lítilli ódýrri íbúð til leigu. Helst ekki dýrara en 80 þús. á mánuði.

S. 824 0219, Magnús.

Tveir 27 ára vinnandi menn óska e. íbúð miðsvæðis í Rvk. Skilvísar greiðslur og góð umgengni. Hafið samband. Hafsteinn 822 0382. biggip@gmail.com.

Mæðgur óska eftir 3ja herb. íbúð miðsvæðis í Rvk. Uppl. í s. 845 8858

Óskum eftir íbúð í 101 eða 107! Pabbi og 11 ára strákur í Melaskóla vantar 2-3 herb. íbúð. Reyklaus. Öruggar tekjur/greiðslur. Helst Langtímaleiga. 85.000 S. 865 1110 gislith66@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði

HÖFÐABÍLAR

**Lækkað verð!**

Höfum til leigu bil 135,8 fm að Fosshálsi 27, 110 RVK., jarðhæð. Til afhendingar strax. 950 kr. + vsk. per fm.

S. 577 4747 eða á hogni@hofdabilar.is

Til leigu 100fm h við Ingólfstorg sem hægt er að leigja í einu lagi eða skipta í 4 einingar+eld og bað uppl í s8964630

TIL LEIGU 70m2 nýl. iðnaðarbil í Garðabæ stór hurð næg stæði v. 85þ. p. mán. 892 7858

## Geymsluhúsnæði

**Gámaútsala!**

40 ft. einangraðir gámar (fyrrverandi frystigámar).



ALDREI BETRA VERÐ!

HAFNARBAKKI FLUTNINGATÆKNI

Hringhellu 6 - 221 Hafnarfirði
S. 535 2550 • www.hafnarbakki.is

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

**www.geymslaeitt.is**
Til leigu geymslur frá 5 til 17 m2. Allar með sér inngangi. Bretti á 2.900.- Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

## Gisting

**www.leiguherbergi.is**
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

**Gista.is / S. 694 4314**
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Matreiðslumaður**
**Veitingastaður óskar eftir matreiðslumanni.**
**Uppl. í s. 617 1111.**

MegaStore

MegaStore í Smáralind leitar eftir verslunarstjóra og öðru starfsfólki. Ekki er um sumarstörf að ræða. Vinsaml. sækið um á www.megastore.is uppl. í síma 660 5400.

Sendibílsstjóri óskast til starfa. Meirapróf ekki nauðsynlegt. - buslodir@gmail.com

DOGMA óskar eftir starfsmanni í hlutastarf á sölubás sinn í Kringlunni. Áhugasamir sendi umsókn með mynd á dogma@dogma.is

Verktakafyrirtæki óskar eftir reyndum smiðum og húsasmíðameisturum. Vinsamlegast sendið ferilskrá á póstfangið adakris@adakris.is

## Atvinna óskast

2 men looking for light carpenter job. S. 857 9937 & 843 5018.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

## Fundir / Mannfagnaður

# AÐALFUNDUR

FÉLAG ÍSLENSKRA HJÚKRUNARFRÆÐINGA

Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga verður haldinn 12. maí n.k. á Grand Hóteli í Reykjavík.

Félagsmenn með fulla aðild og fagaðild sem skrá sig til þátttöku á fundinn með minnst viku fyrirvara hafa atkvæðisrétt á fundinum. Aðrir fundarmenn hafa þar ekki atkvæðisrétt. Nánari upplýsingar og skráning á aðalfund fer fram á www.hjukrun.is

**Stjórn Félags íslenskra hjúkrunarfræðinga**

## Atvinna

Tek að mér þrif í heimahúsum,
Vön, vandvirk og með mikla reynslu.

Nánari upplýsingar í síma 7728900

Vagnstjóri og útibússtjóri óskast í pylsuvagn. Gleði og góð laun í boði. Áhugasamir hafi samband við **Guðrúnu í s. 820 7303**

# KREPPUSLÁTTUR

Garðsláttur, þökulagnir, hellulagnir og öll almenn garðvinna frábær verð og mikil reynsla

**Hlynur s: 8633492**

SELJAKIRKJA

Starf tónlistarstjóra Seljakirkju er laust til umsóknar.

Starfið er full staða. Umsóknir berist til sóknarnefndar fyrir **3. júní 2009.**

Nánari upplýsingar gefur formaður sóknarnefndar, Guðmundur Hjálmarsson, s.8624954 og sóknarprestur sr. Valgeir Ástráðsson í síma kirkjunnar 5670110.

**Sóknarnefnd Seljakirkju**

heimili FASTEIGNASALA
www.heimili.is

**FASTEIGNASALI ÓSKAST !**

Óskum eftir að ráða til starfa sjálfstæðan fasteignasala eða reynslumikinn sölumann. Algört skilyrði er að viðkomandi hafi starfsreynslu við sölu fasteigna. Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega. Umsóknir sendist á netfangið **heimili@heimili.is**

Slippurinn AKUREYRI DNG

## STÁLSMIÐIR - VÉLVIRKJAR

Slippurinn Akureyri ehf. óskar eftir að ráða vana stálsmiði og vélvirkja í eftirfarandi störf:

- Stálsmiðir - bæði er um að ræða hefðbundna stálsmíði ásamt smíði úr ryðfríu stáli.
- Vélvirkjar – hefðbundin vélvirkjavinna

**Upplýsingar í síma 460 2900.**
**Umsóknir sendist á slipp@slipp.is**

Slippurinn Akureyri ehf. - DNG - Naustatanga 2 - 600 Akureyri
Sími: 460 2900 - Fax: 460 2901 - www.slipp.is - www.dng.is

## Til sölu

# MEST SELDA KYNLÍFSTÆKI KARLMANNA Í HEIMI

Gefðu konunni frí og prófaðu hina einstöku múffu sem allir eru að tala um. Aðeins fáanleg í netverslun Fleshlight.is



**FLESHLIGHT.IS**

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

## Mat á umhverfisáhrifum
### - Álit Skipulagsstofnunar, samkvæmt lögum nr. 106/2000 m.s.b.

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugð framkvæmd mun hafa jákvæð áhrif á samgöngur og samfélag í Fjarðabyggð. Veglagningin mun valda neikvæðum áhrifum á ýmsa umhverfisþætti, sérstaklega á framkvæmdatíma. Áhrif á gróðurfar, dýralíf, landnotkun til landbúnaðar og útivistar, auk sjónrænna áhrifa munu verða talsvert neikvæð. Sex veglínur voru lagðar fram til athugunar Skipulagsstofnunar, þ.e. leið 1A, 1B, 1C, 1D, 1E og 2A. Hver þessara leiða hefur mismunandi áhrif á ólíka þætti umhverfisins. Í ljósi þess, auk margvíslegra hagsmuna á svæðinu þarf að vega og meta hvaða veglína þjóni best markmiðum framkvæmdarinnar og valdi sem minnstum neikvæðum umhverfisáhrifum. Skipulagsstofnun telur að áhrif mismunandi leiða á vatnsból þurfi að vera ráðandi við val á veglínum. Skipulagsstofnun felst á þau rök Vegagerðainnar að telja leið 1 B vænlegasta kostinn, en gerir annars ekki upp á milli þeirra veglínukosta sem tengjast jarðgangaleið 1. Stofnunin telur hinsvegar að leið 2A hafi það neikvæð umhverfisáhrif að hún ætti ekki að koma til greina, þar sem hún í fyrsta lagi liggi inn á grannsvæði vatnsbólanna við Tandrastaði, auk þess sem ofanflóðahætta þar er meiri en á leiðum frá jarðgöngum 1 og jafnframt valdi leiðin mestu raski á ásýnd þessa tiltölulega óraskaða svæðis og dragi þar með úr útivistargildi þess.

Skipulagsstofnun telur það vera háð verktilhögun, mótvægisaðgerðum og vöktun hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir, á umhverfið.

Skipulagsstofnun leggur til að það skilyrði verði sett fyrir framkvæmdaleyfi að fyrir liggi samkomulag Vegagerðarinnar og landeiganda um endurheimt votlendis.

Álitið í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Álit Skipulagsstofnunar og matsskýrsla framkvæmdaraðila er einnig að finna á heimasíðu stofnunarinnar: **www.skipulag.is.**

**Skipulagsstofnun**

Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

# Auglýsing um nýtt deiliskipulag og breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, er hér með auglýst nýtt deiliskipulag og tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

## Kjalarnes, Brautarholtsvegur
Tillaga að nýju deiliskipulagi fyrir stofnstíg á Kjalarnesi vegna legu á stofnstíg meðfram Brautarholtsvegi frá Vesturlandsvegi að vegi að Arnarholti.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Úlfarsárdalur
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Úlfarsárdal, hverfi 4. Í breytingunni felst að sameiginlegar aðkomu- og bílastæðalóðir við Gefjunar- Iðunnar- og Friggjarbrunn sem áður tilheyrðu lóðarhöfum verða nú borgarland.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

## Bústaðavegur 130
Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina að Bústaðavegi 130. Í breytingunni felst lóðarstækkun ásamt því að gert verður ráð fyrir hringakstri á lóðinni. Reist verður girðing meðfram lóðarmörkum til suðurs og trjágróður settur utan með girðingu til að valda sem minnstu ónæði í nágrenninu.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að Borgartúni 12-14, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, **frá 29. apríl 2009 til og með 12. júní 2009.** Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðu sviðsins, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega eða á netfangið *skipulag@rvk.is*, til skipulags- og byggingarsviðs eigi síðar en 12. júní 2009. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.** Þeir sem eigi gera athugasemdir innan tilskilins frests, teljast samþykkja tillögurnar.

Reykjavík, 29. apríl 2009
Skipulagsstjóri Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411 3071

# Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ

# blað



alla laugardaga

**Kröftugra og stærra helgarblað á laugardögum.**

Nú fylgir Atvinnublaðið ásamt Heimili og hönnun Fréttablaðinu alla laugardaga ásamt áhugaverðum mánaðarlegum sérblöðum um ferðalög, fjölskylduna, mat og menningu.

Spennandi viðtöl, fréttaúttektir og fjölmargar aðrar áhugaverðar greinar gera helgarblað Fréttablaðsins að ómissandi lesefni um hverja helgi.




Allt sem þú þarft

Gott Fólk

# Greitt fyrir uppljóstrun

Mary Schapiro, forstjóri bandaríska fjármálaeftirlitsins, segir ekki útilokað að greitt fyrir þær upplýsingar sem leiða til þess að efnahagsbrot verða upprætt.

Þetta sagði forstjórinn á ráðstefnu með viðskiptablaðamönnum í Denver í Colorado-ríki í Bandaríkjunum á mánudag.

Hún gerir ráð fyrir að um á bilinu 750 þúsund til 1,5 milljón ábendingar geti skilað sér í hús verði greiðsla í boði. Embættið búi hins vegar hvorki yfir tækjum né tölum til að taka við svo miklu magni og verði að vinna að því að keyra upplýsingar saman frá gervöllum Bandaríkjunum til að gaumgæfa einstök mál.

„Þetta gæti gefið okkur kost á að einbeita okkur að einstökum málum,“ sagði Schapiro og bætti við að hún vilji koma í veg fyrir að mál á borð við svikamyllu Bernie Madoffs renni úr höndum embættisins.

Bandaríski skatturinn greiðir fyrir upplýsingar í tengslum við skattalagabrot auk þess sem fjármálaeftirlitið greiðir fyrir uppljóstrun um innherjasvik á hlutabréfamarkaði. - jab

# Óvenjulegur fjórðungur að baki

„Þetta var mjög óvenjulegur fjórðungur,“ segir Jón Sigurðsson, forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar. Hann bendir á að fyrsti mánuður ársins hafi verið afar erfiður í skugga alþjóðlegra efnahagsþrenginga. Það hafi svo snúist við í mars. Hann segir mikla óvissu um horfur sökum hræringa í heimshagkerfinu, ekki síst sökum gengisáhrifa.

Össur hagnaðist um 7,6 milljónir Bandaríkjadala, jafnvirði 995 milljóna króna á núvirði, á síðasta ársfjórðungi miðað við 6,7 milljónir dala á sama tíma í fyrra.

Sala á tímabilinu nam 77,2 milljónum dala sem er fjögurra prósenta samdráttur í staðbundinni mynt. Framlegð (EBITDA) nam 12,9 milljónum dala sem er rétt rúmlega fjórðungi minna en í fyrra.

Fyrirtækið náði stórum áfanga í Bandaríkjunum á tímabilinu í kjölfar viðamikilla breytinga á sölustarfi þar, en þær hafa gert Össuri kleift að selja stoðtæki til bandarískra sjúkrahúsa. Jón segir skrefið mikilvægt og bindi hann miklar vonir við það. - jab



**JÓN SIGURÐSSON** Forstjóri stoðtækjafyrirtækisins Össurar segir erfitt að spá fyrir um næstu mánuði. MARKAÐURINN/VILHELM



**KÁTÍNA Í KAUPÆÐI** Útflytjendur í Japan brosa ekki jafnt breitt og áður því mjög hefur dregið úr sölu á leikjatölvum á borð við PS3 í kreppunni. MARKAÐURINN/AP

# Samdráttur í Japan

Stjórnvöld í Japan hafa fært efnahagsspá sína fyrir árið úr núlli í samdrátt upp á 3,3 prósent. Fjárlagaárið þar í landi hófst um mánaðamótin.

Þetta er nokkuð í takti við væntingar en efnahagur í Japan er mjög knúinn af útflutningi, ekki síst á bílum og tæknibúnaði. Bílaiðnaðurinn hefur hins vegar hrunið víða um heim auk þess sem færri kaupa dýr raftæki en áður. Þetta hefur valdið einu snarpasta samdráttarskeiði sem sést hefur í landi hinnar rísandi sólar frá tímum seinni heimsstyrjaldar, að sögn bandaríska dagblaðsins New York Times.

Þetta er talsvert undir spá Alþjóðagjaldeyrissjóðsins en hann gerði ráð fyrir 6,2 prósenta samdrætti. - jab



**ÚR KAUPHÖLLINNI** Veturinn endaði vel í Kauphöllinni í gær. Veltan nam 15,2 milljörðum króna í lok dags. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Vetur kvaddi með stæl

Veturinn endaði vel í Kauphöllinni en heildarveltan á miðvikudag fyrir viku nam 15,3 milljörðum króna. Þetta var þriðji veltumesti dagur ársins, samkvæmt upplýsingum úr Kauphöllinni.

Velta á skuldabréfamarkaði nam 15,2 milljörðum króna en 71 milljón króna á hlutabréfamarkaði.

Mest var veltan 21. janúar síðastliðinn þegar hún nam átján milljörðum króna.

Fyrir hrun bankanna í október í fyrra var mikið líf í Kauphöllinni. Meðalvelta á fyrstu níu mánuðum ársins nam 25 milljörðum króna á dag. Hápunktinum náði veltan 20. maí sama ár þegar hún nam 108 milljörðum króna. - jab


Að Móta byggð
...með áherslu á lífsgæði



**AÐ MÓTA BYGGÐ** - með áherslu á lífsgæði er ráðstefna Skipulagsstofnunar sem haldin verður á 20.hæð í Turninum í Kópavogi, fimmtudaginn 30. apríl n.k. Ráðstefnugestir taka, að undangengnum fyrirlestrum, virkan þátt í raddtorgi (world café) um gildi, þarfir og lífsgæði í skipulagi. Skráning fer fram í admotabyggd@skipulagsstofnun.is og hjá Skipulagsstofnun í síma 595 4139. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna er að fá á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

| | |
|---|---|
| **8:30** | Skráning ráðstefnugesta, afhending gagna og kaffi |
| **9:00-9:05** | Setning ráðstefnunnar - **Stefán Thors,** skipulagsstjóri |
| **9:05-9:15** | Ávarp - **Umhverfisráðherra** |
| **9:15-9:35** | Norræn samstarfsverkefni um mótun byggðar og sjálfbæra þróun<br>**Hafdís Hafliðadóttir** arkitekt og sviðsstjóri hjá Skipulagsstofnun |
| **9:35-10:45** | City Design- Urban developement for Citizens method<br>**Steffen Gulmann** stofnandi 11CityDesign og aðjúnkt við Copenhagen Business School: Strategic Design Developement |
| **10:55-11:35** | An historical approach on the notion of esthetic and the town planning<br>**Astrid Lelarge** doktorsnemi í sagnfræði og **Birgir Jóhannsson** arkitekt |
| **11:35-12:00** | Kynning á rannsóknarverkefnum háskólanema |
| **13:00-14:15** | Where would we like to live ?<br>**Eric Holding** arkitekt, starfar með CABE í Bretlandi, John Thompson Partners og Alta |
| **14:15-14:30** | Kynning á niðurstöðum úr málstofunum fimm: **„AÐ MÓTA BYGGÐ“** sem haldnar voru í vetur með; unga fólkinu, íbúa- og félagasamtökum, verktökum og fjárfestum, skipulagsráðgjöfum og öðrum sem koma að skipulagsgerð og kjörnum fulltrúum.<br>**Málfríður K Kristiansen** arkitekt og verkefnastjóri hjá Skipulagsstofnun |
| **14:30-16:55** | Raddtorg – (world café), umræðuhópar á 19. hæð með þátttöku ráðstefnugesta, (5- 6 manns við hvert borð) þar sem fram fara umræður með því markmiði að ná fram niðurstöðum og skilaboðum sem komið verður áfram til stjórnvalda (kaffi og meðlæti verða á borðum) |
| **17:00** | **Ráðstefnulok** og hressing |

MARKAÐURINN
Sögurnar... tölurnar... fólkið...

Skussaskapur íslenskra fyrirtækja þegar kemur að skilum á ársreikningum er óásættanlegur:

# *Reglur nauðsyn í öllum leikjum*

**Jón Aðalsteinn Bergsveinsson**

Þegar hjól efnahagskerfisins verða komin í gang á ný munu eflaust einhverjir líta til baka og rifja upp hvernig umhverfið leit út á gamla Íslandi. Ekki er ætlunin að gera slíkt hér með vota hvarma. Þvert á móti. Vonandi mun sá tími aldrei koma aftur heldur nýtt land rísa úr rústunum á nýjum grunni. Grunni sem fólk getur staðið á án þess að þykjast einstakt í veröldinni, haga sér eftir því og hvorki skeyta um kóng, prest né eigin svörð.

Því þótt einhverjir vilji ekki gera sér grein fyrir því þá er Ísland hluti af samfélagi þjóðanna, þátttakandi í alþjóðlegu umhverfi og þarf að lúta þeim reglum sem þar eru í gildi. Ekki þýðir fyrir mörlandann að þykjast vera í afskekktri paradís, í innilokuðum dal þar sem íbúarnir geta sjálfir sett sínar eigin reglur og lifað eftir þeim. Enginn vill leika með þeim sem ekki fara eftir reglunum.

Tíðkast hefur allt frá leikskólaaldri að þeir sem slíkt gera fá ekki að vera með. Þeir eru einfaldlega skildir útundan.

**Því þótt einhverjir vilji ekki gera sér grein fyrir því þá er Ísland hluti af samfélagi þjóðanna, þátttakandi í alþjóðlegu umhverfi og þarf að lúta þeim reglum sem þar eru í gildi. Ekki þýðir fyrir mörlandann að þykjast vera í afskekktri paradís, í innilokuðum dal þar sem íbúarnir geta sjálfir sett sínar eigin reglur og lifað eftir þeim. Enginn vill leika með þeim sem ekki fara eftir reglunum.**

Það verður að teljast undarlegt hversu aftarlega á merinni íslensk fyrirtæki eru þegar kemur að skilum á ársreikningum. Líkt og Rakel Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Creditinfo á Íslandi, bendir á í forsíðufrétt Markaðarins eru stjórnendur íslenskra fyrirtækja skussar þegar kemur að uppgjörsskilum. Í þeim hópi er fyrirtæki, sem til nokkurra ára hefur talist til umsvifamestu fyrirtækja landsins á erlendum vettvangi. Það hefur ekki skilað ársreikningi í fimm ár, síðasta uppgjör þess skilaði sér í hús árið 2004.

Ekki er víst hvort dæmið sé einstakt. En á sama tíma og rúmlega 90 prósent erlendra fyrirtækja standa plikt sína skila einungis tíu til fimmtán fyrirtækja hér ársreikningum á sama tíma. Restin skilar sér svo að mestu eftir lokafrest. Stundum reyndar seinna, eða aldrei…

Slíkt hlýtur að teljast óviðunandi.

Ótrúlegt er að fyrirtæki hér hafi komist upp með að láta hjá líða að skila grundvallargögnum, ársreikningi sem lánveitendur og aðrir sem fyrirtækið snerta byggja ákvörðun sína á. Ófært er að leggja fram gömul, hvað þá úrelt, gögn til að byggja á framtíð.

Því fátt stendur lengi á sandi.

Rakel bendir réttilega á að skussaskapur sem þessi getur bæði verið einn brostnu hlekkjanna sem bæði olli hruninu og tefur fyrir endurreisn efnahagslífsins. Nauðsynlegt er að hlýða kalli hennar svo mögulegt verði að greina stöðuna og sjá hvernig íslenskum fyrirtækjum hefur reitt af eftir hrunið.

Annað hlýtur að teljast óásættanlegt.

Vonandi verða ársreikningaskilin betri í framtíðinni, trausti grunnurinn, ein stoðanna sem nýtt land rís á.




# Netið og markaðsstjórar

**ORÐ Í BELG**

**Guðmundur Arnar Guðmundsson**
Markaðsstjóri



Í dag eru allir markaðsstjórar net-markaðsstjórar því allir Íslendingar eru nú á netinu. Netið er að breyta því hvernig fólk hagar lífi sínu en það er einnig að verða sífellt fyrirferðarmeira í einkalífi fólks. Þar deilir fólk fæðingu og uppvexti barna sinna, finnur ástvini og heldur það sambandi við vini og gamla skólafélaga. Það finnur upplýsingar um heilsukvilla og lyf, deilir fjölskyldumyndunum, les fréttir, horfir á sjónvarp og skipuleggur einkalífið og fríin.

**FYRIRTÆKIN BERSKJÖLDUÐ**

Það hefur oft verið fullyrt að netið hafi gjörbreytt kjarnanum við stjórnun vörumerkja. Þetta er ekki rétt. Hann snýst enn þá um það sama. Að vita hvað viðskiptavinirnir vilja, bjóða vöru eða þjónustu sem uppfyllir þær þarfir og gera það vel og alltaf eins. Það sem hefur hins vegar breyst eru samskiptaleiðirnar. Þá hafa fyrirtæki aldrei verið eins berskjölduð. Það er í raun komið stækkunargler á allt sem fyrirtæki gera og ef þau standa ekki við það sem þau lofa, kemst strax upp um þau. Fyrirtæki geta ekki falið neitt lengur. Á netinu geta neytendur borið saman verð og gæði fyrirtækja á örskotstíma. Ungling í Breiðholtinu sem langar í MP3 spilara gæti eins auðveldlega talað við vin sinn í Hafnarfirði, lesið blogg hjá íbúa í Tókýó og umsögn Breta á tónlistarsíðu til að ákveða sig. Áður en farið er út að kaupa, gæti hann hafa borið saman verð á Íslandi og nokkrum öðrum stöðum í heiminum. Þegar kaupin eiga sér loks stað er sölunni í raun lokið. Hann á aðeins eftir að ná í gripinn.

**MIKILL HRAÐI**

Sögur ferðast hratt á netinu. Bæði slæmar sögur og góðar. Sem dæmi þurfti lásaframleiðandi í Bandaríkjunum að endurkalla mikið magn hjólreiðalása eftir að unglingur með venjulegum BIC penna tókst að opna eina tegund af lásum fyrirtækisins. Hann tók gjörninginn upp, setti á Youtube og myndbandið fór eins og eldur um sinu um netið. Fyrirtækið þurfti að endurkalla þessa nýju lásalínu og tók mikinn skell fyrir vikið. Önnur nýleg saga er af frægri pitsustaðakeðju úti í heimi sem lenti í því að tveir starfsmenn gerðu heldur ógeðfellda hluti við pitsu í vinnunni sem var svo send til viðskiptavinar. Atvikið var myndað af starfsmanni, sett á netið og fyrirtækið, sem er með útibú úti um allan heim, fékk gríðarlegt högg í mörgum löndum þegar milljónir manna sáu myndbandið á örfáum dögum.

**STANDAST EKKI VÆNTINGAR**

Það fyrsta sem yfirmenn spyrja þegar slæm saga fer af stað á netinu er hvernig hægt sé að redda því? Stutta svarið er að það er ekki hægt. Fyrirtæki geta einungis sagt sína hlið á málinu, gert það stöðugt og vonað svo að almenningur hlusti frekar á fyrirtækið en „brjálæðinginn á horninu“. Hitt er svo annað mál að ástæða er fyrir því að flest fyrirtækjanna fá á sig skell sem þennan. Þ.e.a.s. þjónustan eða vörurnar sem þau voru að bjóða stóðust ekki þær væntingar sem fylgdu þeim. Lásaframleiðandinn var með lélegan lás og pitsustaðurinn var ekki með innri málin í lagi. Stundum eru fyrirtæki hreinlega ekki nógu gegnsæ og því eru viðskiptavinir með rangar væntingar til þeirra. Í öðrum tilvikum er um þjónustubrot að ræða.

**GÓÐAR SÖGUR**

Góðar sögur fá líka athygli á netinu. Ekki þarf annað en að Googla „góð þjónusta“ til að lesa frásagnir fólks um góða þjónustu á Íslandi (330.000 leitarniðurstöður koma upp). Undirritaður fékk t.a.m. tölvupóst (sem sendur var á nokkuð stóran hóp) frá vini sem ætlaði að panta mat og láta senda sér frá Hamborgarabúllunni nýlega. Hún hringdi þangað og ætlaði að láta senda sér mat heim með Food taxi sem starfsmaðurinn tilkynnti að væri því miður ekki starfandi lengur. Því væri engin heimsendingarþjónusta í boði. Starfsmaðurinn á Búllunni sagði það þó ekki vandamál því hann ætti leið hjá húsi hennar og bauðst til að koma við með matinn.

Önnur góð saga sem dreifðist á netinu var af bílaframleiðandanum Toyota. Staðan á Facebook var einn vetrardag hjá nokkrum Facebook-urum að Toyota hefði verið búin að skafa snjóinn af bílunum þeirra þegar þeir fóru út þann morguninn. Allir voru þeir auðvitað Toyota-eigendur með fleiri hundruð vini á Facebook sem sáu skilaboðin. Svona litlar sögur sem áður fyrr lifðu aðeins hjá viðskiptavinum og örfáum í kringum þá dreifast víðar og hraðar en nokkru sinni fyrr.

**NEYTENDAMIÐILL**

Valdið er farið frá fyrirtækjunum til viðskiptavina. Í þessum breytta heimi er samt einnig mikið sóknarfæri með því að fara örlítið fram úr væntingum sem er besta leiðin til að hrífa viðskiptavini. Ánægðir viðskiptavinir segja stundum frá upplifun sinni á netinu sem selur öðrum að koma í viðskipti. Með tilkomu netsins verða neytendur í raun sterkasti fjölmiðillinn. Fyrirtæki, sem eru 100 prósent gegnsæ, eru hreinskilin og segja af auðmýkt frá sinni hlið ef hallar á traustið. Ef þau reyna að fela eitthvað eða fegra kemst það alltaf upp fyrr eða síðar og ekkert fyrirtæki (frekar en einstaklingur) getur komið vel frá því að vera „nappað“ við eitthvað sem það á ekki að vera að gera.

**ALLIR Á NETINU**

Eins og í upphafi sagði eru nú allir á netinu. Til að undirstrika það segjast nú 96 prósent Íslendinga á aldrinum 16-35 ára og 79 prósent af aldurshópnum 56-76 ára fara á netið einu sinni í viku eða oftar í upplýsingaleit. Fólk notar netið til að kynna sér vöruúrvalið sem er í boði, ber saman kosti og klárar þar yfirleitt allt nema kaupin sjálf. 81 prósent Íslendinga á aldrinum 13-29 ára eru nú á Facebook og næstum allir fara þangað einu sinni í viku eða oftar. Þá nota rúmlega 75 prósent Íslendinga bankaþjónustu á netinu og nær allir skila skattskýrslunni sinni þar. Tæp 40 prósent netnotenda í Bandaríkjunum segjast oft miðla reynslu sinni af vörum og þjónustu á netinu. Þetta er geysilega mikilvægt fyrir íslensk fyrirtæki að hafa í huga því í dag 73 prósent Íslendinga á aldrinum 16-35 ára og helmingur þeirra sem eru á aldrinum 55-75 ára lesa blogg einu sinni í viku eða oftar. Að lokum hafa rannsóknir í Bandaríkjunum sýnt að 68 prósent neytenda eru líklegri til að trúa ráðleggingum annarra neytenda á netinu en skilaboðum í hefðbundnum miðlum. Mikilvægi netsins er því nokkuð augljóst.

Greinin er unnin upp úr bók sem kemur út fljótlega um markaðssetningu á netinu.



**VIKULEG VEFRÁÐ Í BOÐI ALLRA ÁTTA**

# Er heimasíðan þín gagnvirk?

**Jón Trausti Snorrason**
**framkvæmdastjóri**
**Allra Átta ehf.**

www.8.is

Kannanakerfi eru meðal þeirra nýjunga, sem skotið hafa upp kollinum á frétta-, spjall- og bloggsíðum undanfarin misseri, og jafnvel á vefsíðum fyrirtækja. Fyrirtæki, stofnanir og félagasamtök hafa augljósan hagnað af þessum skemmtilega möguleika, sem tengir þau við lesendur, fjölgar heimsóknum og aflar ef til vill upplýsinga um eitthvað, sem betur mætti fara.

Skoðanakönnun er góð leið til að gera heimasíðu fyrirtækis gagnvirka. Þannig getur það fengið fram skoðanir lesenda á fyrirtækinu, vefsíðunni, einstaka vörutegundum, þjónustu eða einhverjum álitamálum. En hafa ber í huga, að nauðsynlegt er að skipta reglulega um könnun.

Rafrænar kannanir geta verið af ýmsum toga, en mikilvægast er að standa vel að efni og uppsetningu þeirra, kynna þær með áberandi hætti á vefsíðunni og helst einnig á vinsælum samfélagssíðum, t.d. Facebook. Jafnframt væri hægt að umbuna heppnum þátttakendum með einhverjum hætti til að auka áhuga þeirra.

Að kanna hug lesenda með þessum hætti er ekki svo frábrugðið því að gera könnun um fylgi stjórnmálaflokka. Niðurstöðurnar gefa til kynna hver staðan er og hvað betur mætti fara. En hvað vefkannanir snertir þarf að nota þær rétt, spyrja réttra spurninga og vinna á faglegan hátt úr niðurstöðunum.

Ef spurningar vakna bendum við lesendum á að leita til sérfræðinga því mestur árangur næst með fagmennsku í fyrirrúmi.

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. RITSTJÓRI: Óli Kr. Ármannsson, *olikr@markadurinn.is* RITSTJÓRN: Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, *jonab@markadurinn.is* AUGLÝSINGASTJÓRI: Jón Laufdal RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 512 5000** SÍMBRÉF: 512 5301 NETFÖNG: **ritstjorn@markadurinn.is** og **auglysingar@markadurinn.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 miðlar ehf. PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Markaðinum er dreift ókeypis með Fréttablaðinu Markaðurinn áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.




# Finndu réttan flöt í samskiptum

## með IP símaþjónustu Skyggnis

**IP símkerfi Skyggnis bjóða upp á spennandi sparnaðarmöguleika sem felast í samþættingu allra samskipta í eitt upplýsingakerfi. Kostir IP símaþjónustu eru m.a.:**

- **Enginn stofnkostnaður**
  - Engin fjárbinding í símstöð – Fastar mánaðarlegar greiðslur.
- **Hvar og hvenær sem er**
  - Aðeins eitt símanúmer fyrir borðsíma og farsíma tryggir að hægt er að ná í starfsmenn hvar og hvenær sem er.
- **Lægri símakostnaður**
  - Símtöl flutt yfir gagnanet í stað símalína, öll símtöl innan fyrirtækis ókeypis og innanlandstaxti hjá starfsmönnum á ferðalagi eru allt þættir sem lækka símakostnað verulega.
- **Fundir á ferðinni**
  - Auðvelt að setja upp símafundi, bæði í borðsímum og farsímum.
- **Tölvusími**
  - Hægt að hringja beint úr tölvunni – Óþarfi að kaupa símtæki.
- **Færanleiki**
  - Auðvelt að flytja símtöl úr borðsíma í farsímann þegar þú ert á ferðinni.

**Hafðu samband við ráðgjafa Skyggnis og fáðu faglega ráðgjöf um val á lausn sem gerir þér kleift að lækka kostnað, auka skilvirkni og bæta þjónustu.**

**Síminn er 516 1000 og netfangið ver@skyggnir.is.**

AVAYA

Skyggnir

Urðarhvarf 6 | 203 Kópavogur | Sími 516 1000 | skyggnir.is

**SÍMANÚMER MARKAÐARINS:** 512 5000, fax: 512 5301, ritstjorn@markadurinn.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@markadurinn.is **Veffang:** visir.is

BANKAHÓLFIÐ

## Rafræn bylting

Nýja Kaupþing hefur tekið upp á því að bjóða öllum netvæddum viðskiptavinum sínum upp á þá nýjung að afþakka öll yfirlit á pappír og fá þau þess í stað send beint í netbankann. Umtalsverður sparnaður fæst með slíku, að sögn bankans, en þar innandyra er reiknað með að aðgerðin geti sparað hverjum og einum allt að tíu þúsund krónur í pappírs- og sendingarkostnað á ári. Bankinn segir þúsund manns hafa þegið þjónustuna. Þetta er svo sannarlega löngu tímabær bylting, sem lengi hefur verið beðið eftir þar sem nær hver einasti landsmaður hefur um árabil verið ýmist nettengdur eða með aðgang að tölvu sem þannig er háttað um.



## Dómínóáhrif?

Hætt er við að þessi löngu tímabæra rafræna bylting bankans geti haft gríðarleg dómínóáhrif í för með sér. Miðað við að þúsund viðskiptavinir Nýja Kaupþings hafi afþakkað yfirlit með gamla laginu stefnir í að hátt í tíu milljónir króna hverfi úr þeim farvegi sem þær hafa verið í fram til þessa. Með augum hagfræðingsins felur þetta í sér að færri tré þarf að fella til að prenta yfirlitin og getur það haft áhrif á skógarhögg og pappírsvinnslu í Finnlandi. Þá gæti Pósturinn orðið af umtalsverðum tekjum, sem fram til þessa hafa skilað sér hægt en örugglega í kassann frá bönkunum. Störf póstburðarfólks gætu jafnvel verið í hættu. Jákvæða hliðin er á móti sú að hagur framleiðenda prentara og bleks gæti vænkast þegar netverjar taka að prenta yfirlitin út. Óvíst er hvort byltingin vegi þungt utan landsteina þar sem fjöldi Íslendinga er rétt á við meðalbæ á meginlandi Evrópu.

## Kínverskir millar

Það hljómar reyndar eins og einkennilegasta tilviljun en Íslendingar eru jafn margir og fjöldi auðugustu einstaklinga í Kína í árslok, samkvæmt spá um auðsöfnun þar í landi sem ráðgjafarfyrirtækið Bain & Company gaf út á mánudag. Milljarðamæringar í Kína voru þrjú hundruð þúsund í lok síðasta árs en reiknað er með að þeim fjölgi um tuttugu þúsund á þessu ári. Afar ólíklegt er að slíkar fregnir berist héðan í bráð. Til að komast á lista kínverskra auðmanna þarf viðkomandi að eiga jafnvirði tveggja milljarða króna hið minnsta. Samkvæmt úttektinni búa flestir þeirra sem loðnir eru um lófana í Guangdong-héraði en þar hafa íslensk fyrirtæki í sjávarútvegi skotið rótum síðustu ár.



**29** er sætið á lista breska dagblaðsins Sunday Times yfir 1.000 auðugust menn landsins sem Björgólfur Thor Björgólfsson vermdi á síðasta ári. Hann er dottinn af nýjasta listanum sem birtur var um helgina.

**200** milljarðar er fjöldi evranna sem þýski bankinn Deutsche Bank hagnaðist um á fyrsta fjórðungi ársins.

**171** krónu kostaði að kaupa eina evru í gær. Á sama tíma fyrir ári kostaði ein evra rétt rúmar 115 krónur.










# 88

PIZZUSKINKA 125G
**10% AFSLÁTTUR.**
MERKT VERÐ 98 KR./PK.




# 899

BÓNUS BAYONNESKINKA
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 998 KR./KG




# 598

BÓNUS BBQ SVÍNABÓGSNEIÐAR,
REYKTAR - FRÁ KJARNAFÆÐI
**10% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 665 KR./PK




# 465

KOFAREYKT FOLALDAKJÖT M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI
**30% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 664 KR./KG




# 465

SALTAÐ FOLALDAKJÖT M/BEINI
FRÁ KJARNAFÆÐI
**30% AFSLÁTTUR**
MERKT VERÐ 664 KR./KG

Með fyrirvara
um prentvillur eða
uppseldar vörur.

BÓNUS BÝÐUR BETUR

**OPIÐ:** **FÖSTUD:** 10:00 TIL 19:30. **LAUGARD:** 10:00-18:00 **SUNNUD:** 12:00-18:00

**DANIEL DAY-LEWIS ER 52 ÁRA**

*„Líklega hef ég þróað með mér mikla sjálfsblekkingu og þess vegna er lítið mál fyrir mig að trúa því að ég sé einhver annar en ég er.“*

***Daniel Day-Lewis er breskur leikari sem hefur hlotið Óskarsverðlaun fyrir leik sinn í kvikmyndunum My Left Foot (1989) og There Will Be Blood (2007).***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 29. APRÍL 1945

## *Adolf og Eva giftast*

Adolf Hitler gekk að eiga Evu Braun á þessum degi árið 1945.

Eva Braun hitti þjóðarleiðtogann fyrst þegar hún var sautján ára (1929) og starfaði sem aðstoðarkona opinbers ljósmyndara Hitlers. Þau fóru að draga sig saman tveimur árum síðar.

Eva var aldrei í sviðsljósinu heldur dvaldi á heimili Hitlers að Berghof. Í raun vissi þýska þjóðin ekki af tilvist hennar fyrr en að stríði loknu.

Braun hélt tryggð við Hitler fram á síðasta dag en giftingin fór fram í neðanjarðarbyrgi í Berlín aðeins um 40 tímum áður en þau frömdu bæði sjálfsmorð.



**EVA BRAUN OG HITLER**

ALÞJÓÐLEGI DANSDAGURINN: HALDINN HÁTÍÐLEGUR UM ALLAN HEIM Í DAG

# DANSAÐ UM HÖFUÐBORGINA

Alþjóðlegi dansdagurinn er haldinn hátíðlegur í dag og í tilefni af því verða börn og unglingar í sveiflu um alla Reykjavík.

Listdansskólarnir á höfuðborgarsvæðinu verða með hátíðardagskrá í Kringlunni klukkan 15.30 og aftur í Ráðhúsi Reykjavíkur klukkan 17. „Þarna verður hægt að sjá þverskurðinn af því sem er að gerast í listdansskólum landsins í dag. Dansararnir fá að sýna hvað í þeim býr og sjá hvað hinir nemarnir eru að gera. En þetta er fyrst og fremst gert til skemmtunar,“ segir Irma Gunnarsdóttir, danshöfundur og listdanskennari.

Börn og unglingar úr öllum listdansskólum á höfuðborgarsvæðinu taka þátt í sýningunum, að undanskildum Klassíska listdansskólanum að Grensásvegi sem verður með opið hús. Þá voru leik- og grunnskólar einnig hvattir til að gera dansinum hátt undir höfði í dag.

Á milli klukkan tólf og eitt í dag má svo gera ráð fyrir að endorfínið streymi um líkama dansara um allan heim. Fjölmargir hafa tekið undir hvatningu sem gengið hefur manna á milli á Facebook og ætla að faðma að sér dansara í tilefni dagsins. „Þetta er einmitt í anda þess sem Alþjóðlega dansnefndin, sem skipuleggur daginn, boðar,“ segir Irma. „Nefndin hvetur til þess að fólk sameinist í friði og dansi í dag. Dansinn er tungumál sem allir skilja og því öflugt tæki, meðal annars til að berjast gegn fordómum og sameina ólíka menningarheima.“ Yfirlýst markmið dagsins er enda háleitt: Að yfirstíga allar pólitískar, menningarlegar og siðferðilegar hindranir og færa fólk nær hvert öðru í friði og vináttu.

Irma segir fulla ástæðu til að vekja athygli á dansinum og sýna samstöðu með listforminu. „Listdansinn hefur orðið svolítill eftirbátur annarra listgreina í skólakerfinu. Hér eru mjög góðir fagskólar en við erum stutt á veg kominn með að þróa listdanskennslu innan skólanna. Flestir geta lært að dansa. Og allir ættu að geta lært að njóta þess að horfa á dans.“

**holmfridur@frettabladid.is**



**Í DANSKNÚSI** Þær Irma Gunnarsdóttir og Guðrún Óskarsdóttir, skipuleggjendur Alþjóðlega dansdagsins á Íslandi, bregða á leik og faðmast í tilefni dagsins. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Arngrímur Ingimundarson**

kaupmaður, Grettisgötu 2a,

andaðist fimmtudaginn 16. apríl 2009. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 30. apríl klukkan 13.00.

**Ingileif Arngrímsdóttir**   **Sigmar Æ. Björgvinsson**
**Jóhanna Arngrímsdóttir**   **Snorri B. Ingason**
**Sigríður Arngrímsdóttir**   **Grettir K. Jóhannesson**
**Gíslunn Arngrímsdóttir**   **Gunnlaugur S. Sigurðsson**
**og afabörnin.**

†

*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,*



**Áslaugar Jónu Ólsen Jóhannsdóttur**

Kópavogsbraut 1a (áður Hlégerði 11) Kópavogi.

**Gréta Björk Jóhannesdóttir**   **Þórhallur Frímannsson**
**Edda Ösp Jóhannesdóttir**
**Guðjón Reynir Jóhannesson**   **Gyða Halldórsdóttir**
**Kristján Jóhannesson**   **Eyrún Jónsdóttir**
**Helga Jóhannesdóttir**   **Örn Jónasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, sonur, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Úlfar Stígur Hreiðarsson**

Grísará 2, Eyjafjarðarsveit,

sem lést föstudaginn 17. apríl verður jarðsunginn frá Grundarkirkju, Eyjafirði fimmtudaginn 30. apríl kl. 13.30.

**Hildur Gísladóttir**
**Ragnheiður María Pétursdóttir**
**Katrín Úlfarsdóttir, Jóhann Ólafur Halldórsson**
**Hjördís Úlfarsdóttir, Fjóla Björk Jónsdóttir**
**Gísli Brjánn Úlfarsson, Þorgerður Hauksdóttir**
**Úlfhildur Úlfarsdóttir, Baldvin Ingi Símonarson**
**afa- og langafabörn.**



†

*Hjartans þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýhug og samúð, við andlát og útför okkar ástkæra föður,*

**Ingvars Bjarnasonar**

Hrafnistu, Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu.

**Anna Ingvarsdóttir**
**Guðrún Ingvarsdóttir Gunnar Halldórsson**
**Bjarni Ingvarsson Halldóra Skaftadóttir**
**Lilja Ingvarsdóttir Smári Brynjarsson**
**Stefán Ingvarsson Jóhanna Benediktsdóttir**
**Þröstur Ingvarsson Erla Ferdinandsdóttir**
**Birna Ingvarsdóttir Snorri Halldórsson**
**afa- og langafabörn.**



†

*Ástkær móðir mín,*

**Sigríður Guðmundsdóttir**

áður Gautlandi 15,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð, Kópavogi að morgni 26. apríl. Útförin auglýst síðar. F.h. annarra aðstandenda,

**Hilmar H. Svavarsson.**

†

*Ástkær faðir, afi og langafi,*

**Sigurður Lárusson Knúdsen**

Tunguvegi 44, Reykjavík,

er lést á Landspítalanum sunnudaginn 26. apríl síðastliðinn verður jarðsunginn frá Bústaðakirkju 5. maí kl. 13.00.

**Guðbjartur Sigurðsson**   **Snjólaug Jóna Sveinsdóttir**
**Kristín Eva J. Sigurðardóttir**   **Karl O. Jansson**
**Matthías Daði Sigurðsson**   **Anna Guðmundsdóttir**
**Sigurður Pétur Sigurðsson**   **Ingibjörg Bjarnadóttir**
**Gunnar Smári Sigurðsson**   **Súsanna Þórisdóttir**
**Lárus Fjeldsted Sigurðsson**   **Doris Merleen Omdal**
**Elínborg Sigurðardóttir**
**Hulda Dögg Sigurðardóttir**   **Erlendur Valdimarsson**
**Ellen Elsa Sigurðardóttir**   **Steingrímur Gunnarsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ingólfur Guðmundsson**

fyrrv. stýrimaður og kaupmaður, Lynghaga 12,

andaðist á Landspítalanum í Fossvogi aðfaranótt 27. apríl. Jarðarförin auglýst síðar.

**Svava Ingimundardóttir**
**Ágúst Ingólfsson**   **Vilborg Jónsdóttir**
**Örn Ingólfsson**   **Hrafnhildur Bjarnadóttir**
**Einar Ingólfsson**   **Bára Bjarnadóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

## 100 ára afmæli

**Kæru vinir og ættingjar,**

**ég færi ykkur innilegar þakkir fyrir heimsóknir, kveðjur og gjafir í tilefni 100 ára afmælis míns.**

**Það var sól úti og sól í sinni þennan dag.**

**Hlíf Böðvarsdóttir**



## 90 ára afmæli

**María Magnúsdóttir**

Bogabraut 24 á Skagaströnd verður 90 ára föstudaginn 1. maí nk. Af því tilefni mun hún taka á móti gestum í félagsheimilinu Fellsborg á Skagaströnd á afmælisdaginn kl. 15.00-19.00 Afmælisbarnið hefur ekki áhuga á öðrum gjöfum í tilefni dagsins en glaðlegum brosum og hlýjum handtökum.




**Legsteinar og fylgihlutir**

- Mikið úrval
- Yfir 40 ára reynsla
- Sendum myndalista

*MOSAIK* Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík
Sími 587 1960 www.mosaik.is


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**


MATARKARFAN
TILBOÐIN
MENNINGARVIÐBURÐIR
FYRIR BÖRNIN
NAUÐSYNLEGT FYRIR NEYTENDUR
– FULLT AF FRÁBÆRUM TILBOÐUM
SPARNAÐUR
UPPSKRIFTIR
FATNAÐUR
FYRIR VEISLUNA
LÍKAMSRÆKT
HEIMILIÐ
TÓNLEIKAR
FASTEIGNIR
HEIMILISTÆKI
BORGARFERÐIR
BÍLAR
Í Fréttablaðinu færðu nýjustu upplýsingar um vörur og þjónustu, heitustu fréttirnar og bestu tilboðin. Á hverjum degi í langmest lesna dagblaði á Íslandi, Fréttablaðinu.
FRÉTTABLAÐIÐ
MARKAÐSTORG HEIMILANNA






# ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is



## Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Sun 3/5 kl. 14:00 | U | Sun 24/5 kl. 14:00 | U | Lau 6/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 3/5 kl. 17:00 | U | Þri 26/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 14:00 | U |
| Þri 5/5 kl. 18:00 | U | Mið 27/5 kl. 18:00 | U | Sun 7/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 10/5 kl. 14:00 | U | Fös 29/5 kl. 18:00 | U | Lau 13/6 kl. 14:00 | Ö |
| Sun 10/5 kl. 17:00 | U | Lau 30/5 kl. 14:00 | U | Lau 13/6 kl. 17:00 | Ö |
| Lau 16/5 kl. 14:00 | U | Lau 30/5 kl. 17:00 | U | Sun 14/6 kl. 14:00 | U |
| Lau 16/5 kl. 17:00 | U | Fim 4/6 kl. 18:00 | U | Sun 14/6 kl. 17:00 | U |
| Sun 17/5 kl. 14:00 | U | Fös 5/6 kl. 18:00 | U | Sun 30/8 kl. 14:00 | |
| Sun 17/5 kl. 17:00 | U | Lau 6/6 kl. 14:00 | U | Sun 30/8 kl. 17:00 | |

Sýningar haustsins komnar í sölu

## Hart í bak (Stóra sviðið)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 2/5 kl. 20:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 20:00 | U |
| Fös 8/5 kl. 20:00 | Ö | Fös 15/5 kl. 20:00 | U |

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

## Sædýrasafnið (Kassinn)

Sun 3/5 kl. 21:00 síðasta sýn.

Ath. snarpt sýningatímabil

## Skoppa og Skrítla í söng-leik (Kúlan)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Lau 2/5 kl. 13:00 | Ö | Lau 9/5 kl. 13:00 | Ö |
| Lau 2/5 kl. 14:30 | Ö | Lau 9/5 kl. 14:30 | |

Bestu vinkonur barnanna í líflegri sýningu fyrir þau allra yngstu

## Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fim 30/4 kl. 21:00 síðasta sýn.

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.

## Creature - gestasýning (Kassinn)

| | | | |
|---|---|---|---|
| Fim 14/5 kl. 20:00 | U | Lau 16/5 kl. 20:00 | |
| Fös 15/5 kl. 20:00 | Ö | Sun 17/5 kl. 20:00 | |

Kolklikkaður leikhúskokteill!









NOKKUR ORÐ
Alma Guðmundsdóttir

# Borða McDonalds átta mánaða

Í Bretlandi er ítrekað reynt að sýna fram á að það getur kostað jafn mikið og tekið jafn stuttan tíma að elda matinn heima hjá sér eins og að kaupa skyndibita, með þáttum þar sem sjónvarpskokkar kenna fólki að elda. Mér fannst hálf ýkt hversu margir þættir snerust um það sama, þangað til ég fór smám saman að sjá hversu víðtækt vandamál þetta raunverulega er.

Mörgum er eflaust minnisstætt þegar nokkrar mæður tóku sig saman og mættu með skyndibitamat til barnanna sinna í skólann þegar kokkurinn Jamie Oliver var að reyna að breyta mötuneytismatnum til hins betra og í gær rakst ég á annað sjokkerandi dæmi á fréttavef The Sun. Þar er viðtal við hina 24 ára Leanne Salt, sem er 184 kíló, þar sem hún viðurkennir að hún gefi átta mánaða þríburum sínum McDonalds að borða. „Ég tygg matinn fyrst svo þau geti borðað hann því þau eru enn tannlaus. Þau borða barnamat úr krukkum og stundum hita ég tilbúið lasagna fyrir þau í örbylgjuofni því það er auðveldara að gefa þeim mat sem er búið að elda,“ útskýrir Leanne sem segir að hún eigi við skjaldkirtilsvandamál að stríða. „Ég gef þeim grænmeti á hverjum sunnudegi og svo eru ávextir í barnamatnum þeirra,“ bætir hún við.



Það er eflaust margt sem spilar inn í óheilbrigða lífernið sem Leanne er að ala börnin sín upp í, en eftir þessa lesningu varð ég einstaklega þakklát fyrir það heilsusamlega uppeldi sem ég og flestir í kringum mig hafa fengið. Það þarf ekki að horfa lengra en til Bretlands til að sjá að það er ekki sjálfgefið. Nú þarf matvælaverð hér á landi bara að lækka og það strax.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# Upplífgandi í kreppunni



ÞRJÚ SAMAN Ólafur Gaukur, Svanhildur og KK spila í Fríkirkjunni á fimmtudagskvöld klukkan 21.

Sextett Ólafs Gauks með Svanhildi Jakobsdóttur og Kristjáni Kristjánssyni, KK, heldur tónleika í Fríkirkjunni á fimmtudagskvöld klukkan 21. Síðustu tónleikar þeirra voru einmitt í Fríkirkjunni á Vetrarhátíð í Reykjavík í febrúar þar sem 700 manns skemmtu sér konunglega.

„Við ákváðum að prófa þetta aftur vegna fjölda áskorana," segja þau Ólafur og Svanhildur og lofa upplífgandi tónleikum á þessum krepputímum sem nú eru.

Með þeim Ólafi, Svanhildi og KK spila á tónleikunum þeir Carl Möller, Stefán S. Stefánsson, Stefán Ómar Jakobsson, Eric Qvick og Finnbogi Kjartansson.

# 104 í Þorskastríði

104 hljómsveitir hafa sent inn efni í hljómsveitarkeppnina Þorskastríðið sem útgáfufyrirtækið Cod Music stendur fyrir. Fjöldinn er þegar orðinn meiri en í fyrra þegar 102 sveitir sendu inn efni í keppnina. Hljómsveitir hafa enn nokkra daga til að taka þátt því ekki verður lokað fyrir innsendingar fyrr en næstkomandi föstudag. Úrslitin verða kynnt 15. maí. Sigurvegarinn getur unnið útgáfusamning við Cod Music en telji dómnefnd hann ekki tilbúinn í plötu vinnur viðkomandi hljóðverstíma með upptökustjóra til að fullklára eitt lag. Sigurvegarinn í Þorskastríðinu í fyrra var hljómsveitin Steini og vann hún útgáfusamning við Cod Music.



STEINI Hljómsveitin Steini vann Þorskastríðið á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Miðvikudagur 29. apríl**

### → Leiklist



**20.00 Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands** við Sölvhólsgötu 13, flytur verkið Going Ballistic eftir Rostislav Tumanov. Flytjendur eru Saga Garðarsdóttir, Björn Leó Brynjarsson, Halldór Halldórsson, Hjörtur Jóhann Jónsson og Snorri Engilbertsson.

### → Tónleikar

**20.00 Kvennakór Suðurnesja** heldur vortónleika í Bíósal Duushúsa við Duusgötu í Reykjanesbæ. Á efnisskránni verða bæði íslensk og erlend lög auk syrpu úr Mamma Mia söngleiknum. Aðgangur er ókeypis og allir velkomnir.



**20.00** Hulda Jónsdóttir fiðluleikari verður með útskriftatónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni eru m.a. verk eftir Mozart, Messiaen og Árna Björnsson.

**20.30 Bubbi Morthens** verður með tónleika í Egilsbúð við Egilsbraut á Neskaupsstað. Á efnisskránni verða ný lög í bland við eldra efni.

### → Tangó



**20.00 Tangófélagið** stendur fyrir tangókvöldi alla miðvikudaga á Kaffitári við Bankastræti 8. Opinn tími fyrir byrjendur milli kl. 20-21 en síðan er dansað til kl. 23. Allir velkomnir.

### → Fyrirlestrar

**16.30 Guðrún Vilmundardóttir** fjallar um leikritaskáldið Söruh Kane í erindinu „skáldið hefur (yfirleitt) rétt fyrir sér" sem hún flytur í fyrirlestrasal Þjóðminjasafnsins við Suðurgötu.

### → Handverkskaffi

**16.30** Á miðvikudögum milli kl. 16.30 og 18 er **handverkskaffi í Bókasafni Kópavogs** við Hamraborg 6a. Þar býðst fólki að skoða blöð og bækur tengdar handavinnu, föndri og listum og boðið er upp á tilsögn fyrir þá sem þurfa. Allir velkomnir, heitt á könnunni og aðgangur ókeypis.

### → Myndlist

**Einar Hákonarson** hefur opnað sýningu á 40 nýjum olíumálverkum að Laugavegi 95. Sýningin er opin alla daga kl. 14-18.

**Ólöf J. Guðmundsdóttur** hefur opnað sýninguna „móðir, kona og meyja" í Listasal Iðu-hússins við Lækjargötu þar sem hún sýnir olíumálverk. Sýningin er opin alla daga frá kl. 9-22.

**Hafsteinn Austmann** hefur opnað sýningu á vatnslitamyndum í Studio Stafni, Ingólfsstræti 6. Opið alla daga kl. 13-17.

### → Sýningar



**Ókeypis er á sýningar Þjóðmenningarhússins** við Hverfisgötu á miðvikudögum. Þar stendur nú yfir m.a. sýningin „Að spyrja náttúruna - saga Náttúrugripasafnis. Á sýningunni er að finna fjölda uppstoppaðra dýra frá öllum heimshornum auk annarra náttúrugripa og muna úr sögu safnsins. Opið alla daga kl. kl. 11-17.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**




## > HANDTEKINN Á NÆRBUXUNUM

Ástralski leikarinn Eric Bana var handtekinn þegar hann heimsótti Bandaríkin í fyrsta sinn. Þetta var á tíunda áratug síðustu aldar og Bana var á nærbuxunum einum klæða þegar hann var tekinn. Á þessum tíma var hann óþekktur og bláfátækur og svaf í bíl sínum þegar hann átti ekki fyrir hótelgistingu. „Ég var tekinn fyrir að stelast í sturtu á bensínstöð. Sem betur fer var ég í nærbuxunum,“ segir leikarinn.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Spila á heimagerð hljóðfæri

„Þetta er án efa eitt athyglisverðasta band á Norðurlöndunum í dag,“ segir Þuríður Helga Kristjánsdóttir hjá Norræna húsinu um færeysku hljómsveitina Orku sem er nýkomin til landsins.

„Hljóðfærin sem Orka spilar á voru smíðuð á bænum Innan Glyvur í Færeyjum, af fjölskyldu og vinum stofnanda hljómsveitarinnar, Jens L. Thomsen. Hljóðfærin tengjast flest landbúnaði enda búin til úr verkfærum og öðrum hlutum sem til féllu á bænum, en þeir spila til dæmis á steypuhrærivél, slípirokk og loftpressu. Það er magnað hvað þeir geta fengið fagra tóna úr slípirokknum,“ útskýrir Þuríður. Plata Orku, Lifandi Oyða, hefur hlotið frábæra dóma og í All Scandinavian var meðal annars skrifað að hljómsveitarmeðlimir séu „fáránlega hæfileikaríkir, líklega frumlegasta hljómsveit sem þekkist“.



**HALDA TÓNLEIKA Á ÍSLANDI** Meðlimir Orku eru þeir Jens L. Thomsen, Jógvan Andreas frá Brúnni, Magni Højgaard, Bogi frá Lakjuni og Kári Sverisson.

„Orka heldur tónleika í Norræna húsinu annað kvöld klukkan 21, ásamt Eyvöru Pálsdóttur og Ólöfu Arnalds. Eivör mun syngja nokkur lög með Orku, en Ólöf Arnalds spilar fyrir tónleikana. Orka er tvímælalaust hljómsveit sem á eftir að vekja athygli og við hjá Norræna húsinu erum mjög ánægð með að geta kynnt svona kröftuga en þó melódíska færeyska tónlist fyrir Íslendingum,“ segir Þuríður. **- ag**



**ATHYGLISVERÐ HLJÓMSVEIT** Þuríður Helga Kristjánsdóttir hjá Norræna húsinu er ánægð með komu hljómsveitarinnar Orku til landsins og segir magnað hvað tónlistarmennirnir nái fögrum tónum úr slípirokknum.

# Syngur Jackson-lag

Alan Jones, sem keppti í X-Factor hér um árið, er að undirbúa sína fyrstu plötu sem er væntanleg fyrir jól. Hann hefur að undanförnu tekið upp lög með bræðrunum Berki og Daða sem áður voru í Jagúar og samstarf með lagahöfundinum Örlygi Smára er einnig að hefjast. Saman ætla þeir að taka upp eigin útgáfu af Michael Jackson-lagi sem kemur út í júní. „Þetta fyrsta lag á eftir að koma fólki á óvart því það er dálítið rokk í því,“ segir Alan, sem er mikill Jackson-aðdáandi. Síðan hann steig fram á sjónarsviðið í X-Factor hefur hann verið duglegur við spilamennsku og vonast til að sú reynsla muni koma að góðum notum við gerð plötunnar. „Ég hef verið að syngja um allt land, allt frá Reyðarfirði til Akureyrar og það hefur gengið mjög vel,“ segir hann. **- fb**



**ALAN JONES** Alan er að undirbúa sína fyrstu plötu sem er væntanleg fyrir jól.

GAY PRIDE
FÖGNUM VORI OG STYRKJUM
HINSEGIN DAGA Í REYKJAVÍK
BALL Á CLUB 101
(ÁÐUR ORGAN)
FIMMTUDAGINN 30. APRÍL
KL. 23 & FRAM EFTIR NÓTTU
DJ GUÐFEÐGIN
GÓÐ TILBOÐ Á BARNUM
AÐGANGSEYRIR 1000 KR.



**NÝIR OG GAMLIR STUÐMENN Í GEIMSTEINI** María Baldursdóttir heldur um snjáðan Fender-bassa Rúnars og upptökumaðurinn, sá skeggjaði, er afabarn þeirra heiðurshjóna, Björgvin Baldursson.

# Óður Stuðmanna um Rúna Júl

**Stuðmenn hafa verið í hljóðveri til að taka upp óð um sjálfan Rúnar Júlíusson eftir Valgeir Guðjónsson. Um leið kynna þeir til sögunnar nýja framlínu sem er samanlagt 36 ára miðað við 110 ára aldur áður.**

„Vissulega var blóðtaka að missa hina samanlagt 110 ára framlínu, Egil Ólafsson og Raghildi Gísladóttur. Hin nýja framlína, Eyþór Ingi og hin sextán ára Steffý, eru 36 ára samanlagt. En hún „lúkkar“ betur og „sándar“ betur en elstu menn muna,“ segir Jakob Frímann Magnússon hljómborðsleikari hljómsveitar allra landsmanna – Stuðmanna.

Stuðmenn ætla að starfa af krafti í sumar. Þeir eru að taka upp nýtt efni og vinna að plötu sem koma á út seint á þessu ári. En hljómsveitin mun senda frá sér lög eftir hendinni. Stuðmenn hafa verið við upptökur á nýju lagi sem er um sjálfan Rúnar Júlíusson. Varla er hægt að hugsa sér betri stað en upptökumaður er Björgvin Baldursson Guðmundssonar Rúnars. „Lagið fjallar um Rúnar, Keflavíkurbítlið og er í Trúbrotsanda,“ segir Jakob

Og enn er komin ný framlína í Stuðmenn. Hljómsveitarstjórinn Jakob Frímann er ánægður með hana. Eyþór Ingi náttúrlega sigraði glæsilega í söngvarakeppninni Bandið hans Bubba nýverið og um hina ungu Steffý má segja að þar sé stjarna fædd. Jakob segir að þeir hafi fundið hana í Menntaskólanum við Hamrahlíð. „Þaðan sem við erum nú allir. Við höfum vakandi auga með þeim mikla listaskóla. Og réðum hana á stundinni.“ Og með þau Eyþór og Steffý sem aðalsöngvara hafa Stuðmenn nú komið fram við góðar undirtektir til dæmis á árshátíð 365 og svo í Officeraklúbbi Einars Bárðarsonar.

Áður voru þær Hara-systur og Jónsi í framlínunni og hefur Jakob ekki nema gott eitt um það samstarf að segja. En það hafi hins vegar ekki verið hugsað nema til skamms tíma því verkefni áttu til að rekast á við hljómsveitirnar Elektru og Í svörtum fötum þar sem þau starfa og störfuðu jafnframt. **jakob@frettabladid.is**

### Rúni Rúni

Heyrðu mig vinur ballið er búið
búast til ferðar þarf senn
þeir deyja aldrei sem guðirnir elska
eilífir æskumenn

Afburðadrengur til orðs og til æðis
okkar í hjarta á stað
friður og ást eru alltaf til svæðis
elskan mín bókaðu það

Keflavík verður aldrei söm og sem áður
uppi á vegg fender bassinn svo snjáður
við sem eftir stöndum ætlum ekki að
tapa trúnni
taktu okkur á orðinu þú eini sanni
Rúni Júl… - Rúni Rúni

Hljómar og Trúbrot hömruðu stálið
hamskipti upplifðum við
ornuðum okkur við byltingarbálið
báðum um kærleik og frið

Geimsteinar steypast stórum í bogum
um stjörnur, hnetti og sól
ástin hún kraftbirtist ljósum í logum
leikur um byggðir og ból

Keflavík verður aldrei söm og sem
áður…

Í annarri og æðri vídd þú nú dvelur
allt samkvæmt von þinni og trú
sérhver sinn næsta samastað velur
sem sannur er – rétt eins og þú

# Hundraðasti Lost-þátturinn

Hundraðasti sjónvarpsþátturinn í hinni dularfullu Lost-seríu verður sýndur í Bandaríkjunum í kvöld. Framleiðandinn Damon Lindelof, einn af höfundum Lost, segist ennþá vera undrandi yfir langlífi þáttanna. Hann átti sannarlega ekki von á þessum vinsældum þegar hann kynnti hugmyndina fyrir stjórnendum ABC-sjónvarpsstöðvarinnar fyrir fjórum árum. „Ég sagði: „Við eigum örugglega ekki eftir að komast lengra en í þrettán þætti. Við skulum vera alveg hreinskilin hvað það varðar“,“ sagði hann. „Ef ég gæti ferðast aftur í tímann til þessa fundar og sagt sjálfum mér að þættirnir yrðu hundrað og að enn væri ein þáttaröð eftir þá hefði ég hlegið upp í opið geðið á mér,“ sagði Lindelof.

Lost lýkur göngu sinni eftir næstu þáttaröð. Þetta ákváðu framleiðendurnir til að hægt yrði að undirbúa endalokin af mikilli kostgæfni, enda er mörgum spurningum enn ósvarað í þáttunum. Að sögn Lindelof verður endirinn „mjög flottur og mun ekki valda neinum vonbrigðum“.



**LOST** Hundraðasti þátturinn í þessari vinsælu seríu verður sýndur í Bandaríkjunum í kvöld.

9. hver vinnur!

sms - leikur

# PRESSAN

www.pressan.is




# Hvað er að frétta?

## SKEMMTILEGUR LEIKUR FYRIR SNJALLA FRÉTTAHAUKA!

Þú sendir SMS skeytið
*JA PRESSAN* á númerið *1900*.
Við sendum þér spurningu og þú svarar
með því að senda SMS *JA A*, *B* eða *C*
til baka á *1900*. - Þú gætir unnið!




Aðalvinningur
**75.000kr gjafabréf frá Iceland Express***
...og svo er fullt af veglegum aukavinningum
s.s bíómiðar, gos, DVD myndir, tölvuleikir og margt fleira

*Aðalvinningar dregnir út úr öllum innsendum skeytum

Iceland Express

LAUGARÁS BÍÓ

Vinningar verða afhentir í ELKO Lindum, Kópavogi.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb. 99 kr/skeytið.
Þú færð 5.mín til að svara spurningu. Leik líkur 13.maí kl 23:59 2009

# Svínaflensa tefur frumsýningu X-Men

Frumsýningu hasarmyndarinnar X-Men Origins: Wolverine hefur verið frestað í Mexíkó vegna svínaflensunnar. Flest kvikmyndahús í landinu eru lokuð vegna flensunnar og óvíst er hvenær þau verða opnuð á nýjan leik. „Kvikmyndir í bíóum, hvort sem þær eru að hefja göngu sína eða hafa verið sýndar í tíu vikur, verða fyrir barðinu á þessu rétt eins og dreifingarfyrirtæki þeirra,“ sagði mexíkóski kvikmyndagerðarmaðurinn Fernando Rovzar.

Auk kvikmyndahúsa hefur börum, veitingastöðum og fleiri opinberum stöðum verið lokað vegna svínaflensunnar í óákveðinn tíma.



**WOLVERINE** Frumsýningu X-Men Origins: Wolverine hefur verið frestað í Mexíkó vegna svínaflensunnar.

# Nýtt lag og tónleikar

**Rokksveitin Dead Sea Apple hefur sent frá sér lagið I Want You Back. Ekki er um að ræða endurgerð á hinu fornfræga lagi Jackson Five heldur glænýtt lag sem var hljóðritað í tilefni þess að fimmtán ár eru liðin síðan sveitin gaf út sitt fyrsta lag á safnplötunni Ýkt böst.**

**Dead Sea Apple var stofnuð í Kópavogi um miðjan síðasta áratug og gaf í framhaldinu út tvær plötur. Á þessum áratug hefur sveitin gefið út þrjú lög og haldið tónleika stöku sinnum. Næst stígur sveitin á svið á Sódómu Reykjavík á fimmtudagskvöld klukkan 21 og er miðaverð 1.000 krónur.**



**LENO OG OBAMA** Jay Leno ásamt Barack Obama Bandaríkjaforseta. Spjallþáttastjórnandinn vinsæli er mættur aftur í Tonight Show eftir veikindi sín.

# Gerði grín að veikindunum

**Bandaríski spjallþáttastjórnandinn Jay Leno hefur snúið aftur í þátt sinn, Tonight Show, eftir nokkurra daga kvef. Að sjálfsögðu gerði hann grín að veikindunum eins og hans er von og vísa.**

Aflýsa þurfti tveimur þáttum vegna veikindanna og var það í fyrsta sinn sem Leno missti úr þátt síðan hann tók við starfinu árið 1992. Leno, sem er 58 ára gamall, gerði í þættinum grín að svínaflensunni, veikindum sínum og vopnaða öryggisverðinum sem var látinn standa við sjúkrarúm hans. Maður sem þóttist vera prestur reyndi að komast inn í herbergi Lenos og því ákvað NBC-sjónvarpsstöðin að ráða öryggisvörð. „Núna er eins og ég sé í The Godfather,“ sagði Leno og vísaði þar í atriði úr hinni frægu kvikmynd.

„Við erum komin aftur og það verður ekki fleiri þáttum frestað,“ lofaði hann. „Það sem gerðist var að ég borðaði hrátt svín sem vinur minn kom með frá Mexíkó. Það var virkilega gott.“

Þegar Leno var á sjúkrahúsinu gerði hann grín að Conan O´Brien sem tekur við starfi hans í júní. „Ég fékk hræðilega martröð um að ég gæti ekki andað. Mér fannst ég vera að kafna. Þá vaknaði ég og komst að því að Conan hélt á kodda fyrir ofan andlitið á mér.“


NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS MYND SEM ENGIN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN WOLVERINE | kl. 3.40 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 8 - 10.10 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 -8 - 10.10 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 3.50 | L |
| MALL COP | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 750 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 10.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 8 - 10 | L |
| BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ | | |
| WORDPLAY | kl. 6 ótextuð | L |
| NOT QUITE HOLLYWOOD | kl. 6 ótextuð | 14 |
| FROZEN RIVER | kl. 6 ísl. texti | 12 |
| GOMORRA | kl. 8 ísl. texti | 16 |
| YOUNG AT HEART | kl. 8 ótextuð | L |
| GARBAGE WARRIOR | kl. 10.30 ísl. texti | L |
| DIE WELLE | kl. 10 enskur texti | 14 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | 14 |
| 17 AGAIN | kl. 5.50 - 8 | L |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10 | 16 |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN ORIGINS:WOLVERINE | kl.5.50,8og10.10-POWER | 14 |
| CRANK 2 HIGH VOLTAGE | kl. 8 og 10 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.50 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| X MEN | kl. 3:40 - 5:40D - 8D - 10:20D | 16 |
| X MEN | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | VIP |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6 - 8 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 3:40 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 3:40(3D) | L |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 3:40 - 5:50 | L |
| B CHIHUAHUA m/ísl. tali | kl. 3:40 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE UNBORN | kl. 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 6D - 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6(3D) | L |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 5:40 Síð. sýn. | 16 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 8 - 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| PUSH | kl. 10:10 | 12 |
| THE BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |

SAMbio.is



Græna ljósið er á facebook

## VIÐ VITUM AÐ KOSNINGAUMRÆÐURNAR ERU...

# HÖRKUSPENNANDI OG BRÁÐFYNDNAR

## EN AÐ MATI GAGNRÝNENDA ERU ÞESSAR KVIKMYNDIR JAFNVEL ENNÞÁ BETRI

## ÞESSAR OG FLEIRI KVIKMYNDIR Á BÍÓDÖGUM 2009 Í HÁSKÓLABÍÓI




★★★½

### Me & Bobby Fischer

„Sjálfur sýnir Fischer lúmskan húmor þegar sá gállinn er á honum, síðan keyrir um þverbak í ofstækinu. Kaflinn með honum og Kára Stefánssyni er rúsínan í pylsuendanum. Hér mætast stálin stinn og skákin lífleg..."

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið




★★★★

### Bigger Stronger Faster

„Bigger Stronger Faster er ekki aðeins heimildarmynd um intressant efni, heldur heimild um ákveðið lífsviðhorf. Vöðvadraumurinn. Muscle Beach í Kaliforníu, Golds-Gym. Afhjúpanir á lyfjanotkun bandarískra íþróttamanna. Sjáið þessa, hún er illa feit á því. Og djöfull langar mig að dæla í mig testa, deka, HGH, you name it."

- Dóri DNA, DV




★★★½

### Die Welle

"Athyglisverð mynd sem fjallar um tilraunastarfsemi í síðasta bekk menntaskóla í Berlín....Bylgjan nýtur góðs af traustum leik Vogels í aðalhlutverki kennarans og nemendahópurinn er ekki síður sannfærandi og túlkar þverskurð þjóðfélagsins af sannfæringarkrafti."

- Sæbjörn Valdimarsson




★★★★½

### Frozen River

„Leo var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í vetur og hefði sannarlega verið vel að þeim komin, er ekkert annað en stórkostleg sem hin lífsreynda Ray sem gefst aldrei upp þó á móti blási. Frozen River er ein besta mynd ársins, frumleg, falleg og grimmúðleg en fyrst og fremst dagsönn nærskoðun á kjörum þeirra sem bjarga sér á hverju sem gengur, hvað sem það kostar."

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið




★★★★★

### Gomorra

„Gómorra er ólík öðrum mafíumyndum hvað varðar djúpa innsýn í samfélagslegar skírskotanir skipulagðrar glæpastarfsemi, og hún er gerð af listfengi á öllum sviðum."

- Heiða Jóhansdóttir, Morgunblaðið




★★★½

### Garbage Warrior

„Hinn arkitektamenntaði Reynolds hefur verið vakinn og sofinn í þessari köllun sinni í hátt í fjörutíu ár, rekst endalaust á hindranir og gerir mistök trekk í trekk, en það segir hann líka forsendu árangurs og framfara, mannkyninu og plánetu okkar til heilla. Heimildarmyndin Garbage Warrior, sem nú er sýnd á Bíódögum Græna ljósins, gefur níutíu mínútna innsýn í líf þessa mikla hugsjónamanns."

- KHG, DV




★★★★½

### Man on Wire

„Ein margra fjaðra í hatti Bíódaga er hin breska Man on Wire, nýkrýndur Óskarsverðlaunahafi sem besta heimildarmynd ársins. Flest hjálpast að til að gera veg hennar sem mestan....Marsh kemur spennunni óhugnanlega vel til skila, byggir myndina sterklega upp með því að gefa undirbúningnum og félagsskapnum góðan tíma. Það sem meira er, hann kemur til skila þeirri ólýsanlegu ástríðu sem fær mann til að arka út í opinn dauðann."

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið




★★★★

### Young @ Heart

„...með afbrigðum upplífgandi...Ég vil því í upphafi hvetja unga sem aldna og alla þar á milli til að missa ekki af þessari einstöku skemmtun, hún er sannkölluð vítamínsprauta fyrir líkama og sál...Ung í anda stendur undir nafni, full af uppbyggilegum og jákvæðum boðskap og sýnir og sannar hvað roskið fólk getur afkastað og notið lífsins ef það fær tækifæri til þess."

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið



**BÍÓDAGAR 2009**
**17. APRÍL - 4. MAÍ Í HÁSKÓLABÍÓI**

Kynntu þér dagskrána
á www.graenaljosid.is

græna ljósið

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR ÍBV 10. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINNI SUMARIÐ 2009

### > LYKILMAÐURINN



**Andri Ólafsson** er þrátt fyrir ungan aldur einn allra reyndasti leikmaður Eyjamanna. Hann er ekki nema 23 ára gamall en á engu að síður 66 leiki að baki í efstu deild með ÍBV þó svo að Eyjamenn hafi ekki verið í hópi þeirra bestu síðan 2006. Hann á þar að auki baki leiki með þremur yngri landsliðum Íslands. Andri er miðvallarleikmaður og kemur til með að skipa veigamikið hlutverk í sumar.

# *Yrði ánægður með tíunda sætið*

Lið ÍBV vann sér sæti í efstu deild karla á ný í fyrra eftir tveggja ára fjarveru. Heimir Hallgrímsson er þjálfari liðsins og er sáttur við spá Fréttablaðsins.

„Ég yrði ánægður með tíunda sætið," sagði Heimir sem segir undirbúningstímabilið ekki hafa gengið eins og hann hefði kosið. „Við erum eina liðið sem er að æfa á gamla mátann. Það hefur einn hópur verið að æfa hér í Eyjum og svo annar í Reykjavík – sá þriðji svo í Úganda," sagði hann í gamansömum tón. ÍBV er nú með þrjá landsliðsmenn Úganda á sínum snærum.

„En gengi liðsins í leikjum í vetur hefur ekki verið neitt sérstakt. Enda er stærsti gallinn við okkar fyrirkomulag að liðið hefur ekki spilað jafn mikið saman og önnur lið í deildinni. Við höfum reynt að koma saman um helgar á þriggja vikna fresti eða svo og þá reynt að spila helst þrjá æfingaleiki. En í staðinn fórum við í æfingaferð til Spánar þar sem ég var með hópinn saman í góða viku. Þar æfðum við mikið og reyndum að fá eins mikið út úr ferðinni og við gátum," sagði Heimir.

ÍBV hefur misst tvo mikilvæga leikmenn frá síðasta tímabili - þá Atla Heimisson sem fór í neðrideildarlið í Noregi og Bjarna Hólm Aðalsteinsson sem fór í Keflavík.

„Það var agalega sárt að missa þessa tvo. Þeir voru mikilvægir í fyrra og get ég bara vonað að önnur lið hafi líka veikst á milli ára. Það verður að segjast að það er sjaldgæft að lið komi sér upp um deild en veikist um leið."

Eyjamenn hafa þó fengið nokkra efnilega leikmenn, þeirra á meðal sóknarmanninn Viðar Örn Kjartansson sem lék með Selfyssingum á síðasta tímabili.



### > X-FAKTORINN

**Úgandamennirnir** eru nú orðnir þrír í liði ÍBV en sá fyrsti, Andrew Mwesigwa, hefur leikið með liðinu síðan 2006 og síðan þá hafa þeir Augustine Nsumba og Tonny Mawejje bæst í hópinn en allir eru þeir landsliðsmenn í sínu heimalandi.

### AÐRIR LYKILMENN


MATT GARNER


PÉTUR RUNÓLFSSON


ALBERT SÆVARSSON

### GENGI Á VORMÓTUNUM

Sigrar / Jafntefli / Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2008 1. sæti í B-deild | 2007 4. sæti í B-deild | 2006 10. sæti í A-d. | 2005 8. sæti í A-deild | 2004 2. sæti í A-deild | 2003 5. sæti í A-deild |


Ný sumardekk
Dekkjaskipti



Sparaðu, láttu
**skipta um dekk hjá Max1**

**Umfelgun og ný dekk á góðu verði**

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbíladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kauptu sumardekkin hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

*Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is*

**Reykjavík, sími 515 7190:** Bíldshöfða 5a, Bíldshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvogi 2.
**Akureyri, sími 462 2700:** Tryggvabraut 5.
**Skoðaðu www.max1.is**

MAX1 BÍLAVAKTIN







Auglýsingasími 512 50 50 – Mest lesið

# Herbragð Hiddink virkaði

**Chelsea náði að halda jöfnu á heimavelli Barcelona er liðin mættust í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu í gær. Þeir ensku eru því í lykilstöðu fyrir síðari viðureignina sem fer fram á Stamford Bridge á miðvikudaginn í næstu**

**FÓTBOLTI** Barcelona og Chelsea skildu í gær jöfn í fyrri viðureign liðanna í undanúrslitum Meistaradeildar Evrópu. Leikurinn fór fram í Barcelona en ekkert mark var skorað í honum.

Úrslitin voru því jákvæð fyrir þá ensku sem eiga síðari leikinn á heimavelli í næstu viku. Takist leikmönnum Chelsea að skora í leiknum dugir þeim jafntefli til að tryggja sér sæti í sjálfum úrslitaleiknum sem fer fram í Rómarborg í næsta mánuði.

Börsungar hafa farið á kostum í bæði spænsku úrvalsdeildinni og Meistaradeildinni í vetur en í fyrsta sinn á tímabilinu tókst liðinu ekki að skora á heimavelli sínum. Segja má því að herbragð Guus Hiddink, stjóra Chelsea, hafi virkað. Til marks um það var Lionel Messi, af mörgum talinn einn allra besti knattspyrnumaður heims, heillum horfinn í leiknum – sér í lagi í síðari hálfleik.

„Þeir voru mikið með boltann en við vorum mjög þéttir fyrir," sagði John Terry, fyrirliði og varnarmaður Chelsea. „Við skoðuðum mikið af upptökum af leikjum Barcelona og við vissum að þeir eru hrifnir af því að spila stuttum boltum í gegnum vörn andstæðingsins. Við náðum hins vegar að stöðva það," sagði Terry.

„Þetta voru frábær úrslit fyrir okkur og nú förum við í síðari leikinn á Brúnni klárir í slaginn."



**STOPP** Varnarmaður Chelsea, Alex, reynir hér að stöðva Lionel Messi. NORDIC PHOTOS/AFP

Didier Drogba fékk besta færi Chelsea í leiknum undir lok fyrri hálfleiks er hann var einn gegn Victor Valdes markverði eftir varnarmistök Rafael Marquez.

Drogba lét hins vegar Valdes verja frá sér í tvígang. Terry neitaði að skella skuldinni á Drogba fyrir að skora ekki.

„Mér fannst Didier óheppinn í báðum skotunum. Við sköpuðum vissulega ekki mikið af færum í leiknum en héldum líka okkar marki hreinu."

Besta færi Barcelona fékk varamaðurinn Bojan Krkic í blálok leiksins. Hann fékk sendingu frá Dani Alves á hægri kantinum en skallaði yfir af um tveggja metra færi. Annar varamaður, Alexander Hleb, komst einnig í gott færi stuttu síðar en fór sömuleiðis illa með það.

Leikmenn fengu nokkur færi til viðbótar í leiknum sem einkenndist af stórum hluta af því að Petr Cech, markvörður Chelsea, sparkaði boltanum langt fram á völlinn og beint fyrir fætur leikmanna Barcelona. Þeir reyndu hvað þeir gátu en tókst sjaldan að vinna bug á gríðarsterkum varnarleik þeirra ensku.

eirikur@frettabladid.is

Fjarvera Florentinu Stanciu markvarðar hafði engin áhrif á Stjörnuna:

# Auðveldur sigur Stjörnunnar

**HANDBOLTI** Stjarnan lagði Fram, 38-31, í fyrsta leik liðanna í úrslitum úrslitakeppni N1 deildar kvenna í Mýrinni í gærkvöld.

Stjarnan var mun betri aðilinn frá fyrstu mínútu til þeirrar síðustu og var allan tíman ljóst í hvað stefndi. Stjarnan byggði hægt og örugglega upp forskot í fyrri hálfleik og fór með sex marka forystu í hálfleikinn, 21-15.

Stjarnan náði mest átta marka forystu í síðari hálfleik og vann auðveldan sjö marka sigur, 38-31. Eins og tölurnar gefa til kynna var fátt um varnir og þá var varnarleikur Fram sérstaklega slakur og markvarslan í algjöru lágmarki.

Stjarnan lék án síns besta leikmanns, Florentinu Stanciu, sem tók út leikbann en varamarkvörður liðsins, Sólveig Björk Ásmundardóttir komst vel frá sínu og varði mun betur en kollegar hennar í marki Fram.

Kristín Clausen fyrirliði Stjörnunnar var ánægð með hvernig liðið brást við því að leika án Florentinu. „Það er oft þannig þegar einn leikmaður dettur út þá þjappast hópurinn saman og það gerði það í [gær]," sagði Kristín.

Einar Jónsson þjálfari Fram gaf ekki mikið fyrir það að gullið tækifæri hafi runnið úr greipum Fram að vinna í Mýrinni þar sem Florentina var ekki með.

„Mér fannst það ekki skipta máli. Sólveig stóð sig vel í markinu og varði nokkur dauðafæri. Ég spái ekkert í það hver sé í markinu hjá þeim. Það hefði engu skipt þó Florentina hefði verið í markinu í [gærkvöldi], við hefðum samt fengið 38 mörk á okkur. Það er það sem við þurfum fyrst og fremst að laga," sagði Einar.

-gmi



**ÁTTA MÖRK** Fjórir leikmenn Stjörnunnar skoruðu átta mörk í leiknum í gær. Alina Petrache var ein þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### STJARNAN - FRAM 38-31

**Mörk Stjörnunnar**: Elísabet Gunnarsd. 8 (8), Kristín Clausen 8 (10), Alina Petrache 8/3 (11/3), Þorgerður Atlad. 8 (13), Sólveig Kjærnested 5 (6), Harpa Eyjólfsd. 1 (2), Þórhildur Gunnarsd. (1)
**Varin skot**: Sólveig Björk Ásmundardóttir 17 (47/1 36,2%), Hildur Guðmundsdóttir (1/1 0%)
**Hraðaupphlaup**: 7 (Sólveig 3, Kristín 2, Þorgerður 2)
**Fiskuð víti**: 3 (Elísabet 2, Harpa)
**Utan vallar**: 8 mínútur
**Mörk Fram**: Hildur Knútsdóttir 6/1 (8/1), Sara Sigurðardóttir 5 (9), Karen Knútsdóttir 5 (9), Stella Sigurðardóttir 4/1 (10/1), Anett Köbli 3 (5), Ásta Gunnarsd. 3 (6), Guðrún Hálfdánard. 2 (2), Þórey Stefánsdóttir 2 (4), Marthe Sördal 2 (6),
**Varin skot**: Sunneva Einarsdóttir 3 (32/1 9,4%), Karen Einarsdóttir 4 (13/2 30,8%)
**Hraðaupphlaup**: 5 (Guðrún 2, Hildur, Stella, Ásta)
**Fiskuð víti**: 2 (Sara, Hildur)
**Utan vallar**: 8 mínútur




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

> **Kyra Sedgwick**

„Í Hollywood trúa menn að þeir geti ekki tapað á því að fylgja sömu formúlunni ár eftir ár og á meðan fólk kaupir það, þá hafa þeir heldur enga ástæðu til að reyna eitthvað annað.“
Sedgwick leikur lögreglukonuna Brendu Johnson í þættinum The Closer sem Stöð 2 sýnir í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KOLBEINN ÓTTARSSON PROPPÉ DÁIST AÐ DRENGNUM

# *Ljúfur fótboltafýr fær verðskulduð verðlaun*



Haldi einhver að nóg hafi verið ritað um fótbolta í fjölmiðla þessa heims þá veður sá hinn sami í villu og svíma. Þeirri stund verður seint náð. Enda er uppskerutíð í boltanum núna og úrslit í hinum fjölmörgu keppnum ráðast á næstunni. Úrslit í einni liggja þó fyrir. Leikmenn úrvalsdeildarinnar völdu öðlinginn Ryan Giggs besta leikmann tímabilsins.

Þetta þarf ekki að koma neinum á óvart. Vissulega hefur hann ekki byrjað inn á í mörgum leikjum, tólf hygg ég, og vissulega er hann ekkert unglamb lengur. Þá hefur hann aðeins skorað eitt mark í vetur, en hefur hins vegar átt sjö stoðsendingar sem gefa mörk. Þeir sem hafa fylgst með Giggs þurfa hins vegar ekki að velkjast í vafa um að hann er vel að verðlaununum kominn. Sjaldan eða aldrei hefur kauði leikið betur.

Giggs er líka einn af þessum örfáu fótboltamönnum sem engum er illa við. Hörðustu Liverpool-aðdáendur, sem myndu frekar kúka á kjörseðil en viðurkenna að Ronaldo kynni eitthvað í fótbolta, viðurkenna snilld Giggs. Þessi lunkni Wales-verji er líka hvers manns hugljúfi. Það er einfaldlega ekki annað hægt en að dást að viðhorfi hans til fótboltans.

Ungur og vitlaus sást hann af og til á síðum slúðurblaða í hópi föngulegra kvenna og kneyfandi ölið. Ferguson ræddi við hann og leiddi honum fyrir sjónir að hann hefði hæfileika George Best. Hann gæti fylgt í fótspor hans og orðið svallari og kvennabósi, eða hætt ruglinu og snúið sér að boltanum. Sem hann og gerði.

Síðan hefur allt snúist um bolta og sigur. Ekkert rugl og vesen, engir stælar, ekkert gjálífi; bara maður að gera það sem hann gerir best. Og er tryggur sínu liði sem er ekki svo lítið í dag.

Giggs verður vonandi inn á þegar United mætir Arsenal í undanúrslitum í kvöld, en leikurinn verður sýndur á Stöð 2 sport og hefst útsending klukkan 18.30.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.00 The Addams Family** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.00 America's Next Top Model** SKJÁREINN



▶ **21.10 The Sopranos** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.10 Kiljan** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.30 Oprah** STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**13.45 Úrslitakeppnin í handbolta kvenna** (Fram-Stjarnan) Sýndur verður leikur sem fram fór kvöldið áður.
**15.15 Talið í söngvakeppni** (1:3)(e)
**15.45 Alla leið** (2:4) (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Púkka** (7:26)
**17.55 Gurra grís** (86:104)
**18.00 Disneystundin** Alvöru dreki, Sígildar teiknimyndir og Nýi skóli keisarans.
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.15 Úrslitakeppnin í handbolta karla** Bein útsending frá leik í úrslitakeppninni í handbolta karla.
**21.00 Svipmyndir af myndlistarmönnum - Thorbjørn Sørensen** (Portraits of Carnegie Art Award 2008) Í stuttum þáttum er brugðið upp svipmyndum af myndlistarmönnum sem tóku þátt í Carnegie Art Award samsýningunni 2008.
▶**21.10 Kiljan** Það er komið að síðasta Þætti Kiljunnar á þessum vetri. Umsjónarmaður er Egill Helgason.
**22.00 Tíufréttir**
**22.20 Bretar** (Britz: Seinni hluti) (2:2) Bresk spennumynd í tveimur hlutum um systkini, múslima fædd í Bretlandi, sem togast hvort í sína áttina. Aðalhlutverk: Riz Ahmed og Manjinder Virk. (e)
**00.15 Kastljós** (e)
**00.50 Dagskrárlok**

## BÍÓ

**06.15 The Addams Family**
**08.00 Thunderstruck**
**10.00 Sneakers**
**12.05 Underdog**
**14.00 Thunderstruck**
**16.00 Sneakers**
**18.05 Underdog**
▶**20.00 The Addams Family**
**22.00 The Squid and the Whale**
**00.00 You, Me and Dupree**
**02.00 Fallen. The Destiny**
**04.00 The Squid and the Whale**
**06.00 RV**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Könnuðurinn Dóra, Bratz og Íkornastrákurinn.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 Project Runway** (7:15)
**11.05 The Amazing Race** (8:13)
**11.50 60 mínútur**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Hollyoaks** (178:260)
**13.25 Newlywed, Nearly Dead** (4:13)
**13.55 E.R.** (10:22)
**14.50 The O.C.** (20:27)
**15.40 BeyBlade**
**16.03 Leðurblökumaðurinn**
**16.28 Íkornastrákurinn**
**16.53 Litla risaeðlan**
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends** (23:24)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.24 Veður**
**19.35 The Simpsons** (3:22)
**20.00 Gossip Girl** (13:25) Þættir byggðir á samnefndum metsölubókum sem fjalla um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York.
**20.45 The Closer** (3:15) Brenda Johnson leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan lögreglunnar í Los Angeles. Á milli þess að leysa flókin sakamál og sinna viðkvæmu einkalífi sínu, þarf hún stöðugt að glíma við íhaldssemi og fríki karlanna í lögreglunni.
▶**21.30 Oprah** Gestur Opruh Winfrey er leikkonan Suzanne Somers sem í áraraðir hefur verið talsmaður Biodentical hormónalyfja fyrir konur á breytingaskeiðinu.
**22.15 In Treatment** (1:43)
**22.45 Sex and the City** (5:18)
**23.10 The Mentalist** (11:23)
**23.55 E.R.** (10:22)
**00.40 Population 436**
**02.10 Sex Sells. The Making of Touch**
**03.50 The Closer** (3:15)
**04.35 Gossip Girl** (13:25)
**05.20 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Barcelona - Chelsea** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**08.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk** Allir leikirnir, öll mörkin og öll umdeildustu atvikin skoðuð.
**16.00 Barcelona - Chelsea** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**17.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**18.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun**
**18.30 Man. Utd. - Arsenal** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**20.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**21.00 Pacquiao - Hatton** Hitað upp og sýnt frá undirbúningi Ricky Hatton og Manny Pacquiao fyrir bardagann.
**21.30 Man. Utd. - Arsenal** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.
**23.10 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**
**23.30 Spænsku mörkin** Allir leikirnir og öll mörkin úr spænska boltanum skoðuð. Sérfræðingar Stöðvar 2 Sport krufja alla leiki helgarinnar.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**16.50 Fulham - Stoke** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**18.30 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**19.00 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.
**19.30 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.
**20.25 4 4 2** Heimir Karlsson og Guðni Bergsson fara yfir hverja umferð í ensku úrvalsdeildinni ásamt valinkunnum sérfræðingum. Allir leikirnir, öll mörkin og umdeildustu atvikin á einum stað.
**21.35 Leikur vikunnar**
**23.15 Bolton - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**
**07.30 Káta maskínan** (12:13) (e)
**08.00 Rachael Ray** (e)
**08.45 Óstöðvandi tónlist**
**12.00 Káta maskínan** (12:13) (e)
**12.30 Óstöðvandi tónlist**
**18.05 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.
**18.50 The Game** (21:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.
**19.15 Ljósmyndaleikur Iceland Express** (4:5) (e)
**19.20 Nýtt útlit** (7:11) (e)
**20.10 Top Chef** (8:13) Bandarísk raunveruleikasería þar sem efnilegir kokkar þurfa að sanna hæfni sína og getu í eldhúsinu. Kokkarnir eru í hátíðarskapi.
▶**21.00 America's Next Top Model** (6:13) Stelpurnar skiptast í tvær fylkingar eftir dramatíkina í síðasta þætti og það er allt á suðupunkti. Fyrsta verkefni vikunnar er að setja rétta svipinn á frægar myndir af Tyru Banks.
**21.50 90210** (17:24) Naomi býðst til að hjálpa Liam við námið í von um að kynnast honum betur en hún fær meira en hún bjóst við þegar hann býður henni upp á villta kvöldstund. Silver gengur of langt í skólaverkefni og kennir Ryan um hvernig fer. Það dregur til tíðinda hjá Annie og Ethan þegar Adrianna segir frá kossinum á ballinu.
**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.
**23.30 Leverage** (2:13) (e)
**00.20 Vörutorg**
**01.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Lífsblómið** Í umsjón Steinunnar Önnu Gunnlaugsdóttur.
**21.00 HH** Þáttur um ungt fólk í umsjón Eddu Sigfúsdóttur og Sindra Rafns Þrastarsonar frá Hinu húsinu.
**21.30 Hugspretta** Andri Heiðar Kristinsson fjallar um nýjungar, frumkvöðla og framsýni.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




„ÉG SÁ ÞAÐ FYRST Á VÍSIR.IS“

Vísir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir fljótt og örugglega til notenda.

Fréttir, stórviðburðir, viðskipti, íþróttir, dægurmál, umræða, blogg, sjónvarpsfréttir Stöðvar 2 – með leifturhraða.

vísir.is

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 SPORT

### Man. Utd. - Arsenal, beint



Fyrri helmingur baráttunnar um Bretland verður háður á Old Trafford í kvöld þegar Evrópumeistarar Man. Utd taka á móti lærisveinum Arsene Wenger í Arsenal. Bæði liðin mæta full sjálfstrausts til leiks en Man. Utd lagði Porto í 8 liða úrslitum keppninnar á meðan Arsenal, sem er ósigrað síðan í nóvember í ensku deildinni, lagði Villarreal að velli nokkuð örugglega. Arsenal lék til úrslita fyrir tveimur árum þegar liðið beið lægri hlut fyrir Barcelona og þeir vilja eflaust gera betur þetta árið og fara alla leið. Til þess að það gerist þarf liðið að leggja Evrópumeistara Man. Utd að velli en Rauði rerinn vann Chelsea í úrslitaleik í fyrra. Andrúmsloftið á Old Trafford verður lævi blandið þegar erkifjendurnir mætast í kvöld.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**In Treatment - NÝTT**

**Stöð 2 kl. 22.15**

Ný þáttaröð frá HBO sem fjallar um sálfræðinginn Paul Weston sem hlustar þolinmóður á skjólstæðinga sína lýsa sínum dýpstu tilfinningum, vandamálum og sláandi leyndarmálum. Gabriel Byrne fer með hlutverk Westons en fyrir það hlaut hann Golden Globe-verðlaun sem besti leikari í sjónvarpsþáttaröð.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.40** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Tríó
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Blátt og rautt
**15.30** Seiður og hélog
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Pipar og salt
**21.10** Út um græna grundu
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Sumarraddir
**23.10** Krossgötur
**00.07** Næturtónar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (177:260)
**16.30 Hollyoaks** (178:260)
**17.00 Seinfeld** (9:22)
**17.25 X-Files** (9:24)
**18.10 The Sopranos** (10:13)
**19.00 Hollyoaks** (177:260)
**19.30 Hollyoaks** (178:260)
**20.00 Seinfeld** (9:22) S Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.
**20.25 X-Files** (9:24) Fox Mulder trúir á meðan Dana Scully efast er þau rannsaka yfirnáttúruleg mál innan FBI. Leynileg öfl reyna að hindra leit þeirra að sannleikanum.
▶**21.10 The Sopranos** (10:13) Þrátt fyrir að fjölskyldumaðurinn og mafíuforinginn Tony Soprano hafi átt mikillar velgengni að fagna er hann þjáður á sálinni og á stöðugt í vandræðum með að finna jafnvægi milli vinnu og einkalífs.
**22.00 Bones** (8:26) Dr. Temperance „Bones" Brennan, réttarmeinafræðingur er kölluð til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum. Brennan og rannsóknarlögreglumaðurinn Booth vinna vel saman en spennan milli þeirra hefur verið að magnast allt frá upphafi þáttanna.
**22.45 Little Britain 1** (2:8) Stöð 2 rifjar nú upp þættina sem slógu svo rækilega í gegn með þeim félögunum Matt Lucas og David Walliams.
**23.10 Ashes to Ashes** (7:8)
**00.05 Auddi og Sveppi**
**00.40 Sjáðu**
**01.05 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder II **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder II **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** The Chase **20.50** Blackadder II **21.20** My Hero **21.50** The Chase **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek

## DR 1

**11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Ønskehaven **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** Pigerne Mod Drengene **14.30** Monster allergi **14.55** Svampebob Firkant **15.15** Isa's Stepz **15.30** Skæg med tal **15.55** Gurli Gris **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Søren Ryge præsenterer **18.30** Testen **19.00** TV Avisen **19.25** Penge **19.50** SportNyt **20.00** Taggart **22.10** OBS **22.15** Onsdags Lotto **22.20** Boogie Mix

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Sirkusliv **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.05** VM ishockey **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Lille Prinsesse **16.10** Postmann Pat - Spesialpakkeservice **16.25** Livet på landet **16.35** Mamma Mirabelle viser musikkvideoer **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Forbrukerinspektørene **17.55** 330 skvadronen **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.40** Vikinglotto **19.45** Sporløst forsvunnet **20.30** Migrapolis **21.00** Kveldsnytt **21.15** Vår aktive hjerne **21.45** Lov og orden. New York **22.30** The Wire **23.25** Kulturnytt **23.35**

## SVT 1

**11.05** En ljusglimt i mörkret **11.35** Oraklen **12.20** Dansen går **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Hästbröderna **15.25** Tonårsliv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Uppdrag Granskning **19.00** Sommer **20.00** Entourage **20.30** The Sarah Silverman Program **20.55** Kulturnyheterna **21.10** Vem tror du att du är? **22.10** Draknästet **23.10** Sändningar från SVT24




**BESTI BITINN Í BÆNUM**



*„Það eru Eldsmiðjan og Salatbarinn. Ég fæ mér pitsu ef ég vil vera óþekkur og salat ef ég vil vera góði strákurinn.“*

Haffi Haff söngvari.

# Aldrei fleiri sköllóttir á þingi

Enginn sköllóttur datt út af þingi í kjölfar kosninga en bættist hins vegar góður liðsauki: Þráinn Bertelsson (O), Þór Saari (O) og Tryggvi Þór Herbertsson (D). Fyrir voru þeir Kristján Möller (S), Jón Bjarnason (Vg), Atli Gíslason (Vg) og Steingrímur J. Sigfússon (Vg). Þessi staðreynd leggst ákaflega vel í förðunarfræðing fræga fólksins, Karl Berndsen, sem sjálfur er sköllóttur og er með sérstakan tískuþátt á Skjáeinum. Fréttablaðið bað hann um að rýna með sér í táknmál tískunnar og Karl segir þetta fyrst og fremst tákn um karlmennsku. „Skallinn táknar hörku, staðfestu og sjálfsöryggi. Margur maðurinn vill greiða yfir og halda í eitthvað sem ekki verður bjargað. Það þarf karlmennsku til að setjast í stólinn fyrsta sinni og láta raka af restina.“

Karl segir hina sköllóttu menn ekki hafa neitt að fela. Komi til dyranna eins og þeir eru klæddir. „Það er mjög jákvætt að svona margir sköllóttir séu komnir á þing. Þeir koma til dyranna eins og þeir eru klæddir. Karlmenn Íslands eru að stíga fram og búið að skilja litlu slöngulokkadrengina eftir. Þeir sköllóttu eru ekki uppteknir af geltúpunni eins og allir þessir litlu pabbadrengir. Svo eru þessir sköllóttu miklu gáfaðri, vaxa upp úr hárinu því gáfurnar eru svo miklar.“

- jbg



**SKÖLLÓTTUM FJÖLGAR Á ÞINGI** Alþingi Íslendinga getur nú státað af sjö sköllóttum þingmönnum. Þrír bættust við í nýafstöðnum kosningum.



**KARL BERNDSEN** Fagnar því mjög að sköllóttir skuli sækja svo mjög í sig veðrið á Alþingi Íslendinga.



**LÁRÉTT** **2.** þreyta, **6.** tveir eins, **8.** neðan, **9.** hluti verkfæris, **11.** forfaðir, **12.** glæsileiki, **14.** súla, **16.** pot, **17.** belja, **18.** fát, **20.** holskrúfa, **21.** traðkaði.

**LÓÐRÉTT** **1.** skref, **3.** tvíhljóði, **4.** glænýr, **5.** kjáni, **7.** klerkur, **10.** húðsepi milli táa, **13.** afbrot, **15.** botnfall, **16.** margsinnis, **19.** eldsneyti.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** **2.** dasa, **6.** pp, **8.** upp, **9.** orf, **11.** ái, **12.** reisn, **14.** stöng, **16.** ot, **17.** kýr, **18.** fum, **20.** ró, **21.** tróð. **LÓÐRÉTT:** **1.** spor, **3.** au, **4.** spánnýr, **5.** api, **7.** prestur, **10.** fit, **13.** sök, **15.** gróm, **16.** oft, **19.** mó.

**VEISTU SVARIÐ?**

Svör við spurningum á síðu 8.

1. 295.000.
2. Anna, eftir Rúnar Rúnarsson.
3. 259.


Sýndu aðhald í rekstri með faglegri ræstingu!

Hreint RÆSTING

• Reykjavík • Akureyri • Selfossi

Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is


HALLVARÐUR ÞÓRSSON: HÉLT ÉG HEFÐI ALLAN TÍMA Í HEIMI

# Vinnur fyrstu plötu sína í kapphlaupi við dauðann

„Ég hélt ég hefði allan tíma í heimi. Allt lífið. Og hef það náttúrulega,“ segir Hallvarður Þórsson tónlistarmaður með meiru og bregður fyrir sig gráglettni.

Hallvarður Þórsson vinnur að sinni fyrstu sólóplötu í kapphlaupi við sjálfan dauðann. „Ég greindist fyrir tveimur vikum með illkynja „aggressívan“ krabba í miðjum heila. Hann er 4. stigs, eða á lokastigi. Læknarnir segja að ég eigi þrjár til sex vikur. Kannski meira. Ég er opinn fyrir kraftaverki. Horfurnar eru óvissar og þetta veltur á ýmsu. Og svo er ómögulegt að segja um guðlegt inngrip,“ segir Hallvarður sem er 46 ára.

Hallvarður flutti til Bandaríkjanna um aldamótin og hefur búið á Washington-svæðinu allar götur síðan. Í Bandaríkjunum fann hann ástina og giftist Hope Henry Thorsson árið 2002. Hann á tvö börn og tvö stjúpbörn.

„Ég fór á milli Íslands og Bandaríkjanna um tíma. Ég þurfti að flytja frá Íslandi. Mér gekk illa þar og vildi koma fjölskyldu minni og málum í horf. Skipuleggja líf mitt upp á nýtt. Koma verkefnum af stað og byrja að blómstra,“ segir Hallvarður. Hann stofnaði útgáfufyrirtækið Brave World Production Inc. og er formaður þess fyrirtækis. Undanfarin ár hefur Hallvarður að mestu starfað sem sölumaður hjá verktakafyrirtækjum í Bandaríkjunum. „Já, selt þjónustu sem tengist „home improvements“ sem er stór iðnaður hér. Vanti þig nýtt þak á húsið, sólpall, glugga, verönd, „waterproofing system“ eða eitthvað annað er náungi eins og ég sendur á svæðið til að fara yfir hvað þarf að gera, hanna og ganga frá samningi um framkvæmd verksins.“ En líf hans og yndi er tónlistin og ljóðlist.



**HALLVARÐUR OG HOPE** Hallvarður greindist með illkynja heilaæxli um páska og notar alla sína orku í að ganga frá sólóplötu sinni – kveðja til ástvina.

„Tónlistin, ljóðin og list mín er líf mitt. Ég hef alltaf gert ráð fyrir miklum tíma hér á jörðinni til að sinna því. Ég hef haft ólíkan metnað varðandi félagslega viðurkenningu en ýmsir samferðamenn mínir. En ég er með mína fyrstu plötu í smíðum núna. Ég gaf nýlega út „single“ með tveimur lögum, „The Night“ og „The Feast of Ecstasy“ auk þriggja ljóða, „The Lake“, „Rainbow, part one, RED“ og „Penthouse“. Brave World Production hefur ekki gengið frá samningum um útgáfu á þessu né öðru efni við nokkurt fyrirtæki þegar þetta er sagt,“ segir Hallvarður. Sem er eðlilega slappur og orkulaus veikindanna vegna en dregur hvergi af sér og eyðir ekki miklum tíma í svefn. Hallvarður er í kapphlaupi. En stendur ekki einn. Náinn samstarfsmaður hans í tónlist frá upphafi og meðhöfundur sumra verkanna er Einar Kr. Pálsson. Gunnlaugur Briem er trommari bandsins og Kristján Einarsson verkfræðingur var fyrsti umboðsmaður Hallvarðs og hefur verið inni í myndinni frá upphafi. „Sem skáld er við hæfi að ég yfirgefi þetta líf í það næsta og kveðji með verkum mínum. Gangi frá ljóðunum áður en þetta heilaæxli, sem greindist á páskadag 12. apríl, tekur mig frá vinum mínum og fjölskyldu. Tónlistin er tileinkuð öllum sem hafa haft áhrif á mig og snert líf mitt. „You don´t see me crying“ þegar ég geng frá þessum lögum og læt með því þá vita sem ég elska að ég er að fara í ferðalag.“

jakob@frettabladid.is

**FRÉTTIR AF FÓLKI**



Vinstri grænir sjá það sem tímabundna lausn á bágu atvinnuástandi að auka umsvif ríkisins. Í þeirri viðleitni hafa þeir nú fjölgað í stjórn ÁTVR úr þremur í fimm. Reyndar tókst þessi fjölgun fremur óhönduglega hjá **Katrínu Jakobsdóttur** og félögum því óvart var manni send bréfleg skipan í stjórnina en þar var um alnafna þess að ræða sem til stóð að settist þar. Sá skipaði þóttist vita hvað klukkan sló en að gamni sínu sendi hann bréf til Steingríms um að hann hefði gert sér glaðan dag með því að grilla með fjölskyldunni í tilefni þessa og hefði rætt við vinnuveitanda um að hann væri lausari við. Ekki var tekið tillit til þess heldur barst manninum svokallað afskipunarbréf og það talið duga.

Til stendur að halda mikið og rótgróið dansiball á Suðurnesjum um helgina. Nánar tiltekið í Officeraklúbbnum en þetta er hið svokallaða Bergásball. Bergás var sögufrægur staður á Suðurnesjum sem liðið hefur undir lok en meðal eigenda var Árni Samúelsson. Sá sem skipuleggur ballið er enginn annar en Valþór Ólafsson sem var aðalsprautan í Hollywoodballinu sem haldið var á Broadway fyrir skömmu og var þar stappfullt hús.

Leikhópnum Sokkabandinu, sem þær Arndís Hrönn Egilsdóttir og **Elma Lísa Gunnarsdóttir** stofnuðu, hefur verið boðið á einhverja stærstu leiklistarsýningu Evrópu sem haldin er í Þýskalandi – nánar tiltekið í Ruhr-héraði – í byrjun júní. Aðstandendur hátíðarinnar sáu revíu leikhússins, Hér og nú, þegar Sokkabandið flutti hana í Tampera í fyrra og var þeim Arndísi og Elmu auk leikhópsins í kjölfarið boðið til Þýskalands þangað sem þær ásamt leikhópnum stefna nú.



- jbg




FISKBÚÐIN HAFBERG Gnoðarvogi 44, s. 588 8686.

Siginn fiskur gellur og kinnfiskur línuýsa, lúðusneiðar þorskhnakkar og margt fleira.

Veljum íslenskt



opið mán-fös 10-18:15 og lau 11-14:00


# Grey´s-stjarna í íslensku boði

Eric Dane, sem leikur Dr. Mark Sloan í læknaþáttunum Grey´s Anatomy, var á meðal 250 gesta í kynningarpartíi fyrir íslenska tónlist sem var haldið í Los Angeles um síðustu helgi. Um kokkteilboð var að ræða sem fór fram á heimili Lanette Phillips, eins virtasta framleiðanda tónlistarmyndbanda í heiminum, sem sótti tónlistarráðstefnuna You Are In Control í Reykjavík í fyrra.

„Þetta gekk alveg rosalega vel. Haukur Heiðar í Diktu og Lay Low spiluðu og fengu bæði mjög góð viðbrögð,“ segir Anna Hildur Hildibrandsdóttir hjá Útón. Verkefnið nefnist Made in Iceland og er ætlað að koma íslenskri tónlist að í bandarískum kvikmyndum og sjónvarpsþáttum. „Við fengum mjög mikið af góðu fólki, bæði plötuútgefendum og kvikmyndaframleiðendum,“ segir Anna Hildur og telur að góð tengsl hafi myndast í partíinu.



**ÞRÍR GÓÐIR** Jónsi í Sigur Rós ásamt kærasta sínum Alex Somers og Sigurjóni Sighvatssyni. MYND/RICH SCHMITT

Framleiðandinn Sigurjón Sighvatsson ætlaði upphaflega að halda partíið en eftir að hann seldi húsið sitt með stuttum fyrirvara bauðst Lanette til að hlaupa í skarðið. Sigurjón mætti engu síður í boðið og með honum í för var Eric Dane. Aðrir mektarmenn sem létu sjá sig voru leikstjórinn Eagle Egilsson og tónlistarmennirnir Atli Örvarsson og Veigar Margeirsson sem eru allir búsettir í Los Angeles. Þá var Jónsi úr Sigur Rós í gestgjafahlutverki og vakti að vonum mikla athygli.

Baddi, söngvari Jeff Who?, var einnig á meðal gesta. „Þetta var alveg æðislegt. Þetta er eitt af skemmtilegri partíum sem ég hef farið í,“ segir hann. „Maður vissi ekki hvort þetta yrði eitthvað stíft en þetta var mjög afslappað. Þetta var flott partí fyrir íslenska tónlist og ekkert einhver tímaeyðsla. Það var gaman að kynnast fólkinu upp á framtíðina að gera.“

- fb



**ERIC DANE** Eric Dane úr læknaþáttunum Grey´s Anatomy var á meðal gesta. NORDICPHOTOS/GETTY

RE/MAX®
Lind



Bergur Steingrímsson
Löggiltur fasteignasali
S: 896 6751

Sigurður Samúelsson
Löggiltur fasteignasali
S: 896 2312

Þórarinn Jónsson
Löggiltur fasteignasali
S: 520 9512

Anton Máni Svansson
Sölufulltrúi
S: 615 0005

Árni Ólafur Lárusson
Sölufulltrúi
S: 893 4416

Benedikt Ólafsson
Sölufulltrúi
S: 661 7788

Bóas Ragnar Bóasson
Sölufulltrúi
S: 699 6165

Edwin Árnason
Sölufulltrúi
S: 893 2121



Garðar Ingi Steinsson
Sölufulltrúi
S: 770 4448

Guðmundur Á. Guðmundsson
Sölufulltrúi
S: 891 7107

Gunnar Valsson
Sölufulltrúi
S: 822 3702

Gylfi Gylfason
Sölufulltrúi
S: 770 4040

Hannes Steindórsson
Sölufulltrúi
S: 699 5008

Hilmar Jónasson
Sölufulltrúi
S: 695 9500

Kristján Kristjánsson
Sölufulltrúi
S: 899 5300

Páll Guðmundsson
Sölufulltrúi
S: 861 9300

Snorri Björn Sturluson
Sölufulltrúi
S: 699 4407

# Remax Lind seldi 20% af öllum seldum fasteignum í mars.

Skráðu eignina þína þar sem hún selst.

520 9500

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



vísir.is
„...ég sá það á vísi"




**BAKÞANKAR**

Jóns Sigurðar Eyjólfssonar


## Þankar á lágu plani um ESB

Mikið vildi ég að Björgvin Halldórsson væri meðal æðstu ráðamanna þjóðarinnar. Það vantar nefnilega talsvert grúv í þessa gerilsneyddu pólitísku veröld. Það vantar töffara með kjark sem þarf ekki vandræðagang um völundarhús lýðræðisins til þess að koma málum á braut beins lýðræðis.

**MARGSINNIS** heyri ég þá gagnrýni frá mönnum sem þekkja betur til málanna en meðaljóninn að umræða um eitthvert málefni sé ekki komin jafn langt og í nágrannalöndunum eða sé ekki á nægilega háu plani. Þetta er sennilega það versta sem stjórnmálamenn heyra og því bregðast þeir við með því að setja málin í farveg þaðan sem þau eiga að koma á himinháu plani.

**EVRÓPUMÁLIN** hafa oft fengið þessa einkunn. Mestu sérfræðingar landsins hafa tjáð sig um það með rökum og mótrökum en það er eins og ævarandi byrjendabragurinn losni ekki frá þessu bitbeini. Evrópunefndir hafa verið settar á laggirnar og skilað sínum álitum en ekkert „þroskast umræðan" eins og spekingarnir segja. Nú hefur verið settur á laggirnar stýrihópur og eflaust vonast stjórnmálamennirnir til að umræðan fikrist upp á ögn hærra plan.

**ÞETTA** er náttúrulega alveg ágætt að því leyti að við sem fylgjumst með fáum alltaf ögn meira af upplýsingum og getum því fóðrað afstöðu okkar ágætlega. En svo er það verstur fjári að þegar menn eru orðnir býsna vel að sér í málinu og hafa mótað vel ígrundaða afstöðu þá kemur í ljós að ekki sé hægt að taka afstöðu til málsins uns farið hefur verið í aðildarviðræður og samningurinn liggur á borðinu.

**ÞEGAR** ég verð vitni að svona hringlandahætti eða þá að leikþætti frá Ástþóri Magnússyni óska ég þess heitast að lýðræðið væri aðeins minna þrátt fyrir alla sína kosti. Mín vegna mætti líka vera minna af ferlum, sérfræðiálitum og háum plönum en þeim mun meira af áræðni, hreinskilni og brjóstviti.

**TIL** dæmis ef Björgvin væri í þessari stöðu myndi hann örugglega segja, „hey folks! Nýr stýrihópur; sama málið. What´s it gonna be? Á þjóðin að fá að sing along eða ekki? Nú, teljum þá í."

**ÞETTA** er svo sem ekki á neitt sérlega háu plani en svei mér þá ef þetta virkar ekki betur en farvegurinn margumtalaði sem málin fara iðulega í.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er miðvikudagurinn 29. apríl, 119. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 5.07 | 13.25 | 21.46 |
| Akureyri | 4.40 | 13.10 | 21.42 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


